

# HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

---

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4500/525-4553  
Fax: 525-4096  
Heimasíða: [www.ioes.hi.is](http://www.ioes.hi.is)  
Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)

## **Hagstærðir** **Verzlunarmannafélags Reykjavíkur**

Skýrsla nr.C04:09

### **Skýrsla um þróun félagafjölda, launa, atvinnuleysis og tekjudreifingar á árunum 1987–2003**


Nóvember 2004

## Formáli

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur er stærsta verkalýðsfélag landsins, með um 21 þúsund skráða félaga í árslok 2003. Í þessari skýrslu eru gögn frá félaginu notuð til að bregða ljósi á ýmis atriði í þróun þess á árunum 1987-2003. Fjallað er um fjölda félaga, laun þeirra og atvinnuleysi, greiðslur úr sjóðum félagsins og tekjudreifingu félaga í VR.

Skýrslan er unnin fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og sáu Jón Bjarki Bengtsson, dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson, sem allir eru sérfræðingar við Hagfræðistofnun, um gerð hennar.

Hagfræðistofnun í nóvember 2004

A handwritten signature in blue ink that reads "Tryggvi Þ. Herbertsson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Tryggvi Þór Herbertsson  
forstöðumaður

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b> .....	5
Fjöldi .....	5
Laun .....	6
Atvinnuleysi .....	7
Sjóðir .....	8
Tekjudreifing .....	11
1 Fjöldi .....	12
2 Laun .....	20
2.1 Samanburður við aðra .....	24
2.2 Laun og lýðfræði .....	26
3 Atvinnuleysi .....	35
3.1 Áhrif hagsveiflu .....	36
3.2 Árstíðabundnir eiginleikar .....	39
3.3 Lýðfræðilegir eiginleikar .....	41
3.4 Lengd atvinnuleysis .....	47
4 Sjóðir .....	52
4.1 Sjúkrasjóður .....	52
4.2 Starfsmenntasjóður .....	60
5 Tekjudreifing .....	64
Viðauki A: Árstíðaleiðrétting .....	76
Viðauki B: Um aðferðir til að lýsa tekjudreifingu .....	77
Lorenz-kúrfan .....	77
Gini-stuðullinn .....	78
Tíundir .....	79
Viðauki C: Tölfræðilegar athuganir .....	80
Atvinnuleysi .....	80
Tekjur .....	82
Hegðan á vinnumarkaði .....	87
6 Heimildir .....	94

## Töfluskrá

Tafla 1 Prósentuhækkunar meðallauna VR-félagsmanna 1988–2003 á föstu verðlagi. ....	6
Tafla 1.1 Fjöldi félagsmanna í VR 1987–2003. Ársmeðaltöl. ....	12
Tafla 1.2 Fjöldi VR-félaga árin 1991 og 2001 í hlutfalli við vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. ....	13
Tafla 1.3 Hlutfall fólks með laun yfir stýfingarmörkum af heildarfjölda félagsmanna í VR árin 1987 og 2003. ....	13
Tafla 2.1 Prósentuhækkunar meðallauna VR-félagsmanna 1988–2003 á föstu verðlagi. ....	22
Tafla 2.2 Breytingar heildarlauna hjá VR og ASÍ á föstu verðlagi 1988–1993. ....	25
Tafla 2.3 Prósentuhækkun heildarlauna á föstu verðlagi árin 1988–2003 eftir aldri. Stýft úrtak. ....	29
Tafla 3.1 Aðhvarfsgreining með aðferð minnstu kvaðrata. Háða breytan er atvinnuleysi hjá VR/á landinu öllu. Tímabil 1991–2003. ....	38
Tafla 3.2 Aldursskipting félaga í VR 1991 og 2002. ....	44
Tafla 5.1 Meðalmánaðartekjur fólks sem vann alla mánuði ársins 1987–2003. Hlutfall af lágmarkslaunum í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. ....	66
Tafla 5.2 Gini-stuðlar fyrir VR-félagsmenn sem unnu alla mánuði hvers árs 1987–2003. ....	69
Tafla 5.3 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Bæði kyn. ....	71
Tafla 5.4 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Karlar. ....	72
Tafla 5.5 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Konur. ....	72
Tafla 5.6 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Bæði kyn. ....	73
Tafla 5.7 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Karlar. ....	73
Tafla 5.8 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Konur. ....	73
Tafla 5.9 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987-2003. Bæði kyn. ....	74
Tafla 5.10 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987-2003. Karlar. ....	75
Tafla 5.11 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–2003. Konur. ....	75
Tafla C.1 Aðhvarfsgreining með aðferð minnstu kvaðrata. ....	80
Tafla C.2 Niðurstöður á mati á tekjufalli. Háð breyta er hlutfall tekna og lágmarkslauna afgreiðslufólks. ....	86
Tafla C.3 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem fær vinnu. ....	90
Tafla C.4 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem lætur af störfum. ....	91
Tafla C.5 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem missir vinnuna. ....	92
Tafla C.6 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem skiptir um starf. ....	93

## Myndaskrá

Mynd 1.1 Fjöldi félagsmanna í VR 1987–2003 skipt eftir kyni.....	14
Mynd 1.2 Fjöldi félagsmanna VR eftir mánuðum. Meðalfrávik frá 12 mánaða hlaupandi meðaltali.....	15
Mynd 1.3 Aldurssamsetning félagsmanna í VR 1987–2003. Stýft úrtak.....	16
Mynd 1.4 Aldursróf fjölda VR-félaga 1987 og 2003.....	17
Mynd 1.5 Fjöldapróun VR-félaga eftir hjúskaparstöðu 1987–2003. Stýft úrtak.....	17
Mynd 1.6 Fjöldi félaga í VR, skipt eftir atvinnugrein 1987–2003. Stýft úrtak.....	19
Mynd 2.1 Laun VR-félaga 1987–2003 á föstu verðlagi. Stýft úrtak.....	20
Mynd 2.2 Árstíðasveifla í launum VR-félaga. Stýft úrtak.....	21
Mynd 2.3 Desemberlaun sem frávik frá 12 mánaða hlaupandi meðaltali 1988–2002.....	22
Mynd 2.4 Hlutfallsbreytingar á meðaltali raunlauna VR-félaga frá ári til árs 1988–2003.....	23
Mynd 2.5 Hlutfallsbreytingar á launum VR-félaga í stýfðu úrtaki á föstu verðlagi og hagvöxtur 1988–2003.....	23
Mynd 2.6 Þróun heildarlauna hjá VR og ASÍ 1987–2003 á föstu verðlagi.....	24
Mynd 2.7 Samanburður á heildarlaunum VR-félaga í stýfðu úrtaki og meðalatvinnutekjum Íslendinga 1987–2003.....	26
Mynd 2.8 Laun kvenna sem hlutfall af launum karla innan VR 1987–2003. Ársmeðaltöl.....	26
Mynd 2.9 Árstíðaleiðréttar laun kvenna innan VR eftir aldri á föstu verðlagi 1988–2003 .Stýft úrtak.....	27
Mynd 2.10 Samband hagvaxtar og hlutfalls meðaltekna 41–55 ára kvenna af meðallaunum 26–40 ára kvenna.....	28
Mynd 2.11 Árstíðaleiðrétt laun karla innan VR eftir aldri á föstu verðlagi 1988–2003. Stýft úrtak.....	29
Mynd 2.12 Aldursróf launa hjá körlum og konum í VR árin 1987, 1995 og 2003. Stýft úrtak.....	30
Mynd 2.13 Árstíðaleiðrétt laun VR-félaga á föstu verðlagi eftir kyni og hjúskaparstöðu 1988–2003. Stýft úrtak.....	31
Mynd 2.14 Laun VR-félaga á föstu verðlagi eftir atvinnugrein 1988–2003. Stýft úrtak. 12 mánaða hlaupandi meðaltal.....	33
Mynd 2.15 Árstíðasveifla í launum eftir atvinnugrein. Stýft úrtak.....	33
Mynd 3.1 Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi karla í VR og á höfuðborgarsvæðinu 1991–2002.....	35
Mynd 3.2 Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi kvenna í VR og á höfuðborgarsvæðinu 1991–2002.....	36
Mynd 3.3 Samband Okuns í gögnum fyrir VR og landið allt 1991–2003.....	37
Mynd 3.4 Tíðniróf breytinga á atvinnuleysi hjá körlum í VR og á landinu öllu 1990–2003.....	40
Mynd 3.5 Árstíðasveifla atvinnuleysis hjá körlum og konum í VR og á höfuðborgarsvæði.....	41
Mynd 3.6 Atvinnuleysi karla í VR 1991–2002.....	42
Mynd 3.7 Atvinnuleysi karla í VR, skipt eftir aldri 1991–2002.....	42
Mynd 3.8 Atvinnuleysi kvenna í VR, skipt eftir aldri 1991–2002.....	43
Mynd 3.9 Árstíðasveifla í atvinnuleysi karla og kvenna í VR, skipt eftir aldri.....	45
Mynd 3.10 Atvinnuleysi karla í VR eftir hjúskaparstöðu 1991–2002.....	46

Mynd 3.11 Atvinnuleysi kvenna í VR eftir hjúskaparstöðu 1991–2002. ....	46
Mynd 3.12 Meðallengd atvinnuleysis karla og kvenna í VR 1991–2003. 3 ára hlaupandi meðaltal. ....	49
Mynd 3.13 Meðallengd atvinnuleysis karla og kvenna í VR 1991–2003 eftir aldri. 3 ára hlaupandi meðaltal. ....	50
Mynd 4.1 Mánaðarlegar greiðslur úr sjúkrasjóði VR 1987–2003 á föstu verðlagi. ....	53
Mynd 4.2 Greiðslur dagpeninga og styrkja úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003. ....	53
Mynd 4.3 Greiðslur örorkubóta og dánarbóta úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003. ....	54
Mynd 4.4 Samband atvinnuleysisstigs og fjölda örorkubótaþega 1990–2003. ....	55
Mynd 4.5 Hlutfall þeirra sem þáðu dagpeninga úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri. ....	56
Mynd 4.6 Hlutfall þeirra sem þáðu styrki úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri. ....	57
Mynd 4.7 Skipting bótagreiðslna úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 eftir aldri. ....	57
Mynd 4.8 Hlutfall styrkþega úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir atvinnugreinum. ....	58
Mynd 4.9 Hlutfall þeirra sem þáðu dagpeninga og styrki úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir kyni og hjúskaparstöðu. ....	59
Mynd 4.10 Skipting fjölda bótagreiðslna úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 eftir hjúskaparstöðu. ....	60
Mynd 4.11 Greiðslur úr starfsmenntasjóðum 1989–2003 á föstu verðlagi. ....	61
Mynd 4.12 Greiðslur úr starfsmenntasjóðum VR 1989–2003 á föstu verðlagi. ....	62
Mynd 4.13 Hlutfall þeirra sem þáðu starfsmenntastyrki 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri. ....	63
Mynd 4.14 Meðalfjöldi þeirra sem þáðu starfsmenntastyrk í hverjum mánuði 1989–2003 sem hlutfall af heildarfjölda skipt eftir atvinnugrein. ....	63
Mynd 4.15 Meðalfjöldi þeirra sem þáðu starfsmenntastyrk í hverjum mánuði 1989–2003 sem hlutfall af heildarfjölda skipt eftir kyni og hjúskaparstöðu. ....	64
Mynd 5.1 Tekjudreifing allra þeirra félagsmanna í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðrétta ásnum. ....	67
Mynd 5.2 Tekjudreifing karla í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðrétta ásnum. ....	68
Mynd 5.3 Tekjudreifing kvenna í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðrétta ásnum. ....	68
Mynd B.1 Lorenz-kúrfa. ....	78

## Samantekt

### *Fjöldi*

Félagsmönnum VR hefur fjölgað mun hraðar undanfarin ár en að jafnaði gengur og gerist innan ASÍ. Til að mynda fjölgaði VR-félögum í heild á árunum 1991–2003 um 84% ef miðað er við desembermánuð, en fjölgunin innan ASÍ í heild var 36,5% á sama tímabili. Konur voru mun fjölmennari innan VR en karlar allt tímabilið en þó hefur hlutfall karla af félögum í VR heldur hækkað með tímanum. Árið 1987 voru þannig að meðaltali rúm 34% félagsmanna karlar en konur tæp 66%. Hlutfall karla hafði svo hækkað í 38,5% af VR-félögum árið 2003, en það ár voru 61,5% félagsmanna konur.

Flestir greiða að jafnaði félagsgjöld til VR á sumrin og í desember. Meiri sveiflur eru milli mánaða í fjölda VR-félaga ef beitt er stýfingu, sem sýar frá þá sem höfðu heildarlaun undir lágmarkslaunum verslunarfólks fyrir fulla vinnu á hverjum tíma, en þegar allir félagsmenn eru lagðir til grundvallar. Hugsanlega kemur það til af því að hluti þeirra sem falla undir stýfingarmörk stóran hluta ársins er skólafólk og aðrir sem vinna hlutastörf alla jafna en koma af fullum krafti inn á vinnumarkaðinn á sumrin og í desember. Sú staðreynd að hlutfall fólks á aldrinum 16–25 ára undir stýfingarmörkum er hærra en hinna eldri styður þetta. Raunar hefur þetta hlutfall farið hækkanandi með tímanum sem bendir til þess að æ stærri hluti yngstu félagsmanna VR sé í hlutastörfum. Sé hins vegar litið til hins stýfða úrtaks hefur sú breyting orðið meðal kvenna að hlutfall hinna yngstu hefur lækkað með tímanum, en litlar breytingar hafa orðið á aldursamsetningu VR-karla í stýfðu úrtaki á tímabilinu.

VR-félögum í staðfestri sambúð hefur fækkað hlutfallslega á árunum 1987–2003 og hefur sú þróun verið enn örari meðal karla en kvenna. Þessi þróun virðist hafa verið mun örari innan VR en á vinnumarkaðinum í heild.

Þeim félagsmönnum VR sem starfa við smásöluverslun hefur fjölgað örar en öðrum VR-félögum. Að öðru leyti er ördugt að ráða í þróun á hlutfallslegum fjölda VR-félaga innan hinna ýmsu atvinnugreina vegna þess að upplýsingar eru ekki nógu nákvæmar.

## Laun

Heildarhækkun meðaltekna á föstu verðlagi árin 1988–2003 var 56,7% ef allir félagsmenn eru teknir með í reikninginn, en 60,1% þegar stýft úrtak er lagt til grundvallar.

**Tafla 1 Prósentuhækkunar meðallauna VR-félagsmanna 1988–2003 á föstu verðlagi.**

	Allir	Stýft úrtak
<b>Karlar</b>	47,9%	58,4%
<b>Konur</b>	59,4%	60,7%
<b>Allir</b>	56,7%	60,1%

Erfitt er að gera beinan samanburð á breytingum heildarlauna hjá VR-félögum og öðrum launþegum á íslenskum vinnumarkaði. Þó bendir margt til þess að félagsmenn VR hafi að jafnaði notið meiri hækkunar á heildarlaunum á tímabilinu 1987–2003 en gengur og gerist. Einnig er athyglisvert að VR-fólk virðist ekki hafa lækkað í launum á föstu verðlagi á fyrri hluta tíunda áratugar, sem voru samdráttarár, öfugt við ýmsa aðra á íslenskum vinnumarkaði.

Munur á heildarlaunum karla og kvenna fór vaxandi á fyrri hluta tímabilsins en hefur minnkað hægt og bítandi síðan um miðbik tíunda áratugar. Launamunur milli kynja var heldur minni við lok tímabilsins en í upphafi þess ef tekið er mið af öllum félagsmönnum VR, en hið gagnstæða var uppi á teningnum ef stýft úrtak er lagt til grundvallar.

VR-fólk á aldrinum 26–55 ára hefur jafnan haft hærri meðallaun en elstu og yngstu félagsmennirnir, hvort sem um karla eða konur er að ræða. Aftur á móti virðist hlutfall meðallauna 26–40 ára fólks annars vegar og fólks á aldrinum 41–55 ára hins vegar fylgja hagsveiflunni, hvort sem um karla eða konur er að ræða. Hjá konum er fylgnin þarna á milli tölfræðilega marktæk en ekki hjá körlum. Meðal VR-kvenna náði elsti hópurinn, konur á aldrinum 56–70 ára, að síga fram úr þeim yngstu hvað meðallaun varðar á tíunda áratug 20. aldar. Ekki urðu breytingar á innbyrðis afstöðu elstu og yngstu karlanna hvað meðallaun varðar, heldur höfðu elstu karlarnir allt tímabilið hærri tekjur að meðaltali en þeir yngstu. Þegar aldursróf tekna í stýfðu úrtaki VR-fólks er dregið upp kemur í ljós að hlutfallsleg laun þeirra VR-félaga sem eru 25 ára og yngri lækkuðu á tímabilinu miðað við meðallaun. Heildarútlit launarófsferlanna er hins vegar áþekkt; laun hækka nokkuð ört milli aldursára hjá ungu fólki, síðan dregur



jafnt og þétt úr hækkuninni og þegar komið er yfir miðjan aldur fara meðallaun jafnt og þétt lækkandi með hækkandi aldri.

Afgerandi munur er á heildarlaunum karla innan VR eftir hjúskaparstöðu þeirra en slíkan munur er ekki að finna meðal VR-kvenna. Kann hér að vera á ferð fyrirbæri sem þekkt er úr erlendum hagtölum og kalla mætti giftingarálag. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram á þessu fyrirbæri og skiptar skoðanir eru um ástæður þess og orsakasamhengið sem að baki liggur.

Laun þeirra VR-félaga sem starfa við fjármál og sérhæfða þjónustu hækkðu mun meira en laun annarra félagsmanna á árunum 1988–2003, eða um tæplega 120% á föstu verðlagi. Þessi flokkur hafði raunar lægri meðallaun en aðrir innan VR árið 1988, en var árið 2003 að jafnaði orðinn mun tekjuhærri en aðrir félagsmenn í VR. VR-fólk sem starfaði við samgöngur og ferðaþjónustu hækkaði næstmest í launum á tímabilinu, eða um 71,5%. Innan annarra flokka atvinnugreina var hækkunin milli ára 1988 og 2003 á bilinu 50–56%.

### *Atvinnuleysi*

Atvinnuleysi meðal VR-félaga er töluvert næmara fyrir árferði í efnahagslífinu en gengur og gerist á íslenskum vinnumarkaði í heild. Meiri heldni er einnig í atvinnuleysi hjá VR-fólki en öðrum hópum á íslenskum vinnumarkaði og virðast þau áhrif einkum vera bundin við konur. Árstíðasveiflur eru nokkru minni meðal félagsmanna í VR en annarra Íslendinga á vinnumarkaði og fara þær minnkandi eftir því sem aldur hækkar. Meðal kvenna í VR er atvinnuleysi mun meira en gengur og gerist hjá körlunum eða kynsystrum þeirra á íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnuleysi meðal beggja kynja í VR eykst með aldri, utan hvað konur á barneignaraldri búa við mun herra atvinnuleysishlutfall en konur á miðjum aldri. Ástæðan kann að vera sú að vinnuveitendur telja þær síðri starfskraft vegna þeirra fjarvista sem fylgja barneignum og barnauppleði um lengri eða skemmri tíma. Hins vegar búa þeir karlar sem ekki hafa fyrir fjölskyldu að sjá við herra atvinnuleysisstig en hinir sem eru í vígðri eða óvígðri sambúð. Þessar niðurstöður eru í samræmi við hefðbundnar hugmyndir um stöðu kynjanna; talið er að konan eigi í önnur hús að venda ef hún missir vinnu, en karlinn þurfi hins vegar nauðsynlega á starfi að halda til að sjá fyrir sér og sínum.

Meðallengd atvinnuleysis meðal beggja kynja jókst jafnt og þétt mestallan síðasta áratug en minnkaði síðan hratt og er nú svipuð og raunin var í upphafi greiningartímans. Lenging atvinnuleysistíma hefur orðið langtum mest hjá elstu félagsmönnum VR og má af því ráða að það háa atvinnuleysisstig sem fram kom hjá þessum aldurshópi við greiningu gagna stafar fyrst og fremst af hlutfallslega fáum einstaklingum sem hver um sig er atvinnulaus í tiltölulega langan tíma. Langtímaatvinnuleysi virðist þannig helst hafa skotið rötum í þessum aldurshópi. Atvinnuleysi innan VR er mest í þremur hópum en ástæður þess innan hvers hóps eru nokkuð ólíkar.

Ungt fólk innan félagsins verður hlutfallslega oft atvinnulaust og yfirleitt í fremur stuttan tíma í einu. Atvinnuleysi innan þessa hóps er í megindráttum annars vegar leitaratvinnuleysi, sem stafar af viðleitni fólks á þessum aldri til að feta sig upp metorðastigann á vinnumarkaði og leita eftir frama í starfi með því að færa sig milli starfa, og hins vegar árstíðabundið atvinnuleysi. Þannig má ætla að atvinnuleysi þessa hóps sé blanda af þvinguðu og sjálfvöldu atvinnuleysi.

Konur á barneignaraldri búa við herra atvinnuleysishlutfall en konur á aldrinum 16–25 ára eða 41–55 ára. Ef til vill ráða stofnanalegir þættir hér nokkru um, sér í lagi samspil bótakerfis, lágra launa og hárra dagvistargjalda hjá konum með litla menntun. Einnig gætu hugmyndir vinnuveitenda um að konur á barneignaraldri séu ótryggari starfskraftur en aðrar konur haft sitt að segja.

Konur og karlar yfir fimmtugu standa frammi fyrir herra hlutfalli atvinnuleysis en þeir félagsmenn VR sem yngri eru og að stórum hluta er þar um langtímaatvinnuleysi að ræða. Því má álykta að atvinnuleysi hjá þessum aldurshópi sé að meginstofni annaðhvort aðlögunaratvinnuleysi, sem ræðst af því að eiginleikar þessa fólks nýtast síður á vinnumarkaði en eiginleikar þeirra sem yngri eru, eða mismununaratvinnuleysi, sem ræðst af því að vinnuveitendur telja fólk á fimmtugsaldri eða eldra síður koma til greina en þá sem yngri eru þegar ráðið er í störf, jafnvel þótt sú ályktun sé ekki á rökum reist.

### *Sjóðir*

Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR skiptast í grófum dráttum í fjóra flokka: dagpeningagreiðslur, styrki, örorkubætur og dánarbætur. Langstærsti hluti greiðslna

úr Sjúkrasjóði VR eru dagpeningar, en dagpeningagreiðslur námu 243 m. kr. árið 2003 sem voru um það bil tveir þriðju hlutar af heildargreiðslum úr sjóðnum það ár. Tæpur fjórðungur af greiðslum úr sjóðnum árið 2003 var í formi styrkja, 9% greiðslna voru vegna dánarbóta og um það bil 1% vegna örorkubóta. Dagpeningagreiðslur hækkuðu mun meira en laun félagsmanna að jafnaði á tímabilinu, eða um 150% á föstu verðlagi milli árána 1987 og 2003, og átti sú hækkun sér alfarið stað á seinni hluta þessa tímabils.

Marktæk jákvæð fylgni er milli fjölda örorkubótaþega og atvinnuleysisstigs meðal félagsmanna í VR.

Karlar fengu hlutfallslega sjaldnar dagpeningagreiðslur og styrki en konur árið 2003, en hins vegar voru greiðslur til karla að jafnaði hærri en greiðslur til kvenna. Því hefur hlutur kynjanna í heildargreiðslum úr Sjúkrasjóði VR árin 1987–2003 verið í samræmi við fjöldahlutfall þeirra innan félagsins og tiltölulega lítið breyst á tímabilinu. Munurinn á meðalupphæð dagpeningagreiðslu skýrist væntanlega að miklu leyti af launamun milli kynja, en erfiðara er að ráða í hvað veldur mun á meðalupphæð styrkja eftir kyni.

Skipting á greiðslum bóta milli kynja er ólík eftir því hvort um er að ræða örorkubætur eða dánarbætur. Hinar fyrrnefndu skiptast milli kynjanna á svipaðan hátt og dagpeningar og styrkir hvað fjölda varðar. Hins vegar var meirihluti dánarbótageiðslna á tímabilinu vegna karla þótt þeir hafi verið mun færri en konur innan VR.

Þegar hlutfall þeirra sem þáðu styrk úr Sjúkrasjóði VR af heildarfjölda er greint eftir aldri kemur á daginn að um svipað hlutfall styrkþega er að ræða meðal allra aldurshópa, nema hvað þeir yngstu skera sig úr. Hlutfall þeirra hækkaði þannig mun minna á tímabilinu en raunin var hjá þeim sem eldri eru og fyrir bragðið voru yngstu VR-félagarnir miklum mun ólíklegri til þess að fá styrki úr sjúkrasjóði árið 2003 en þeir sem eldri voru.

Greining á þeim sem þáðu greiðslur úr Sjúkrasjóði VR eftir hjúskaparstöðu gefur ólíka niðurstöðu, eftir því hvort um dagpeninga eða styrki er að ræða. Þannig var tiltölulega lítill munur allt tímabilið á hlutfallslegum fjölda þeirra sem voru í sambúð og þeirra sem voru ekki í sambúð þegar dagpeningagreiðslur voru annars vegar. Hins vegar fengu konur og karlar sem skráð voru í sambúð í gagnagrunni VR hlutfallslega mun oftar styrki úr sjúkrasjóði en hinir sem ekki voru í sambúð og hefur þessi munur aukist með tímanum.

Ef tekinn er saman heildarfjöldi greiðslna á örorku- og dánarbótum úr Sjúkrasjóði VR á tímabilinu 1987–2003 og greiðslunum skipt niður eftir hjúskaparstöðu viðkomandi VR-félaga kemur á daginn að mun oftár eru bætur greiddar vegna fólks í sambúð en hlutfallslegur fjöldi þeirra gefur tilefni til, að undanskildum dánarbótum vegna kvenna þar sem hlutfallslega hallar á sambúðarkonur.

VR sér einnig um rekstur tveggja starfsmenntasjóða sem ætlað er að styðja við menntun og þjálfun félagsmanna. Þrenns konar styrkir eru greiddir úr þessum sjóðum: starfsmenntastyrkir, tómstundastyrkir og ferðastyrkir. Yfirgnæfandi meirihluti heildargreiðslna úr starfsmenntasjóðum á tímabilinu var í formi starfsmenntastyrkja og ferðastyrkja tengdum þeim, um það bil 92% árið 2003, en 8% af heildargreiðslum úr sjóðunum það ár voru vegna tómstundastyrkja.

Hlutfall þeirra sem þáðu starfsmenntastyrk af heildarfjölda var um það bil tvöfalt hærra meðal kvenna í öllum aldurshópum yfir allt tímabilið en raunin var meðal karla. Þó hafa yngstu VR-karlarnir sótt nokkuð í sig veðrið gagnvart konum á líkum aldri hin síðustu ár hvað starfsmenntastyrki varðar, enda hafa yngstu konurnar innan VR dregist nokkuð aftur úr þeim eldri ef litið er til hlutfalls styrkþega af heildarfjölda á hverju aldursbili.

Nokkur munur er á hlutfallslegri tíðni í greiðslum starfsmenntastyrks til VR-fólks eftir atvinnugreinum. Lægst er hún meðal þeirra félagsmanna sem starfa við samgöngur og ferðaþjónustu eða í smásöluverslun. VR-félagar sem starfa við heilidsölu og bílasölu eða í framleiðslu eru nokkuð ötulli við endurmenntun ef marka má styrkjagreiðslur til þeirra. Þeir félagsmenn sem fást við fjármál og sérhæfða þjónustu eru þó enn líklegri til þess að fá starfsmenntastyrki og voru greiðslur til þeirra lengst af tímabilinu hér um bil tvöfalt tíðari hlutfallslega en raunin var með fólk í samgöngum, ferðaþjónustu og smásöluverslun.

Milli kynjanna hefur hjúskaparstaða ólík áhrif á hlutfallslega tíðni styrkþega meðal VR-meðlima. Lítil munur virðist vera á körlum í sambúð og öðrum körlum hvað varðar tíðni greiðslna starfsmenntastyrks, en hjá konum kemur í ljós afgerandi munur á þann veg að konur í sambúð voru mun líklegri til þess að þiggja starfsmenntastyrk en þær sem ekki voru í sambúð.

### *Tekjudreifing*

Árið 1987 voru meðalmánaðartekjur þeirra félaga í VR sem unnu alla mánuði ársins 1,6 sinnum lágmarkslaun þess tíma. Tekjur karla voru þá að jafnaði tvöföld lágmarkslaun en tekjur kvenna 1,4 sinnum lágmarkslaun. Árið 2003 voru meðallaun á mánuði að jafnaði 2,2 sinnum hærri en lágmarkslaun. Laun karla voru þá 2,7 sinnum hærri en lágmarkslaun og laun kvenna nálega tvisvar sinnum hærri.

Tekjur þeirra sem hæst hafa launin hafa hækkað miðað við lágmarkslaun. Árið 1987 höfðu þeir hæstlaunuðu um fimmfalda lágmarkstaxta í mánaðarlaun, en árið 2003 höfðu þeir um áttföld lágmarkslaun í tekjur. Tekjudreifing karla og kvenna var áþekk árið 1987, en árið 2003 var tekjudreifing kvenna jafnari. Launabilið var meira hjá körlum.

Ójöfnuður innan VR fór nokkuð vaxandi á árunum 1987-1993 en hefur síðan haldist lítt breyttur. Jöfnuður hefur ekki farið vaxandi hin síðustu ár þótt alla jafna megi gera ráð fyrir að ójöfnuður minnki þegar vel árar. Ójöfnuður innan VR virðist þó vera minni en í samfélaginu í heild.

Efnahagslegur hreyfanleiki virðist einnig vera meiri hjá VR félögum en hjá öðrum launþegum. Í haustskýrslu Hagfræðistofnunar árið 2001 kom fram að um helmingur allra launþega sem var með hæstar tekjur árið 1988 var enn í þeim hópi árið 2000. Þetta hlutfall var 32% hjá VR á árunum 1987-2003. Ríflega 23% þeirra tekjulægstu reyndust í úttekt Hagfræðistofnunar hafa staðið í stað, en hlutfallið var 29% hjá VR. Hreyfanleiki þeirra sem hvorki voru með hæstu né lögstu tekjurnar var einnig meiri hjá VR-félagsmönnum en öðrum. Hér ber þó að hafa í huga að tímabilið sem rannsókn Hagfræðistofnunar náði til var fjórum árum styttra og því eðlilegt að fleiri færist hlutfallslega til í tekjudreifingunni í þeirri rannsókn en hjá VR. Þrátt fyrir það virðist sem fullyrða megi að efnahagslegur hreyfanleiki á síðustu árum 20. aldar hafi mælst meiri hjá VR félögum en launþegum í heild.

# 1 Fjöldi

VR er fjölmennasta verkalýðsfélag landsins og hefur félagatalan nálega tvöfaldast á þeim 17 árum sem hér eru til skoðunar, eins og sjá má í töflu 1.1. Einkum var fjölgunin mikil á síðari hluta tíunda áratugar nýliðinnar aldar, en fjöldi VR-félaga hefur aftur á móti nánast staðið í stað frá aldamótum. Félagsmönnum VR hefur fjölgað mun hraðar undanfarin ár en að jafnaði gengur og gerist innan ASÍ. Til að mynda fjölgaði VR-félögum í heild á árunum 1991–2003 um 84% ef miðað er við desembermánuð, VR-konum fjölgaði um 74% á þessu tímabili en fjöldi karla tvöfaldaðist. Sambærilegar tölur fyrir ASÍ í heild voru 36,5% fyrir alla félagsmenn, 31% fyrir karla og 43% fyrir konur. Konur voru mun fjölmennari innan VR en karlar allt tímabilið en þó hefur hlutfall karla af félögum í VR heldur hækkað með tímanum. Árið 1987 voru þannig að meðaltali rúm 34% félagsmanna í VR karlar en konur voru tæp 66% félagsmanna. Hlutfall karla hafði svo hækkað í 38,5% árið 2003, en það ár voru 61,5% félagsmanna konur.

Tafla 1.1 Fjöldi félagsmanna í VR 1987–2003. Ársmeðaltöl.<sup>1</sup>

Ár	Karlar	Konur	Alls	Ár	Karlar	Konur	Alls
1987	3.586	6.812	10.408	1996	5.093	9.098	14.192
1988	3.667	7.083	10.762	1997	5.459	9.610	15.072
1989	3.540	7.011	10.557	1998	6.037	10.445	16.485
1990	3.746	7.088	10.840	1999	6.616	11.353	17.977
1991	3.886	7.131	11.020	2000	7.276	12.209	19.494
1992	4.289	7.816	12.107	2001	7.597	12.801	20.408
1993	4.357	7.963	12.320	2002	7.745	13.010	20.760
1994	4.485	8.118	12.603	2003	8.052	12.984	21.045
1995	4.674	8.490	13.165				

VR hefur nokkra sérstöðu á íslenskum vinnumarkaði vegna stærðar sinnar. Árið 2002 voru tæp 13% vinnuafls á Íslandi félagsmenn í VR og fimmtungur vinnuafls á höfuðborgarsvæðinu greiddi gjöld til félagsins. Ávallt verður því að hafa í huga, þegar staðtölur um félagsmenn VR eru bornar saman við sambærilegar tölur um vinnumarkað á höfuðborgarsvæðinu eða landinu í heild, að VR-félagar vega nokkuð þungt í slíkum samanburðartölum.

<sup>1</sup> Í heildartölu eru einnig taldir með þeir félagsmenn sem láðst hafði að skrá eftir kyni.

**Tafla 1.2 Fjöldi VR-félaga árin 1991 og 2001 í hlutfalli við vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu.**

Ár	VR			Höfuðborgar- svæðið	Landið allt	Hlutfall VR af höfuðb.	Hlutfall VR af landinu
	Karlar	Konur	Samtals				
1991	3.886	7.131	11.017	80.200	140.500	13,7%	7,8%
2002	7.683	12.896	20.579	100.300	162.000	20,5%	12,7%

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Hafa ber í huga að gögnin sem þessi skýrsla byggist á ná yfir alla greiðendur félagsgjalda til VR, en ætla má að umtalsvert hlutfall þeirra sé í hlutastarfi. Til að leitast við að laga gögnin að þeim hópi sem kalla má kjarna félagsmanna, þ.e. þá sem eru í fullu starfi á vinnumarkaði, voru felldir burt þeir sem höfðu lægri laun en sem nam byrjunarlaunum afgreiðslufólks innan VR fyrir fullt starf á hverjum tíma. Þrátt fyrir þessa stýfingu má ljóst vera að nokkur hluti þeirra einstaklinga sem lenda í kjarnahópnum vinnur hluta úr degi. Skýringin er sú að þau laun sem þessir einstaklingar þiggja fyrir hlutastarfið eru hærri en lágmarkstaxtar VR. Framhjá þessum galla í gögnunum verður þó ekki komist

**Tafla 1.3 Hlutfall fólks með laun yfir stýfingarmörkum af heildarfjölda félagsmanna í VR árin 1987 og 2003.**


	Karlar	Konur	Allir
1987	88,4%	64,5%	72,7%
2003	79,8%	70,2%	73,8%

Í ljós kom að hlutfall þeirra sem höfðu laun yfir þessum mörkum hafði hækkað úr tæplega 73% greiðenda árið 1987 í tæp 74% árið 2003. Munur var á þróuninni meðal karla og kvenna á þann veg að hlutfall kvenna með laun yfir mánaðarlaunum samkvæmt lágmarkstaxta jókst úr tæpum 65% í rúm 70% á tímabilinu, en hlutfall karla yfir þessum viðmiðunarmörkum lækkaði úr rúmum 88% árið 1987 í tæplega 80% árið 2003. Til samanburðar má nefna að í launakönnun sem Félagsvísindastofnun vann fyrir VR haustið 2003 kom fram að tæp 9% þeirra sem svöruðu höfðu starfshlutfall innan við 70%, rúmlega 9% höfðu starfshlutfall á bilinu 70–90% og rúmlega 80% voru í fullu starfi.<sup>2</sup> Taka ber tillit til þess að launakönnunin var aðeins gerð meðal þeirra sem greitt höfðu félagsgjöld til VR af hærri launum en

<sup>2</sup> Félagsvísindastofnun (2003), 44.

sem nam 65.000 krónum fyrir október 2002, en sú upphæð samsvaraði tæplega 80% af lágmarkslaunum í verslun á þeim tíma. Því hafði nokkur stýfing þegar átt sér stað meðal þeirra sem lægst höfðu launin, og sé tekið tillit til þess virðist allgott samræmi vera milli niðurstaðna launakönnunarinnar og þeirrar nálgunar sem hér er beitt til þess að sía frá fólk í hlutastörfum. Á mynd 1.1 má sjá þróun hvað varðar fjölda félagsmanna í VR eftir kyni með og án þeirrar stýfingar sem að ofan er lýst.


**Mynd 1.1 Fjöldi félagsmanna í VR 1987–2003 skipt eftir kyni.**



Fjöldi félagsmanna í VR sveiflast nokkuð frá einum mánuði til annars og því er forvitnilegt að kanna hvort þær sveiflur eru reglulegar á ársgrundvelli. Ef tekið er jafnað tólf mánaða hlaupandi meðaltal, þar sem gildi hvers mánaðar er í raun meðaltal þess mánaðar og næstu mánaða á undan og eftir, frávik hvers mánaðar frá slíku meðaltali reiknað og miðgildi frávikanna á tímabilinu fundið fyrir hvern mánuð ársins fyrir sig fást ferlar á borð við þá sem sjá má á mynd 1.2.



**Mynd 1.2 Fjöldi félagsmanna VR eftir mánuðum. Meðalfrávik frá 12 mánaða hlaupandi meðaltali.**




Eins og búast mátti við er fjöldi félagsmanna hlutfallslega mestur yfir sumartímann þegar bæði VR-félagar sem eru í sumarfrí og eins þeir sumarstarfsmenn sem leysa þá af greiða félagsgjöld. Einnig greiða margir félagsgjöld til VR í desember sem væntanlega má skýra með auknum umsvifum í verslun fyrir jólin. Aftur á móti veður það athygli að sveiflur milli mánaða virðast vera meiri þegar stýft úrtak er lagt til grundvallar en þegar allir greiðendur félagsgjalda eru skoðaðir. Hugsanlega kemur það til af því að hluti þeirra sem falla undir stýfingarmörk stóran hluta ársins er skólafólk og aðrir sem alla jafna vinna hlutastörf en koma af fullum krafti inn á vinnumarkaðinn á sumrin og í desember. Því telst þetta fólk allt árið til félaga í VR en telst aðeins til hins stýfða úrtaks þegar það er í fullu starfi.

Sé lítið til aldurskiptingar VR-félaga í hinu stýfða úrtaki kemur í ljós að konur og karlar á aldrinum 26–40 ára eru fjölmennur hópur innan félagsins og hefur hlutfall fólks á þeim aldri af heildarfjölda breyst tiltölulega lítið á tímabilinu. Þannig voru um það bil 40% kvenna innan VR á þessu aldursbili árið 1987, en hlutfallið hafði hækkað í 42% árið 2003. Hlutfall karla á aldrinum 26–40 ára af heildarfjölda karlkyns VR-félaga stóð nánast í stað frá árinu 1987 til ársins 2003, var allan tímann rúmlega 45%. Fólki á aldrinum 41–55 ára hefur aftur á móti fjölgað nokkuð sem hlutfalli af heildarfjölda á því tímabili sem hér um ræðir, sér í lagi konum eins og sjá má á mynd 1.3. Hins vegar var ungt fólk á aldrinum 16–25 ára mun lægra hlutfall félagsmanna VR árið 2003 en verið hafði árið 1987. Konur á þessu aldursbili voru þannig 32% félagsmanna árið 1987, en sautján árum seinna var hlutfallið komið niður í 18%. Breytingin var mun minni hjá körlum, úr tæpum 25% árið 1987 í 21% árið 2003. Athyglisvert er að hlutfall yngsta hópsins virðist haldast í hendur við gang

hagsveiflunnar. Þannig lækkaði þetta hlutfall jafnt og þétt á fyrri hluta tíunda áratugar nýliðinnar aldar, þegar samdráttur var í íslensku efnahagslífi, en hækkaði svo á ný samfara betra árferði í þjóðarbúinu þegar nær dró aldamótum, eins og sjá má á mynd 1.3. Þegar hægja tók á hjólum efnahagslífsins upp úr aldamótunum lækkaði síðan hlutfall yngstu VR-félaganna enn á ný. Raunar má sjá svipaða leitni hjá ungu fólki í gögnum fyrir vinnumarkaðinn í heild, en þó er hún töluvert sterkari innan VR en gengur og gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Mynd 1.3 Aldurssamsetning félagsmanna í VR 1987–2003. Stýft úrtak.




Þess ber að geta að stýfing hafði til muna mest áhrif á yngsta aldurshópinn, einkum á seinni hluta tímabilsins. Séu heildargögnin borin saman við hið stýfða úrtak kemur í ljós að bæði er hlutfall fólks á aldrinum 16–25 ára nokkru hærra í upphafi ef litið er til allra en raunin er í stýfðu úrtaki, og einnig verða breytingar á hlutfallslegum fjölda þessa hóps mun minni þegar heildargögn eru skoðuð en ella. Þetta bendir til þess að aukinn hluti þessa hóps sinni nú hlutastörfum en áður. Reyndar má benda á að ekki einasta hefur yngsta fólkinu fækkað í hlutfalli við aðra VR-félaga, sér í lagi ef litið er til stýfða úrtaksins, heldur hefur jafnt körlum sem konum á þessum aldri fækkað að höfðatölu frá aldamótum. Þannig greiddu að meðaltali 4.055 konur á aldrinum 16–25 ára félagsgjöld til VR í mánuði hverjum árið 2001, en 2003 var þessi tala komin niður í 3.605 sem er fækkun um 450 einstaklinga á tveimur árum. Samsvarandi tölur fyrir karla eru 2.512 árið 2001 en 2.322 árið 2003.

Til að sjá nánar þróun í aldursskiptingu innan VR er fróðlegt að líta á aldursróf eins og það sem sést á mynd 1.4. Á myndinni er aldur á lárétta ásnum en hlutfall féлага á tilteknu aldursári af heildarfjölda á þeim lóðrétta og er stýfða úrtakið hér lagt til


grundvallar. Glöggjt má sjá að VR-konum innan við þrítugt fækkaði mikið á árabílinu 1987–2003 sem hlutfalli af heild, en eldri konum fjölgaði hlutfallslega á sama tímabili. Mun minni breytingar eru sjáanlegar hjá körlunum.

Mynd 1.4 Aldursróf fjölda VR-félaga 1987 og 2003.



Í þeim gögnum sem hér liggja til grundvallar eru upplýsingar um hjúskaparstöðu félagsmanna í VR. Athyglisvert er að skoða fjöldapróun innan félagsins eftir hjúskaparstöðu, en hana má sjá á mynd 1.5.

Mynd 1.5 Fjöldapróun VR-félaga eftir hjúskaparstöðu 1987–2003. Stýft úrtak.



Þótt þeim félagsmönnum sem eru giftir eða í sambúð hafi fjölgað jafnt og þétt á tímabilinu fjölgaði hinum þó mun hraðar sem ekki voru skráðir í hjúskap. Þannig voru karlar í vígðri og óvígðri sambúð rúm 65% karlkyns félagsmanna í VR árið 1987 þegar miðað er við stýft úrtak, en hlutfallið var komið niður í tæpt 41% árið 2003. Breytingar urðu öllu minni á sambærilegu hlutfalli meðal VR-kvenna; konur í hjúskap voru tæp 55% af konum í VR árið 1987, en hlutfallið hafði lækkað í um það bil 42%

árið 2003. Hjá báðum kynjum voru breytingarnar örastar á síðari hluta tíunda áratugar 20. aldar. Ef óstýfðu gögnin eru skoðuð er þessi þróun enn meira afgerandi, en þá ber á það að líta að þess má vænta að ungt fólk í hlutastörfum sé síður skráð í sambúð en þeir sem eldri eru og því má leiða líkur að því að stýfða úrtakið eigi betur við hér. Þessi þróun er því enn athyglisverðari í ljósi þess að ungu fólki fækkaði hlutfallslega í stýfðu úrtaki á tímabilinu, en fólki á miðjum aldri fjölgaði. Ekki verður vart við breytingar af þessu tagi á vinnumarkaði í heild þótt gögn þar um séu reyndar takmörkuð. Til dæmis gefur flokkun Hagstofunnar á vinnuafli eftir fjölskyldugerð á árunum 1993 til 2002 til kynna að fólki í sambúð hafi fækkað úr 71% í 68% á þessu tímabili.<sup>3</sup>


Í gögnum VR um greiðslur félagsmanna er að finna svokallað ISAT 95 númer þess fyrirtækis sem viðkomandi greiðandi starfar hjá. ISAT 95 er flokkunarkerfi fyrir atvinnugreinar á Íslandi og má nota upplýsingar um slík númer til að flokka félagsmenn gróflega eftir því sviði atvinnulífsins sem þeir starfa á. Hafa ber í huga að ekki er hér um starfaflokkun að ræða og því fá háir sem lágir innan tiltekins fyrirtækis<sup>4</sup> sama ISAT 95 númer, óháð starfi sínu. Fjöldapróun VR-meðlima innan hinna ýmsu atvinnugreina, eins og þær eru flokkaðar eftir ISAT 95 flokkunarkerfinu, má sjá á mynd 1.6. Hér er um stýft úrtak að ræða. Eins og sjá má hefur samsetning félagsmanna eftir atvinnugreinum breyst töluvert á tímabilinu og munar þar mestu um annars vegar þá miklu fjölgun sem orðið hefur á fólki í smásölu og hins vegar þá fækkun sem jafnt og þétt varð meðal þeirra sem ekki falla undir hina flokkana fimm. Nánari athugun leiðir hins vegar í ljós að breytingar í þeim hópi eiga sér fyrst og fremst stað í einum flokki ISAT 95, en það er flokkur 97.00.0: *engin starfsemi*. Í þann flokk voru að meðaltali rúmlega 3.000 manns skráðir árið 1987, sé miðað við stýft úrtak, en árið 2003 voru aðeins örfáir tugir settir í þennan flokk. Má ætla að aukin nákvæmni í skráningu sé hér ástæðan og sé sú raunin ber að taka þeim upplýsingum sem lesa má úr mynd 1.6 um hlutfallslega skiptingu með því meiri fyrirvara sem lengra er farið aftur í tímann.

---

<sup>3</sup> Hagstofan (2004).

<sup>4</sup> Stærri fyrirtæki sem hafa fjölþættan rekstur fá sérstakt ISAT -númer fyrir hverja rekstrareiningu, sé vissum skilyrðum fullnægt (sjá Hagstofan, 1994).

Mynd 1.6 Fjöldi félaga í VR, skipt eftir atvinnugrein 1987–2003. Stýft úrtak.<sup>5</sup>




<sup>5</sup> Í flokknum „fjármál, sérhæfð þjónusta“ eru m.a. tölvuþjónusta, fjármálastarfsemi, tryggingar og lífeyrissjóðir, lögfræðiþjónusta, rekstrarráðgjöf, bókhaldsþjónusta, verkfræði- og arkitektþjónusta, auglýsingastarfsemi og upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta. Til flokksins „aðrir“ teljast m.a. öryggis- og ræstingafyrirtæki, hárgreiðslu- og snyrtistofur, þvottahús og efnalaugar, sjúkrahúsrekstur og heilsugæsla, félagsþjónusta með dvöl á stofnun eða heimili, starfsemi fagfélaga- og stéttarfélaga og tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi.

## 2 Laun

Til að leggja mat á launaþróun innan VR var stuðst við gögn um félagsgjöld árin 1987–2003, en þau eru 1% af heildarlaunagreiðslum til viðkomandi félagsmanns. Því má með einföldum hætti reikna heildarlaun hvers og eins út frá greiðslum hans til félagsins, a.m.k. þann hluta teknanna sem viðkomandi aflar sem félagsmaður í VR. Í því sem hér fer á eftir er því ævinlega átt við heildarlaun þegar rætt er um laun félaga í VR. Heildarlaun ráðast bæði af launakjörum og vinnuframlagi og því kunna hækkanir á heildarlaunum að ráðast af fleiri vinnustundum, ekki síður en hærri launatöxtum. Þó má benda á að samkvæmt upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd og af vef Þjóðhagsstofnunar hefur vinnutími fólks í verslunar- og skrifstofustörfum á landinu öllu að jafnaði ekki lengst á tímabilinu, en stór hluti félagsmanna í VR fellur í þennan flokk.

Til að fá sambærilegar tölur fyrir tímabilið í heild voru allar launatölur umreiknaðar til verðlags desembermánaðar 2003 samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á mynd 2.1 má sjá heildarlaun karla, kvenna og allra félaga innan VR á föstu verðlagi þegar miðað er við stýft úrtak eins og lýst var að framan.

Mynd 2.1 Laun VR-félaga 1987-2003 á föstu verðlagi. Stýft úrtak.




Glögggt má sjá árstíðabundið mynstur í ferlunum á mynd 2.1. Þannig eru laun jafnan hæst í desember hvers árs en hvað lægstar snemma vors og síðla sumars. Ein leið til að einangra slík árstíðabundin áhrif er að gera svokallaða árstíðaleiðréttingu<sup>6</sup>, en þá er meðalfrávik hvers mánaðar frá hlaupandi meðaltali notað til að leiðrétta gögnin.

<sup>6</sup> Nánari útlistun á aðferð þeirri sem beitt var við árstíðaleiðréttingu er að finna í viðauka A.


Raunar er einnig forvitnilegt að skoða þá stuðla sem notaðir eru í árstíðaleiðréttingunni því þeir samsvara árstíðasveiflu í launum, eins og sjá má á mynd 2.2.

Mynd 2.2 Árstíðasveifla í launum VR-félaga. Stýft úrtak.



Sjá má að heildarlaun desembermánaðar eru mun hærra en laun annarra mánaða hjá félagsmönnum, og munurinn er meiri hjá körlum en konum. Ástæður þessa eru að hluta til sammingsbundnar aukagreiðslur sem flestir fá í þessum mánuði, en einnig kann hér að koma til aukin yfirvinna, einkum í jólaös smásöluverslunarinnar. Næsthæsti mánuðurinn, hvað heildarlaun varðar, er maí en ýmsir félagsmenn fá þá greidda orlofsuppbót. Lágmarki ná svo heildarlaun í ágústmánuði, en vegna sumarfría má ætla að hlutfallslega margir séu eingöngu á grunnlaunum, auk þess að sumarstarfsmenn sem víða eru ráðnir til afleysinga hafa alla jafna lægri laun en hinir fastráðnu og lækka þannig meðaltalið. Raunar virðist hlutfallslegur munur milli tekna í desember og meðaltekna fara minnkandi ef skoðaðir eru þeir ferlar sem dregnir eru upp á mynd 2.3, en þeir sýna þróun desembertekna í hlutfalli við meðaltal næstu sex mánaða á undan og eftir. Vert er þó að benda á að ýmislegt getur orðið til að breyta slíku meðaltali, til að mynda launahækkningar á fyrri hluta árs, og þarf því að taka mynd 2.3 með nokkrum fyrirvara.

Mynd 2.3 Desemberlaun sem frávik frá 12 mánaða hlaupandi meðaltali 1988–2002.




Heildarhækkun tekna á föstu verðlagi árin 1988–2003 var 56,7% ef allir félagsmenn eru teknir með í reikninginn, en 60,1% þegar stýft úrtak er lagt til grundvallar. Athyglisvert er að munurinn á raunhækkun tekna milli allra félagsmanna og hins stýfða úrtaks á sér aðallega rætur hjá körlum innan VR. Þannig var launahækkun karlkyns VR-félaga 47,9% á föstu verðlagi milli áráanna 1988 og 2003 ef gengið er út frá gögnum um alla félagsmenn, en sé miðað við stýft úrtak er hækkunin 58,4% á sama tímabili. Munurinn er hins vegar óverulegur þegar stýft úrtak kvenna er borið saman við allar konur innan VR á sama hátt. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að hlutfall karla með laun undir stýfingarmörkum hækkaði töluvert á tímabilinu, en sambærilegt hlutfall kvenna lækkaði. Því má ætla að hækkandi hlutfall karla í hlutastörfum dragi niður reiknaða raunhækkun meðaltekna þeirra þegar stýfingu er ekki beitt.

Tafla 2.1 Prósentuhækkunir meðallauna VR-félagsmanna 1988–2003 á föstu verðlagi.

	Allir	Stýft úrtak
<b>Karlar</b>	47,9%	58,4%
<b>Konur</b>	59,4%	60,7%
<b>Allir</b>	56,7%	60,1%




Mynd 2.4 Hlutfallsbreytingar á meðaltali raunlauna VR-félaga frá ári til árs 1988–2003.



Á mynd 2.4 gefur að líta prósentubreytingar launa á föstu verðlagi milli ára þegar búið er að reikna meðallaun hvers árs fyrir sig. Sjá má að töluverðar sveiflur hafa verið milli ára í breytingum á rauntekjum á tímabilinu. Þó hafa laun aðeins tvisvar lækkað að raungildi miðað við næsta ár á undan þegar allir félagsmenn eru skoðaðir, en það gerðist árin 1989 og 1993. Sé miðað við stýft úrtak stækka hins vegar sveiflurnar, sérstaklega hjá konum. Einnig er athyglisvert að árið 1991 sker sig töluvert úr hvað varðar fylgni hagsveiflu og rauntekna, en það ár hækkuðu raunlaun félagsmanna VR töluvert þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu. Að öðru leyti endurspeglar prósentubreytingar á launum VR-félaga á föstu verðlagi ástand í íslensku efnahagslífi nokkuð vel, eins og sjá má á mynd 2.5.

Mynd 2.5 Hlutfallsbreytingar á launum VR-félaga í stýfðu úrtaki á föstu verðlagi og hagvöxtur 1988–2003.




Heimild: Hagstofa Íslands

Vinstra megin á myndinni eru dregnir upp ferlar hlutfallsbreytinga á launum á föstu verðlagi milli ára í stýfðu úrtaki VR-félaga annars vegar og hagvaxtar á Íslandi hins vegar fyrir árin 1988–2003. Af samanburði ferlanna tveggja má greina að breytingar á hagvexti virðast endurspeglast í raunlaunabreytingum félagsmanna VR að tilteknum tíma liðnum og er samband raunlaunabreytinga og hagvaxtar síðasta árs sýnt hægra megin á mynd 2.5 í formi tvísturgrafs (e. scatter plot). Auk þess er aðhvarfslína dregin á myndinni og jafna hennar sett fram. Af jöfnunni má ráða að breytingar á hagvexti skila sér að þremur fjórðu hlutum sem breytingar raunlauna að ári meðal VR-félaga og er skýringarmáttur jöfnunnar 0,35, sem túlka má þannig að breytingar á hagvexti nýliðins árs skýri þriðjung þeirra breytinga sem verða á raunlaunum félagsmanna VR.

### 2.1 Samanburður við aðra

Ekki verður annað sagt en félagsmenn VR geti vel við unað þegar þróun heildartekna þeirra á föstu verðlagi er borin saman við þróun launa á íslenskum vinnumarkaði. Í ljós kemur að raunlaun VR-félaga hafa hækkað töluvert meira en gengur og gerist meðal íslenskra launþega, eins og sjá má á mynd 2.6.

**Mynd 2.6 Þróun heildarlauna hjá VR og ASÍ 1987–2003 á föstu verðlagi.**



*Heimild: Kjararannsóknarnefnd*

Á myndinni eru heildarlaun VR-félaga á föstu verðlagi borin saman við þróun launa hjá tveimur hópum launþega innan ASÍ árin 1987–2003 og er hér um að ræða

meðaltal heildarlauna á mánuði innan hvers ársfjórðungs á tímabilinu.<sup>7</sup> Greinilegt er að VR-félagar hafa sótt verulega í sig veðrið hvað laun varðar, hvort sem miðað er við skrifstofufólk eða þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk innan ASÍ. Rétt er að benda á að félagsmenn VR eru stór hópur innan ASÍ og því má segja að hlutfallslegar hækkanir VR-félaga gagnvart öðrum í þeim viðmiðunarhópum sem hér sjást séu að líkindum enn meiri en fram kemur á mynd 2.6. Athyglisvert er að karlar og konur innan VR virðast ekki verða fyrir skerðingu á raunlaunum í sama mæli og viðmiðunarhóparnir tveir á tímabilinu 1988–1993, eins og fram kemur í töflu 2.2. Á þessu árabili var hagvöxtur ýmist lítill eða neikvæður og virðast félagsmenn VR hafa staðið betur af sér þrengingar í efnahagslífinu en aðrir í þeim hópum sem hér eru til viðmiðunar hvað kaupmátt launa varðar. Eins og fram kemur síðar er hins vegar annað uppi á teningnum þegar litið er til atvinnuleysis.

**Tafla 2.2 Breytingar heildarlauna hjá VR og ASÍ á föstu verðlagi 1988–1993.**

	ASÍ, þjónustu- sölu- og afgreiðslufólk	ASÍ, skrifstofufólk	VR,, stýft úrtak
<b>Karlar</b>	-7,9%	-18,1%	7,8%
<b>Konur</b>	-15,6%	-10,5%	0,5%


*Heimild: Kjararannsóknarnefnd.*

Ef litið er til tekna Íslendinga allra til samanburðar við launaþróun hjá VR-fólki má sjá svipað mynstur og gaf að líta á mynd 2.6. Hér fyrir neðan eru dregnir upp ferlar sem lýsa ársmeðaltali mánaðarlauna á föstu verðlagi fyrir hvert ár á tímabilinu 1987–2003. Annars vegar er hér um að ræða meðalatvinnutekjur allra Íslendinga samkvæmt skattframtölum og hins vegar meðallaun hjá stýfðu úrtaki VR-félaga. Rétt er að vara við beinum samanburði á ferlunum tveimur enda þau gögn sem til grundvallar liggja ólík að eðli, til dæmis hvað varðar tekjur unglunga og gamalmenna sem ætla má að lækki meðaltal tekna hjá framteljendum skatts. Hins vegar sést glögg á mynd 2.7 að mánaðartekjur íslenskra skattgreiðenda lækkuðu að raunvirði á árabilinu 1988–1993, en laun félagsmanna VR hækkðu nokkuð miðað við fast verðlag á sama tímabili. Þannig voru meðalatvinnutekjur íslenskra skattgreiðenda tæplega 13% lægri að raungildi árið 1993 en verið hafði fimm árum fyrr, en raunlaun VR-félaga hækkðu

<sup>7</sup> Rétt er að taka fram að árið 1998 var skilgreiningu á þeim hópi sem hér er nefndur „þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk“ breytt nokkuð. Fyrir þann tíma hafði sá hópur verið skilgreindur sem afgreiðslufólk eingöngu. Gögn fyrir seinni hluta ársins 1997 hjá ASÍ-hópunum tveimur liggja ekki fyrir.

um rúmlega 4% á sama tímabili. Hér ber því allt að sama brunni, samdráttarskeiðið frá lokum níunda áratugar 20. aldar fram undir miðbik þess tíunda virðist ekki hafa skert raunlaun félagsmanna VR í sama mæli og laun annarra íslenskra launþega.

**Mynd 2.7 Samanburður á heildarlaunum VR-félaga í stýfðu úrtaki og meðalatvinnutekjum Íslendinga 1987–2003.**




Heimild: Þjóðhagsstofnun og Hagstofan

## 2.2 Laun og lýðfræði

Í gögnum VR eru upplýsingar um kyn, aldur, hjúskaparstöðu og starfsgrein viðkomandi félagsmanns og gefa þau því færi á margháttaðri lýðfræðilegri greiningu. Af mynd 2.1 framfar í kaflanum má ráða að nokkur munur er á launum VR-félaga eftir kyni. Þessi munur kemur glögglega í ljós þegar hlutfall meðaltekna kvenna af meðallaunum karla innan VR er skoðað.


**Mynd 2.8 Laun kvenna sem hlutfall af launum karla innan VR 1987–003. Ársmeðaltöl.**



Af mynd 2.8 sést að munur á heildarlaunum karla og kvenna fór vaxandi fram undir miðjan tíunda áratug nýliðinnar aldar, en hefur síðan farið jafnt og þétt minnkandi. Heildarlaun VR-kvenna voru að meðaltali tæplega 77% af launum karla innan félagsins árið 2003 miðað við stýft úrtak, en sama hlutfall var rúmlega 71% hjá félagsmönnum í heild. Munurinn milli kynja var allt tímabilið töluvert meiri ef litið er til allra félagsmanna en í stýfðu úrtaki sem endurspeglar þá staðreynd að mun stærri hluti kvenna en karla var á hverjum tíma með launatekjur undir stýfingarmörkum, þ.e. lágmarkstaxta fyrir verslunarstörf. Sem fyrr ber að hafa í huga að hér er um að ræða heildarlaun óháð fjölda vinnustunda, starfsaldri, menntun og tegund starfs og því má ekki túlka ferlana á mynd 2.8 sem svo að þeir endurspegli með beinum hætti misrétti í launum milli kynjanna þótt það kunni að vera ein ástæða þess munar sem sjá má á launum karla og kvenna í VR.


Séu gögn um launagreiðslur til VR-kvenna greind eftir aldri kemur í ljós að konur á aldrinum 26–40 ára annars vegar og 41–55 ára hins vegar hafa ávallt haft hærri laun að jafnaði en elstu og yngstu konurnar innan VR, eins og sjá má af mynd 2.9. Hins vegar er athyglisvert að samsvörun virðist vera milli ástands efnahagslífsins og stöðu miðjuhópanna tveggja innbyrðis. Þau ár sem hagvöxtur var lítill eða jafnvel neikvæður höfðu konur á milli 26 ára og fertugs nokkuð hærri laun að jafnaði en hinar sem voru á aldursbilinu 41–55 ára. Þetta gildir bæði um tímabilið frá lokum níunda áratugar síðustu aldar fram undir miðbik þess tíunda og einnig um fyrstu ár nýrrar aldar. Á seinni hluta tíunda áratugar, þegar betur áraði í þjóðarbúinu, var þessi munur hins vegar ekki fyrir hendi.

**Mynd 2.9 Ástíðaleiðréttar laun kvenna innan VR eftir aldri á föstu verðlagi 1988–2003 .  
Stýft úrtak.**



Aðhvarfsgreining staðfestir marktækt samband milli hagvaxtar og hlutfalls meðallauna 41–55 ára kvenna af launum kvenna á aldrinum 26–40 ára. Á mynd 2.10 má sjá tvísturgraf þar sem hagvöxtur tiltekins árs er markaður á láréttum ás en hlutfall launa 41–55 ára kvenna af launum kvenna milli 26 ára og fertugs það sama ár á lóðréttum ás. Einnig er dregin upp aðhvarfslína og jafna hennar sett fram á myndinni. Áhrif hagvaxtar á ofangreint launahlutfall eru marktæk.<sup>8</sup> Af jöfnu aðhvarfslínu má ráða að við hagvöxt sem nemur 7,6% á ári megi, að öðru óbreyttu, búast við að 41–55 ára konur hafi sömu laun og konur á aldrinum 26–40 ára. Fyrir hvert prósentustig sem hagvöxtur minnkar lækki heildarlaun eldri hópsins síðan hlutfallslega um 0,44% miðað við þann yngri og hækki að sama marki ef hagvöxtur eykst.

**Mynd 2.10 Samband hagvaxtar og hlutfalls meðaltekna 41–55 ára kvenna af meðallaunum 26–40 ára kvenna.**



Fylgnin milli ofangreinds launahlutfalls og hagvaxtar er athyglisverð og ef til vill felst skýringin í breytingum á fjölda vinnustunda, ekki síður en launatöxtum.

Eins og fyrr kom fram höfðu yngstu og elstu konurnar innan VR að jafnaði lægri laun að jafnaði en konur á aldrinum 26–55 ára. Á mynd 2.9 sést þó greinilega að konur sem komnar eru yfir miðjan aldur hafa sótt töluvert í sig veðrið hvað heildarlaun varðar. Þær voru tekjulægsti aldurshópur kvenna undir lok níunda áratugar 20. aldar en höfðu árið 2003 töluvert hærri meðaltekjur en konur 25 ára og yngri. Yngsti hópurinn virðist þannig hafa borið nokkuð skarðan hlut frá borði hvað raunlaunahækkun varðar á tímabilinu í samanburði við aðrar konur. Munurinn er raunar enn meiri þegar óstýfð gögn eru notuð, en trúleg skýring á því kann að vera

<sup>8</sup> t-gildi við stuðul hagvaxtar (x í jöfnu) er 2,939 sem er marktækt frá 0 við 95% marktæknistig en á mörkum marktækni við 99% marktæknistig.


hækkandi hlutfall hlutastarfa hjá þessum aldurshópi. Prósentuhækkun heildartekna á föstu verðlagi á árunum 1988–2003 hjá hinum ýmsu aldurshópum karla og kvenna í stýfðu úrtaki má sjá í töflu 2.3.

**Tafla 2.3 Prósentuhækkun heildarlauna á föstu verðlagi árin 1988–2003 eftir aldri. Stýft úrtak.**

	16-25	26-40	41-55	56-
<b>Karlar</b>	34,4%	58,9%	66,0%	54,9%
<b>Konur</b>	32,8%	62,7%	68,9%	62,6%

Nokkuð góð samsvörun er á tímabilinu milli kynja hvað varðar raunlaunahækkun á hverju aldursbili fyrir sig nema hjá elstu félagsmönnum VR. VR-konur 55 ára og eldri hafa hækkað töluvert meira í raunlaunum en karlar á sama aldri, eða um 62,6% á móti 54,9% hækkun karlanna. Þrátt fyrir þetta voru karlar á þessum aldri með nokkru hærri laun en jafnöldrur þeirra árið 2003, eða tæp 250 þúsund á mánuði að meðaltali á móti 192 þúsund króna mánaðarlaunum kvennanna.


**Mynd 2.11 Árstíðaleiðrétt laun karla innan VR eftir aldri á föstu verðlagi 1988–2003. Stýft úrtak.**



Svipaðan takt má greina milli miðjuhópanna tveggja hjá körlum og lýst var hjá konum hér að ofan. Munurinn er sá að karlar á aldrinum 41–55 ára virðast að jafnaði hafa heldur hærri laun að jafnaði en karlar á aldursbilinu 26–40 ára. Hins vegar virðast laun eldri miðjuhópsins hækka hlutfallslega þegar vel árar í hagkerfinu, en lækka þegar hægir á hagvexti ef miðað er við yngri miðjuhópinn, rétt eins og raunin er hjá konum á sama aldri. Öfugt við konurnar er þó ekki um tölfræðilega marktækt samband að ræða. Elstu karlarnir í VR höfðu allt tímabilið töluvert hærri laun en þeir

yngstu, ólíkt því sem gerðist hjá konum, en líkt og konurnar fengu elstu karlarnir mun meiri raunlaunahækkun í sinn hlut á árunum 1988–2003 en þeir yngstu.

**Mynd 2.12 Aldursróf launa hjá körlum og konum í VR árin 1987, 1995 og 2003. Stýft úrtak.**




Önnur leið til að athuga samband launa og aldurs er að skoða aldursróf á borð við þau sem dregin eru upp á mynd 2.12. Á myndinni eru meðallaun karla og kvenna á tilteknu aldursári sýnd sem hlutfall af meðallaunum í stýfðu úrtaki karla og kvenna í VR. Sjá má að heildarútlit ferlanna er áþekkt; laun hækka nokkuð ört milli aldursára hjá ungu fólki, síðan dregur jafnt og þétt úr aukningunni og þegar komið er yfir miðjan aldur fara meðallaun jafnt og þétt lækkandi með hækkandi aldri. Hins vegar hafa hlutfallsleg meðallaun yngsta VR-fólksins lækkað í tímans rás, jafnt hjá konum sem körlum. Einnig er greinilegur munur milli kynja að því leyti að breytingar á hlutfallslegum launum karla eftir aldri eru jafnan meiri en gerist hjá konum. Þannig voru meðallaun tvítugra karla 66% af meðallaunum allra karla árið 2003, en tvítugar konur höfðu meðallaun sem námu um 75% af meðallaunum allra kvenna þetta sama ár, ef miðað er við stýft úrtak. Hliðstæðar tölur fyrir fertuga félagsmenn voru 125% hjá körlum á móti 113% hjá konum, og hjá 65 ára VR-félögum var launahlutfallið 88% fyrir karla á móti 93% hjá konum. Af þessum mun má draga þá ályktun að laun karla í VR taki meiri breytingum á starfsævinni en gerist meðal kvenna. Athygli vekur að mikið ris verður í aldursrófsferlum kvenna á allra síðustu árum starfsævinnar, en rétt er að benda á að mjög fáir einstaklingar eru að baki þeim meðaltölum svo ekki ber að draga of miklar ályktanir af því. Hugsanlega getur einhvers konar uppgjör við lok starfsævi einnig skekkt hér myndina.



Heildarlaun karla eru mismunandi eftir hjúskaparstöðu þeirra og virðist munurinn hafa farið vaxandi, eins og greina má af mynd 2.13. Þannig höfðu karlar sem voru skráðir kvæntir eða í sambúð að jafnaði 14% hærri laun að jafnaði en aðrir karlar árið 1988 en munurinn var kominn í 25% árið 2003. Hjá konum var munurinn hverfandi og breyttist lítið á tímabilinu.

**Mynd 2.13 Árstíðaleiðrétt laun VR-félaga á föstu verðlagi eftir kyni og hjúskaparstöðu 1988–2003. Stýft úrtak.**



Hér ber að hafa í huga að samsetning kvænta hópsins kann að vera önnur en þeirra sem ekki eru skráðir í sambúð, til dæmis hvað varðar aldur, menntun, starfsvettvang og slíkt. Þó hlýtur það að vekja athygli hve munurinn er mikill hjá körlum en nánast enginn hjá konum. Vel má vera að hér sé á ferð fyrirbæri sem þekkt er úr erlendum hagtolum og kalla mætti giftingarálag (e. marriage premium). Nokkuð hefur verið skrifað um giftingarálag og eru skoðanir skiptar um ástæður þess.<sup>9</sup> Ein skýring sem sett hefur verið fram á giftingarálagi er valbjögun, það er að tilteknir eiginleikar ráði því að sömu einstaklingar veljast fremur en aðrir í sambúð annars vegar og í hálaunastörf hins vegar. Einnig hefur verið vísað til hagkvæmni sérhæfingar sem kemur til af því að hjúskapur gerir karlinum á heimilinu kleift að einbeita sér að vinnu meðan konan sinnir heimilisstörfum. Þróun síðustu áratuga, þar sem konur hafa í auknum mæli sótt út á vinnumarkaðinn, gengur þó gegn slíkum hugmyndum því samkvæmt þeim ætti giftingarálag karla að lækka með aukinni vinnuþátttöku giftra kvenna. Aðrar skýringar sem settar hafa verið fram eru til dæmis föðurleg umhyggja

<sup>9</sup> Sjá t.d. Richardson (2000) og Light (2002).

vinnuveitenda fyrir körlum með fjölskyldu á framfæri, forgangsröðun heimilisfeðra, þar sem væntingar um há laun vega þyngra í starfsvali þeirra en annarra, og loks sú kenning að hálaunamenn gangi frekar í augun á hinu kyninu en þeir sem hafa lægri laun.

Launaþróun innan þeirra megingreina sem VR-félagar starfa í má sjá á mynd 2.14. Einn flokkur, fjármál og sérhæfð þjónusta<sup>10</sup>, sker sig úr með áberandi hætti, en meðallaun á föstu verðlagi innan þess flokks hækkuðu um tæplega 120% á árunum 1988–2003. Þeir félagsmenn sem störfuðu við fjármál og sérhæfða þjónustu höfðu raunar lægstu meðallaunin árið 1988, en sigu fram úr öðrum VR-félögum hvað tekjur varðar þegar líða fór á tíunda áratug síðustu aldar og hafa frá aldamótum haft mun hærri laun en aðrir félagsmenn VR. Það má að töluverðu leyti rekja til breytinga á samsetningu þessa hóps. Þannig hefur VR-félögum fjölgað mikið hlutfallslega á tímabilinu hjá ýmsum tegundum fyrirtækja þar sem laun eru að jafnaði há. Má þar nefna hugbúnaðargerð, ýmsa starfsemi tengda tölvum og gagnavinnslu og bókhaldsþjónustu og endurskoðun. Allir þessir flokkar eiga það sameiginlegt að VR-félögum sem þar starfa hefur fjölgað mjög á tímabilinu og þeir félagsmenn VR sem þar starfa hafa laun umfram meðallaun innan félagsins. VR-fólk sem starfaði við samgöngur og ferðaþjónustu hækkaði næstmest í launum á tímabilinu, eða um 71,5%. Þar eru breytingar á innbyrðis samsetningu ekki eins afgerandi og í fjármálum og sérhæfðri þjónustu, en þó má nefna flokkinn leigu- og þjónustuflug þar sem laun voru há og fólki fjölgaði mikið á tímabilinu. Innan annarra flokka atvinnugreina var hækkunin milli ára 1988 og 2003 á bilinu 50% (aðrir<sup>11</sup>) til 55,7% (heildsala/bílasala).<sup>12</sup>


---

<sup>10</sup> Undir sérhæfða þjónustu falla t.d. lögfræðiþjónusta, bókhaldsþjónusta, verkfræði- og arkitektþjónusta, auglýsingastarfsemi og ýmiss konar ráðgjafarþjónusta.

<sup>11</sup> Undir þennan flokk falla meðal annarra öryggis- og ræstingafyrirtæki, hárgreiðslu- og snyrtistofur, sorpeyðing, sjúkrahúsrekstur og heilsugæsla, starfsemi fagfélaga og stéttarfélaga, tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi og heilsuræktarstöðvar, og auk þess þeir sem skráðir eru með „enga starfsemi“. Hafa ber í huga að skráning í þennan flokk kann að hafa verið annmörkum háð framan af tímabilinu.


<sup>12</sup> Undir þennan flokk falla meðal annarra öryggis- og ræstingafyrirtæki, hárgreiðslu- og snyrtistofur, sorpeyðing, sjúkrahúsrekstur og heilsugæsla, starfsemi fagfélaga og stéttarfélaga, tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi og heilsuræktarstöðvar, og auk þess sem þeir sem skráðir eru með „enga starfsemi“. Hafa ber í huga að skráning í þennan flokk kann að hafa verið annmörkum háð framan af tímabilinu.

**Mynd 2.14 Laun VR-félaga á föstu verðlagi eftir atvinnugrein 1988–2003. Stýft úrtak. 12 mánaða hlaupandi meðaltal.**



Þegar árstíðasveifla í launum innan hinna ýmsu atvinnugreina er skoðuð kemur í ljós að tveir hópar skera sig nokkuð úr hvað varðar laun í desembermánuði. Eins og sjá má af mynd 2.15 eru laun desembermánaðar um það bil 10% hærri en gerist að meðaltali hjá fólki í fjármálum og sérhæfðri þjónustu annars vegar og samgöngum og ferðaþjónustu hins vegar. Desemberlaun annarra VR-félaga eru hins vegar um það bil 5% yfir meðaltali. Beinast liggur við að skýra hinar háu desemberlaun fólks í fjármálum og sérhæfðri þjónustu með háum jólabónusgreiðslum, en meðal ýmissa fyrirtækja í þessum geira tíðkast að greiða tiltölulega rausnarlegar bónusgreiðslur út með launagreiðslum desembermánaðar. Torveldara er að skýra háar tekjur í desember hjá fólki í ferðaþjónustu og samgöngum.

**Mynd 2.15 Árstíðasveifla í launum eftir atvinnugrein. Stýft úrtak.**




Við athugun á þróun desembertekna yfir tímabilið kom í ljós að í þeim tveimur ofangreindu hópum sem höfðu hlutfallslega hæstu desemberlaunin miðað við aðra mánuði var munurinn á desember og öðrum mánuðum hvað mestur á tíunda áratug síðustu aldar, en minnkaði töluvert upp úr aldamótum. Meðal þeirra hópa þar sem desemberlaun voru að jafnaði nær meðallaunum að jafnaði höfðu hins vegar tiltölulega litlar breytingar orðið á tímanum.

### 3 Atvinnuleysi

VR hefur með höndum umsýslu atvinnuleysisbóta félagsmanna sinna og eru upplýsingar um bótagreiðslur því hluti af hverri færslu í gagnagrunni þeim sem hér er lagður til grundvallar. Því var hægt að reikna hlutfall bótaþega atvinnuleysisbóta af heildarfjölda í tilteknum viðmiðunarhópi og sundurgreina atvinnuleysi eftir öðrum breytum í gagnagrunninum, svo sem kyni, aldri, launum og hjúskaparstöðu. Skráning ISAT 95 númera reyndist þó vera með þeim hætti að ekki var unnt að styðjast við þá breyту við greiningu á atvinnuleysi.


Á myndum 3.1 og 3.2 má sjá mánaðarlegt, árstíðaleiðrétt atvinnuleysi karla og kvenna á árunum 1991–2002 hjá félagsmönnum VR annars vegar og öllu vinnuafli höfuðborgarsvæðisins<sup>13</sup> hins vegar. Einnig voru tímaferlar atvinnuleysis karla og kvenna á landsvísu yfir sama tímabil kannaðir, en þeir reyndust vera áþekkir tímaferlum atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu hjá báðum kynjum og vörpuðu þeir því ekki frekara ljósi á viðfangsefnið.

Mynd 3.1 Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi karla í VR og á höfuðborgarsvæðinu 1991–2002.



<sup>13</sup> Höfuðborgarsvæðið nær yfir Reykjavík, Seltjarnarnes, Hafnarfjörð, Bessastaðahrepp, Bessastaðahrepp, Garðabæ, Kópavog, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Gögn um atvinnuleysi á höfuðborgarsvæði komuhöfuðborgarsvæðinu voru fengin af vef Hagstofu Íslands.

Mynd 3.2 Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi kvenna í VR og á höfuðborgarsvæðinu 1991–2002.



Það er einkum tvennt sem vekur athygli þegar ferlar atvinnuleysis meðal VR-félaga og á höfuðborgarsvæðinu almennt eru skoðaðir á myndunum tveimur. Í fyrsta lagi lagðist atvinnuleysi nokkuð þyngra á félagsmenn VR af báðum kynjum en annað vinnuafl höfuðborgarsvæðisins á því samdráttarskeiði sem ríkti í íslensku hagkerfi framan af tíunda áratug síðustu aldar. Þannig var atvinnuleysi meðal beggja kynja um það bil 50% hærra hjá félögum í VR en hjá öðrum borgarbúum þegar atvinnuleysi innan VR náði hámarki í upphafi árs 1994. Í annan stað virðast karlkyns félagsmenn VR hafa rétt nokkuð fljótt úr kútnum þegar hjól efnahagslífsins fóru að snúast af krafti á nýjan leik um miðjan áratuginn og eftir mitt ár 1995 er ekki umtalsverður munur á atvinnuleysi þeirra og annarra karla á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar reyndist atvinnuleysi VR-kvenna þrálátara og raunar hafa þær allar götur síðan þurft að búa við meira atvinnuleysi en gengur og gerist um konur á vinnumarkaði innan höfuðborgarsvæðisins. Til að leitast við að skýra þetta þarf nánari greiningu á gögnunum, en hún er sett fram hér á eftir.


### 3.1 Áhrif hagsveiflu

Tímabilið sem hér er til skoðunar nær yfir heila hagsveiflu, allt frá samdráttarskeiði því sem einkenndi fyrri hluta tíunda áratugar nýliðinnar aldar, um það vaxtarskeið sem varð hér á landi undir síðustu aldamót og til hins skammvinna samdráttar í upphafi 21. aldar. Því er forvitnilegt að athuga það samband atvinnuleysis og breytinga á þjóðarframleiðslu sem lýst er með lögmáli Okuns.<sup>14</sup> Á mynd 3.3 er

<sup>14</sup> Lögmál Okuns er kennt við hagfræðinginn Arthur Okun sem en hann setti fram þá niðurstöðu í grein sem hann birti árið 1962 að línulegt samband væri í bandarískum hagtölum milli atvinnuleysis og hagvaxtar.

hagvöxtur á Íslandi og breytingar á atvinnuleysi, annars vegar hjá félögum í VR og hins vegar á íslenskum vinnumarkaði í heild, parað saman fyrir árin 1991–2003 í formi tvísturgrafs.

Mynd 3.3 Samband Okuns í gögnum fyrir VR og landið allt 1991–2003.



Á gröfunum er einnig dregin upp aðhvarfslína sem fengin er með aðferð minnstu kvaðrata og er jafna línunnar jafnframt sýnd á gröfunum ásamt skýringarmætti hennar.<sup>15</sup> Þar sem atvinnuleysi til langs tíma er sístæð stærð<sup>16</sup> má færa fyrir því rök að skurðpunktur aðhvarfslínunnar við lárétta ásinn ætti að jafngilda meðalhagvexti til lengri tíma litið. Hér er raunar ef til vill of stutt tímabil lagt til grundvallar svo hægt sé að draga slíka ályktun. Þó kemur á daginn að skurðpunktur línanna tveggja, fyrir VR og landið allt, er hinn sami: 3,1% hagvöxtur jafngildir því að ekki verði breytingar á atvinnuleysi. Hins vegar er halli aðhvarfslínu mun meiri í vinstra grafinu en því hægra og má af því ráða að atvinnuleysisstig hjá félögum í VR hafi verið öllu næmara fyrir breytingum á hagvexti á tímabilinu sem hér um ræðir en almennt gilti á íslenskum vinnumarkaði. Þannig gefur jafna aðhvarfslínu fyrir VR-gögn þá niðurstöðu að ef þjóðarframleiðsla hefði staðið í stað milli ára á tímabilinu hefði það jafngilt aukningu atvinnuleysis um eitt prósentustig, en samsvarandi aukning þegar litið er til aðhvarfslínu fyrir allt landið er 0,7 prósentustig. Þessi niðurstaða er í samræmi við ferlana á myndum 3.1 og 3.2 þar sem sjá má að sveiflur verða meiri í atvinnuleysi hjá

<sup>15</sup> Rétt er að benda á að ólínulegur aðhvarfsferill kynni að lýsa gögnunum betur, að minnsta kosti í tilfalli VR.

<sup>16</sup> Atvinnuleysishlutfall hlýtur alltaf, eðli máls samkvæmt, að verða á bilinu 0 og 1, að báðum tölum meðtöldum, og getur því ekki hækkað eða lækkað án afláts. Auk heldur sýna hagtölur að langtímaleitni er ekki til staðar í atvinnuleysishlutfalli (sjá t.d. Layard o.fl., 1991, bls. 5).

félagsmönnum í VR en öðrum íbúum höfuðborgarsvæðisins eftir því hvernig árar í efnahagslífinu. Þó er vert að hafa í huga að samband breytinga á atvinnuleysi og hagvaxtar er öllu veikara þegar gögn um VR-félaga eru lögð til grundvallar en raunin er þegar litið er til landsins í heild, eins og sjá má af lægra gildi  $R^2$  og meiri dreifni punkta á vinstra grafinu en því hægra.

**Tafla 3.1 Aðhvarfsgreining með aðferð minnstu kvaðrata.<sup>17</sup> Háða breytan er atvinnuleysi hjá VR/á landinu öllu. Tímabil 1991–2003.**

Breyta	VR		Landið allt	
	stuðlamat	t-gildi	stuðlamat	t-gildi
Fasti	2,633	7,370 ***	1,657	7,277 ***
Atvinnuleysi síðasta árs	0,830	14,601 ***	0,778	9,486 ***
Hagvöxtur	-0,239	-3,029 **	-0,223	-5,907 ***
Hagvöxtur síðasta árs	-0,234	-4,710 ***	-0,054	-1,218
Breytingar raunlauna á síðasta ári	-0,163	-1,381	-0,154	-2,631 **
	R <sup>2</sup> =0,98 leiðrétt R <sup>2</sup> =0,97		R <sup>2</sup> =0,97 leiðrétt R <sup>2</sup> =0,95	

Marktæknistig: stuðull marktækur frá 0 við (\*=90%, \*\*=95%, \*\*\*=99%) marktæknistig

Í töflu 3.1 getur að líta nánari greiningu á sambandi atvinnuleysis meðal VR-félaga og árferðis í íslensku efnahagslífi, auk samanburðar við landið allt. Á töflunni sést aðhvarfsgreining sem gerð var með aðferð minnstu kvaðrata. Háða breytan var meðalatvinnuleysi hvers árs, annars vegar hjá VR-félögum og hins vegar á landinu öllu árin 1991–2003. Hina metnu jöfnu má rita þannig:

$$U_t = \alpha_0 + \alpha_1 U_{t-1} + \alpha_2 G_t + \alpha_3 G_{t-1} + \alpha_4 \Delta(W_t/P_t) + \varepsilon_t \quad (1)$$

Hér táknar  $U$  atvinnuleysi,  $G$  stendur fyrir hagvöxt,  $W$  táknar launavísitölu og  $P$  stendur fyrir vísitölu neysluverðs. Í ljós kemur að mikil fylgni er milli ára í atvinnuleysisstiginu, sem ætti ekki að koma á óvart. Reyndar er fylgni minni frá einu ári til annars þegar litið er til landsins alls en þegar eingöngu er skoðað atvinnuleysi hjá VR. Athyglisverðari eru þó áhrif hagvaxtar á atvinnuleysisstigið. Þannig er bæði neikvæð fylgni milli hagvaxtar og atvinnuleysis annars vegar og hagvaxtar síðasta árs og atvinnuleysis hins vegar. Það má túlka sem svo að þótt hægi á vexti þjóðarframleiðslu komi áhrifin hvað atvinnuleysi varðar ekki að fullu fram fyrir en að ári liðnu. Áhrif hagvaxtar á atvinnuleysi eru þó vægari þegar íslenskur vinnumarkaður

<sup>17</sup> Nánari umfjöllun um aðhvarfsgreininguna er að finna í viðauka B.




í heild er skoðaður, sér í lagi að því leyti að áhrif hagvaxtar síðasta árs eru ekki marktæk en það í samræmi við mismunandi halla Okun-ferils á mynd 3.3. Breytingar raunlauna á íslenskum vinnumarkaði virðast ekki hafa marktæk áhrif á atvinnuleysisstigið hjá VR, en þó jók sú breyta við skýringarmátt jöfnunnar. Annað er uppi á teningnum þegar landið allt er skoðað, en þá er marktæk fylgni milli raunlaunabreytinga síðasta árs og atvinnuleysisstigs á þann veg að lítið atvinnuleysi virðist fara saman við hækkun raunlauna. Aðrar breytur sem athugaðar voru, svo sem raunlaunabreyting síðasta árs, höfðu ekki marktæk áhrif á atvinnuleysisstig meðal félaga í VR og minnkuðu skýringarmátt ofangreindra breytna og þar með jöfnunnar í heild.

### 3.2 *Árstíðabundnir eiginleikar*

Á Íslandi, eins og víða annars staðar, fylgir atvinnuleysi árstíðum að töluverðu leyti. Ýmsar mannaflsfrekar atvinnugreinar, til að mynda landbúnaður og ferðaþjónusta, hafa mismunandi vinnuafliþörf eftir árstímum og hefur þess löngum séð stað í íslenskum tölum um atvinnuleysi. Mikill munur hefur verið á atvinnuleysi á fyrstu mánuðum ársins annars vegar, en þá nær það jafnan hámarki, og sumrin hins vegar, en þá er atvinnuleysi alla jafna hvað lægst hér á landi. Hins vegar virðist atvinnuleysi meðal félagsmanna VR hegða sér nokkuð á aðra lund eftir árstíðum. Það má til að mynda greinilega sjá þegar tekinn er fyrsti mismunur hinnar mánaðarlegu tímaraðar atvinnuleysis hjá félögum í VR, þ.e. breytingar á atvinnuleysi milli mánaða (oft táknað með  $\Delta U$  í hagrannsóknafræðum), og tíðnieiginleikar hinnar nýju raðar bornir saman við eiginleika samsvarandi tímaraðar breytinga á atvinnuleysi á íslenskum vinnumarkaði í heild. Tíðniróf beggja mismunaraðanna hjá körlum má sjá á mynd 3.4.


**Mynd 3.4** Tíðniróf breytinga á atvinnuleysi hjá körlum í VR og á landinu öllu 1990–2003.



Tíðniróf mismunaraðar fyrir landið allt sýnir mjög greinilega reglufestu af því tagi sem oft má sjá í mánaðarlegum gögnum þar sem tólf mánaða sveifla einkennir tíðnieiginleika gagnanna. Af því má ráða að breytingar á þeirri röð fylgi tiltölulega reglulegu árstíðabundnu mynstri. Niðurstaðan er á annan veg þegar tíðniróf mismunaraðar VR-karla eru skoðuð. Þar má vissulega sjá samsvörun milli breytinga hvers mánaðar og breytinga tólf mánuðum á undan, en þar fyrir utan er öllu erfiðara að koma auga á reglubundna sveiflu. Svipuð niðurstaða fékkst þegar samsvarandi tíðniróf fyrir breytingar á atvinnuleysi kvenna voru borin saman, nema hvað þar er árstíðasveifla öllu minni en hjá körlum, hvort sem litið er til landsins í heild eða félaga í VR.

Raunar má fræðast nokkuð um árstíðabundna eiginleika atvinnuleysis með því að teikna upp þær vísitölur sem notaðar eru til árstíðaleiðréttingar á þeim gögnum sem hér um ræðir (sjá viðauka A). Á mynd 3.5 má sjá árstíðasveiflu atvinnuleysis annars vegar hjá körlum og konum í VR og hins vegar á öllum vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu, eins og hún kemur fram í árstíðavísitölum. Eins og sjá má er helsti munurinn milli VR-fólks og annarra á höfuðborgarsvæðinu sá að atvinnuleysi meðal vinnuafis á höfuðborgarsvæðinu er almennt mest yfir háveturinn, en meðal félagsmanna VR eru fyrsti og síðasti mánuður ársins undir meðallagi hvað atvinnuleysi varðar.

Mynd 3.5 Árstíðasveifla atvinnuleysis hjá körlum og konum í VR og á höfuðborgarsvæði.




Mars er hins vegar áberandi slæmur mánuður hvað varðar atvinnuhorfur hjá VR-félögum, og fram eftir vori er atvinnuleysi meðal beggja kynja yfir meðaltali, hvað vísitölurnar varðar. Í samtali við Árna Leósson, sérfræðing hjá VR, kom fram að þetta árstíðamynstur væri vel þekkt meðal félagsmanna, en ekki hefðu fundist einhlítar skýringar á því. Árni benti þó á að hugsanlega væri hér um að ræða fólk sem sagt væri upp í lok árs með þriggja mánaða uppsagnarfresti, og yrði því atvinnulaust þeim mun seinna, þótt ákvörðun um uppsögn kæmi til um háveturinn.<sup>18</sup> Auk þess má nefna að töluverður hluti félagsmanna VR starfar í smásöluverslun, þar sem oft eru miklar annir í kring um jólaös desembermánaðar, og vörutalningu og útsölur janúarmánaðar. Af mynd 3.5 má einnig glögglega sjá að sveiflur í atvinnuleysi eftir árstíma eru mun stærri meðal karla en kvenna, og gildir það jafnt um VR-félaga sem aðra á vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins.

### 3.3 Lýðfræðilegir eiginleikar

Eins og kom fram í upphafi kaflans er töluverður munur á hegðun atvinnuleysis meðal karla og kvenna í VR á því tímabili sem til skoðunar er. Munurinn er umtalsvert meiri en gengur og gerist á vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins.


<sup>18</sup> Samtal við Árna Leósson, 26. apríl 2004.

Mynd 3.6 Atvinnuleysi karla í VR 1991–2002.




Á mynd 3.6 má sjá samanburð á atvinnuleysi karla og kvenna meðal félagsmanna VR. Eftir svipaða stöðu fyrstu ár þess tímabils sem gögnin ná yfir skilur leiðir með kynjunum þegar kemur fram á árið 1992 og hafa konurnar alla tíð síðan búið við hærra atvinnuleysisstig en karlarnir. Mestur verður munurinn þegar ástandið fer að batna hjá körlunum um og upp úr miðjum tíunda áratugi nýliðinnar aldar. Meðal kvenna var hið háa atvinnuleysisstig sem fylgdi samdráttarskeiði fyrri hluta tíunda áratugarins mun þrálátara en hjá körlunum. Hlutfallslegur munur milli kynja varð hvað mestur árin 1997–1998 þegar atvinnuleysishlutfall var um það bil þrefalt hærra hjá konum en körlum.

Mynd 3.7 Atvinnuleysi karla í VR, skipt eftir aldri 1991–2002.



Mynd 3.8 Atvinnuleysi kvenna í VR, skipt eftir aldri 1991–2002.



Greining á skiptingu atvinnuleysis eftir aldri varpar nokkru ljósi á þróun atvinnuleysis hjá kynjunum. Á myndum 3.7 og 3.8, þar sem sjá má árstíðaleiðrétt atvinnuleysi karla og kvenna hjá VR flokkað eftir aldri, kemur í ljós að þróunin er með nokkuð ólíkum hætti hjá kynjunum. Þannig er atvinnuleysið hjá körlum minnst meðal þeirra yngstu og virðist aukast jafnt og þétt með hækkandi aldri. Samdráttarskeiðið 1992–1994 er reyndar undantekning hvað þetta varðar en þá varð atvinnuleysi hinna yngstu meira en þeirra sem eldri voru, að elsta hópnum undanskildum. Meðal VR-kvenna er hins vegar ekki hægt að tala um slíka reglu því konur á aldrinum 26 ára til fertugs búa við mun meira atvinnuleysi en bæði þær konur sem yngri eru og þær sem eru á miðjum aldri. Nærtækasta skýringin á þessu er sú að um er að ræða konur á barneignaraldrum sem oft eru frá starfi um lengri eða skemmri tíma vegna barneigna, veikinda ungra barna og fleiri slíkra þátta. Því kann vinnuveitendum að þykja þær óæskilegri starfskraftur en þær konur sem hafa annaðhvort ekki enn byrjað barneignir eða eru komnar yfir barneignaraldir. Einnig er hugsanlegt að samspil bótakerfis, lágra launa og dagvistunargjalda hjá konum með ung börn sem eiga ekki kost á vel launaðri vinnu hvetji þær til þess að vera heima með börn sín og þiggja atvinnuleysisbætur, fremur en að stunda láglounastarf og þurfa að greiða fyrir dagvist barna sinna.

Greinlegt er af myndum 3.7 og 3.8 að elsti hópur félaga í VR sker sig algerlega úr hvað atvinnuleysi varðar, sér í lagi eftir miðbik síðasta áratugar. Félagsmenn á þessum aldri eru að sönnu ekki stór hluti af heildarfjölda VR-félaga, hér um bil 10% hjá báðum kynjum, en þó er munurinn á atvinnuleysi þeirra og annarra félagsmanna svo afgerandi að ljóst má vera að aðstæður þessa fólks hljóta á einhvern hátt að vera aðrar og síðri en aðstæður þeirra sem yngri eru. Vert er að benda á að þær breytingar sem

sjá má í aldursmynstri atvinnulausra meðal félaga í VR endurspegla ekki breytingar á aldursskiptingu í félaginu, enda má ráða af töflu 3.2 að tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á dreifingu félagsmanna eftir aldri á tímabilinu. Helstu breytingarnar á aldursskiptingu felast í því að körlum eldri en 55 ára hefur fækkað töluvert en minni breytingar hafa orðið hjá konum í þessum aldurshópi og í öðrum aldurshópum beggja kynja.

**Tafla 3.2 Aldursskipting félaga í VR 1991 og 2002.**

	<b>Karlar</b>		<b>Konur</b>	
	<i>1991</i>	<i>2002</i>	<i>1991</i>	<i>2002</i>
<b>16-25</b>	28,5%	30,0%	28,6%	30,4%
<b>26-40</b>	41,9%	40,3%	37,9%	36,5%
<b>41-55</b>	18,3%	21,0%	24,0%	24,6%
<b>56+</b>	11,3%	8,7%	9,5%	8,5%

Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir miklu atvinnuleysi hjá elstu félögunum en hér má nefna tvær: Í samtali við sérfræðinga VR kom fram að töluvert er um að fólk sem verið hefur lengi á vinnumarkaði og unnið sig upp innan fyrirtækis, en missir síðan vinnuna, geri miklar kröfur um laun og aðra eiginleika væntanlegs starfs þegar farið er í atvinnuleit. Þetta fólk vilji helst sambærilega stöðu við þá sem það hafði fyrir uppsögn og sé tregt til að ráða sig í starf sem það álitur lægra sett í virðingarstiga samfélagsins. Þetta kemur heim og saman við kenningar Blinders um að nytjar einstaklings af starfi séu ekki aðeins háðar upphæð tekna, heldur einnig staðsetningu hans í tekjudreifingunni.<sup>19</sup> Þá staðsetningu telur Blinder endurspegla stöðu einstaklingsins í samfélaginu og þessari stöðu heldur viðkomandi þótt hann verði atvinnulaus, en nýtt starf markar honum hins vegar nýja stöðu. Einnig virðist raunin á íslenskum vinnumarkaði oft vera sú að mismunun vinnuveitenda er um að kenna, en segja má að slík mismunun endurspegli þá tilhneigingu atvinnurekenda að líta á aldur sem vísbendingu um ákveðna, staðlaða eiginleika. Því hefur til að mynda heyrst fleygt að eldri starfskraftur sé seinni að tileinka sér nýjungar en þeir sem yngri eru,<sup>20</sup> og dæmi eru um að eldra fólki sé beinlínis sagt að það passi ekki inn í starfsandann á vinnustað þar sem meðalaldurinn er lágur.<sup>21</sup> VR hefur reyndar látið til sín taka í

<sup>19</sup> Sjá Blinder (1991), 201.


<sup>20</sup> Alda Sigurðardóttir (2004).

<sup>21</sup> Viðtal við Árna Leósson, 26. apríl 2004.

baráttu gegn þessari mismunun, bæði með fræðslu og auglýsingum, sem beint er að atvinnurekendum, og með endurmenntun og starfsþjálfun, sem ætlað er að gera atvinnulaust fólk á miðjum aldri að eftirsóknarverðari starfskrafti.

Sem fyrr er áhugavert að teikna upp árstíðavísitölur og skoða hvernig árstíðasveiflan er hjá hinum ýmsu aldurshópum. Af mynd 3.9 má ráða að árstíðasveifla er langtum mest meðal yngstu félagsmanna VR. Hjá körlum minnkar síðan sveiflan jafnt og þétt með hækkandi aldri, en hjá konum er árstíðasveifla vart greinanleg þegar yngsta hópnum sleppir. Þennan breytileika árstíðasveiflunnar eftir aldri vinnuafis má síðan setja í samhengi við meðaltímalengd atvinnuleysis, eins og gert verður hér á eftir.

**Mynd 3.9 Árstíðasveifla í atvinnuleysi karla og kvenna í VR, skipt eftir aldri.**




Þriðja lýðfræðilega breytan, auk kyns og aldurs, sem fyrir lá í gögnum VR, er hjúskaparstaða. Í gögnunum er hjúskaparstaða reyndar greind í níu flokka, en brugðið var á það ráð að skipta félagsmönnum í tvo hópa: annars vegar þá sem eru í vígðri eða óvígðri sambúð og hins vegar þá sem eru ekki í sambúð. Á mynd 3.10 má sjá að mikill munur er á atvinnuleysi hjá körlum í sambúð og öðrum körlum. Þeir karlar sem ekki voru í sambúð bjuggu þannig við hér um bil tvöfalt hærra atvinnuleysisstig en hinir lungann af því tímabili sem hér er til skoðunar. Ýmsar skýringar gætu verið á þessum mikla mun. Í fyrsta lagi má vera að aldursdreifing hinna ókvæntu og þeirra sem kvæntir eru eða í sambúð hafi verið ólík, og munurinn endurspegli því að einhverju marki þann mun sem sjá má á atvinnuleysi eftir aldri. Einnig má líta til hins félagslega þáttar hvað varðar val fyrirtækja á þeim starfsmönnum sem sagt er upp við samdrátt. Leiða má að því líkum að fyrirtæki leitist fremur við að „hlífa“ fjölskyldumönnum þegar skera þarf niður vegna þess að þeir hafa aðra á framfæri


sínu, en telji það minni röskun fyrir einhleypa karla að missa vinnu. Í þriðja lagi getur verið að einhleypir karlar séu ótraustari starfskraftur en þeir sem eru í sambúð vegna þess að þeir hafa ekki sömu skyldur gagnvart sínum nánustu aðstandendum. Því verður fórnarkostnaður þeirra við atvinnuleysi ekki eins mikill og fjölskyldumanna. Það getur orðið til að auka líkur á undansvikum sem leiða til uppsagna en getur einnig orðið til að auka hreyfanleika þeirra þar sem þeir hika síður en fjölskyldumenn við uppsögn í því skyni að afla betra starfs þótt slík leit kunní að fela í sér atvinnuleysi um einhvern tíma.

Mynd 3.10 Skýrsluna skrifuðu Jón Bjarki Bengtsson, dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson sem allir eru sérfræðingar við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Mynd 3.10 Atvinnuleysi karla í VR eftir hjúskaparstöðu 1991–2002.**



**Mynd 3.11 Atvinnuleysi kvenna í VR eftir hjúskaparstöðu 1991–2002.**





Um atvinnuleysi kvenna eftir hjúskaparstöðu, sem sjá má á mynd 3.11, þarf ekki að fjölyrða: ekki er mikill munur á konum eftir hjúskaparstöðu þótt atvinnuleysi einhleypra kvenna hafi verið nokkuð hærra en annarra kvenna þegar samdráttarskeiðið á fyrri hluta tíunda áratugar stóð sem hæst. Þannig virðist sem konur þurfi ekki að gjalda þess að vera einhleypar í sama mæli og karlarnir þegar kemur að uppsögnum í atvinnulífinu. Reyndar má ef til vill snúa þeirri fullyrðingu við og segja sem svo að þær konur sem eru giftar eða í sambúð njóti ekki þeirrar stöðu sinnar á sama hátt og karlarnir gagnvart atvinnurekendum í uppsagnarhugleiðingum. Þetta kann að endurspegla hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna við framfærslu fjölskyldu; að körlum sé hlíft vegna þess að þeir hafi fyrir fjölskyldu að sjá, en minna mál þyki að segja konum upp vegna þess að makar þeirra komi til með að framfleyta þeim. Að auki ber að hafa í huga niðurstöður á greiningu atvinnuleysis eftir aldri og túlkun þeirra. Ef sú ályktun er rétt að konur á barneignaraldri þyki ekki eins heppilegur starfskraftur og aðrir getur verið að þau áhrif vegi upp þá þætti sem tilgreindir voru hér að ofan sem mögulegar ástæður fyrir hærra atvinnuleysi meðal einhleypra karla.

#### 3.4 *Lengd atvinnuleysis*

Magntölur um atvinnuleysi segja ekki alla söguna þegar greina á eðli þess, heldur er einnig gagnlegt að líta til samsetningar atvinnuleysis með tilliti til þess hversu margir eru atvinnulausir á hverjum tíma og hve lengi atvinnuleysi varir hjá hverjum og einum. Tiltekið atvinnuleysishlutfall getur þannig verið merki um líflegan vinnumarkað þar sem mikill fjöldi verður atvinnulaus á hverju tímabili en atvinnuleysi hvers og eins varir stutt. Sama hlutfall atvinnuleysis getur á hinn bóginn einnig verið afleiðing stöðnunar á vinnumarkaði þar sem tiltölulega fáir verða atvinnulausir á hverju tímabili, en þeir sem það verða eiga á hættu að atvinnuleysi þeirra verði langvinnt. Atvinnuleysi á hverjum tíma tekur þannig breytingum eftir magni innflæðis, þ.e. fjölda þeirra sem missa vinnuna á tímabilinu, og magni útflæðis, sem samsvarar fjölda þeirra sem fá starf eftir tímabil atvinnuleysis.

Í Layard o.fl. er sett fram einföld jafna fyrir samband innflæðis, lengdar og hlutfalls atvinnuleysis í jafnstöðu.<sup>22</sup> Samkvæmt því gildir, ef ekki verða breytingar á atvinnuleysisstigi:

---

<sup>22</sup> Layard o.fl. (1991), 218.

$$\mathbf{Hlutfall} = \mathbf{Innflæði} \times \mathbf{Meðallengd} \quad (2)$$

Þessa jöfnu má umrita og fá þannig líkingu fyrir meðallengd atvinnuleysis í jafnstöðu:

$$\mathbf{Meðallengd} = \frac{\mathbf{Hlutfall}}{\mathbf{Innflæði}} \quad (3)$$


Hins vegar verður að hafa í huga að jafna (3) stenst síður þegar breytingar verða á atvinnuleysi frá einum tíma til annars. Fari atvinnuleysi til að mynda vaxandi má gera því skóna að innflæði sé hlutfallslega hærra en raunin væri í jafnvægi og þar af leiðandi verður meðallengdin vanmetin. Hið gagnstæða gildir þegar atvinnuleysi fer minnkandi: innflæðið verður þá hlutfallslega lítið og jafnan ofmetur meðallengd atvinnuleysis. Til að vinna bug á þessu var brugðið á það ráð að taka einnig tillit til útfælðis, þ.e. fjölda þeirra sem fá vinnu á hverjum tíma. Tölur um útfælði skekkja mat á meðallengd á gagnstæðan hátt við tölur um innflæði þegar breytingar verða. Því má leiða að því líkur að þegar meðaltal beggja þessara stærða er sett í nefnara verði mat á meðallengd nokkuð nærri réttu lagi þótt atvinnuleysishlutfallið taki breytingum. Jafnan sem notuð var til að meta meðallengd atvinnuleysis hjá félagsmönnum í VR út frá gögnum um atvinnuleysishlutfall, innflæði og útfælði var því:

$$\mathbf{Meðallengd} = \frac{\mathbf{Hlutfall}}{(\mathbf{Innflæði} + \mathbf{Útfælði})/2} \quad (4)$$

Gögnin sem lögð voru til grundvallar voru ársmeðaltöl mánaðartalna. Til að fá gleggri mynd af langtímabreytingum var tekið þriggja ára hlaupandi meðaltal, þannig að niðurstöðutala um meðallengd atvinnuleysis fyrir hvert ár var í raun meðaltal þess árs, ársins á undan og næsta árs á eftir. Á mynd 3.12 má sjá metna meðallengd atvinnuleysis meðal karla og kvenna í VR árin 1991–2002.

Mynd 3.12 Skýrsluna skrifuðu Jón Bjarki Bengtsson, dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson sem allir eru sérfræðingar við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Mynd 3.12 Meðallengd atvinnuleysis karla og kvenna í VR 1991--2003. 3 ára hlaupandi meðaltal.



Af myndinni má ráða að meðallengd atvinnuleysis hefur hækkað jafnt og þétt á tíunda áratug nýliðinnar aldar, en undir aldamótin hefur meðallengdin lækkað nokkuð hratt og er í lok tímabilsins orðin nokkurn vegin hin sama og í upphafi þess. Athygli vekur að þótt hlutfall atvinnuleysis hafi farið lakkandi hjá báðum kynjum allan seinni hluta tíunda áratugarins lækkaði meðallengdin ekki fyrr en á seinni hluta þess vaxtarskeiðs sem einkenndi ofanverðan síðasta áratug. Þetta má túlka þannig að þegar horfur fóru að batna á vinnumarkaði hafi þeir fremur fengið vinnu sem höfðu að baki tiltölulega stutt tímabil atvinnuleysis, en hinir sem lengur höfðu verið atvinnulausir hafi setið eftir og gengið verr að fá starf að nýju þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir vinnuafli. Kemur það vel heim og saman við ýmsar erlendar rannsóknir á lengd atvinnuleysis en víðast hvar virðast líkur á að fá vinnu minnka með aukinni lengd atvinnuleysis. Tvær skýringar eru á þessu. Annars vegar eru svokölluð misleitniáhrif e. heterogeneity effect) og hins vegar tímalengdarháð áhrif (e. duration dependence) sem minnka líkur á að fá vinnu eftir því sem skeiði atvinnuleysis vindur fram.<sup>23</sup>

Misleitniáhrif koma til af því að þeir sem verða atvinnulausir hafa mismunandi eiginleika, bakgrunn og menntun. Gera má ráð fyrir því að þeir sem atvinnurekendur telja að hafi heppilega eiginleika fái vinnu fyrr en aðrir. Því verður valbjögun meðal atvinnulausra þegar lengra líður á atvinnuleysið; þeir sem verið hafa atvinnulausir um nokkurt skeið hafa þannig að meðaltali lakari eiginleika í augum vinnuveitenda en sá hópur sem nýkominn er í raðir atvinnulausra.


<sup>23</sup> Sjá t.d. Machin og Manning (1999), 3107 og Bosworth o.fl. (1996), 415.

Tímalengdarháð áhrif er í raun erfitt að einangra frá duldum misleitniáhrifum. Fræðilega má þó skilgreina þau sem þau beinu áhrif sem tímalengd atvinnuleysis hefur á líkurnar á því að fá vinnu, óháð hinum atvinnulausa einstaklingi. Þar má til að mynda nefna rýrnun mannauðs sem oft er fylgifiskur atvinnuleysis þegar það hefur varað um hríð. Einnig má vera að vinnuveitendur hafi tilhneigingu til að líta svo á að lengd atvinnuleysis sé neikvæð vísbending og nái þannig að flokka þá sem sækja um störf hjá þeim út frá því. Gallinn er sá að engin trygging er fyrir því að einstaklingur sem verið hefur atvinnulaus um nokkurt skeið sé ekki fullhæfur starfskraftur sem sakir óheppni hefur ekki notið góðs af misleitniáhrifunum. Auk þess kunna hin neikvæðu sálrænu og félagslegu áhrif sem talið er að fylgi langtímaatvinnuleysi að koma niður á vilja og getu hins atvinnulausa til þess að verða sér úti um vinnu.

Í stuttu máli sagt gæti því annars vegar verið um að ræða misleitniáhrif, sem fela það í sér að þeir fá fyrst vinnu sem vinnuveitendur telja ákjósanlegasta starfskraftinn, og hins vegar tímalengdarháð áhrif, sem lýsa sér í því að langt atvinnuleysistímabil getur gert viðkomandi einstakling að lakari starfskrafti vegna rýrnunar mannauðs og fleiri óæskilegra áhrifa af langtímaatvinnuleysi.

Eins og áður gefur sundurgreining eftir aldri frekari vísbendingar um viðfangsefnið. Á mynd 3.13 má sjá meðallengd atvinnuleysis hjá VR-félögum þegar þeim er skipt niður eftir kyni og aldri.

**Mynd 3.13 Meðallengd atvinnuleysis karla og kvenna í VR 1991–2003 eftir aldri. 3 ára hlaupandi meðaltal.**



Vert er að árétta að þar sem meðallengdin er metin með jöfnu (4) en ekki tekin beint úr gögnum ber fyrst og fremst að skoða lögun ferlanna sem vísbendingu um þróun

meðallengdar atvinnuleysis, en lesa ekki lengdina bókstaflega af kvarðanum vinstra megin á gröfunum í mynd 3.13. Að því gefnu má ljóslega sjá að það eru elstu félagsmenn VR af báðum kynjum sem bera hitann og þungann af lengingu meðalatvinnuleysisstíma VR-félaga eftir því sem líður á tíunda áratuginn. Hjá þeim sem yngri eru breytist meðallengdin tiltölulega lítið á tímabilinu. Þannig virðist langtímaatvinnuleysi á því tímabili sem til athugunar er fyrst og fremst hafa verið vandamál hjá fólki á sextugsaldri eða þaðan af eldra á seinni hluta síðasta áratugar. Sú ályktun kemur vel heim og saman við niðurstöðu Machins og Mannings um að hlutfall langtímaatvinnuleysis í OECD-löndum sé jafnan mest hjá elsta hluta vinnuafslsins, en lægst hjá þeim yngsta.<sup>24</sup> Þeir segja ástæðuna vera þá að ungt fólk skiptir oft um starf og mikill fjöldi kemur þá inn á atvinnuleysissskrá þótt atvinnuleysi flestra vari í stuttan tíma. Langtímaatvinnuleysi verði því hlutfallslega sjaldgæft hjá þessum hópi. Þetta er í samræmi við þá stóru árstíðasveiflu sem sjá mátti hjá ungu fólki á mynd 3.9. Ekki er ósennilegt að töluverður hluti af atvinnulausu ungu fólki í VR missi vinnuna þegar árstíðabundið atvinnuleysi nær hámarki snemma vors, en finni tiltölulega fljótt nýtt starf þegar árstíðasveiflan verður hagfelldari með sumrinu.

---

<sup>24</sup> Maching og Manning (1999), 3093.

## 4 Sjóðir

VR hefur með höndum umsýslu ýmissa sjóða sem félagsmenn geta leitað til við tiltekna aðstæður. Er þar annars vegar um að ræða Sjúkrasjóð VR, sem aðstoðar VR-félaga í veikindum og öðrum áföllum, og hins vegar Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóð verslunarinnar, en úr þeim eru greiddir styrkir vegna menntunar félagsmanna í VR. Allir eru sjóðirnir fjármagnaðir með iðgjöldum sem greidd eru af vinnuveitendum VR-félaga. Nema iðgjöld til Sjúkrasjóðs VR 1% af heildarlaunum viðkomandi félagsmanns, en iðgjöld til starfsmenntasjóða samsvara almennt 0,15% af heildarlaunum félagsmannsins.

### 4.1 Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður VR hefur sem fyrr segir það hlutverk að styrkja félagsmenn fjárhagslega til að mæta kostnaði og tekjutapi vegna veikinda og annarra áfalla sem yfir þá kunna að ganga, auk þess sem styrkir eru veittir til ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða, svo sem líkamsræktar og kaupa á hjálpartækjum á borð við gleraugu og heyrnartæki. Greiðslum úr sjóðnum má í stórum dráttum skipta í fjóra flokka:

Dagpeningar eru greiddir til félagsmanna sem eru óvinnufærir vegna veikinda eða slysa umfram þann tíma sem lögboðnar veikindagreiðslur frá vinnuveitanda taka til. Einnig geta menn fengið greidda dagpeninga vegna veikinda barna umfram þann dagafjölda sem þeir eiga rétt á að fá greiddan samkvæmt kjarasamningum.


Styrkir eru greiddir vegna tryggingakaupa félagsmanna, fyrirbyggjandi aðgerða, endurhæfingar og kaupa á hjálpartækjum. Einnig eru veittir styrkir vegna glasafrjóvgunar og áfengismeðferðar.

Örorkubætur fá félagar í VR ef slys í frítíma þeirra leiða til varanlegrar örorku. Einnig eru greiddar bætur vegna örorku barna félagsmanna.

Dánarbætur eru greiddar til aðstandenda við andlát VR-félaga.

Langstærsti hluti greiðslna úr Sjúkrasjóði VR eru dagpeningar, en dagpeningagreiðslur námu 243 m. kr. árið 2003, sem voru um það bil tveir þriðju hlutar af heildargreiðslum úr sjóðnum það ár. Tæpur fjórðungur af greiðslum úr sjóðnum árið 2003 var í formi styrkja, 9% greiðslna voru vegna dánarbóta og um það bil 1% vegna örorkubóta. Heildargreiðslur úr Sjúkrasjóði VR í hverjum mánuði árin 1987–2003 á föstu verðlagi, ásamt skiptingu eftir meginflokkunum fjórum, má sjá á mynd 4.1.


Mynd 4.1 Mánaðarlegar greiðslur úr sjúkrasjóði VR 1987–2003 á föstu verðlagi.



Á myndinni sést að mikill kúfur varð í greiðslu dagpeninga árin 1999–2001 og má rekja hann til þess að á þessum tíma greiddi Sjúkrasjóður VR fæðingarorlof félagsmanna, en síðan hefur Fæðingarorlofssjóður tekið við því hlutverki. Einnig má af myndinni sjá að greiðslur styrkja hafa aukist mikið hin síðari ár. Ræðst hækkunin bæði af síauknum fjölda styrkþega í mánuði hverjum og hærri styrkjum til hvers og eins að meðaltali á föstu verðlagi, eins og sést á mynd 4.2.


Mynd 4.2 Skýrsluna skrifuðu Jón Bjarki Bengtsson, dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson sem allir eru sérfræðingar við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Mynd 4.2 Greiðslur dagpeninga og styrkja úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003.



Á myndinni má sjá þróun dagpeningagreiðslna og styrkja úr Sjúkrasjóði VR. Af súlunum má lesa meðalfjölda þeirra sem þáðu styrk eða greiðslur í mánuði hverjum á tímabilinu, en línan sýnir meðalgreiðslur til hvers og eins á föstu verðlagi. Dagpeningagreiðslur hækkuðu að jafnaði mun meira en laun félagsmanna á tímabilinu, eða um 150% á föstu verðlagi milli ára 1987 og 2003, og átti sú hækkun sér alfarið stað á seinni hluta tímabilsins. Öðru máli gegnir um meðalupphæð styrkja sem sveiflaðist upp og niður á ofangreindu tímabili, en hefur reyndar hækkað nokkuð ört undanfarin ár, eins og áður kom fram. Raunar voru styrkir miklum mun hærri að jafnaði árin 1987–1988 en síðar varð, en rétt er að hafa í huga að styrkþegar voru aðeins tveir hvort ár.

Mynd 4.3 Greiðslur örorkubóta og dánarbóta úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003.




Ef litið er til greiðslna örorku- og dánarbóta kemur í ljós að fjöldi örorkubótaþega hefur sveiflast mikið á tímabilinu sem til skoðunar er. Þetta má sjá af mynd 4.3 þar sem súlurnar tákna fjölda bótaþega á ári hverju, en línan meðalupphæð bóta hvers árs á föstu verðlagi. Þannig voru það hlutfallslega margir sem þáðu örorkubætur árin 1992–1996 ef miðað er við árin á undan og eftir. Þessi þróun ber nokkurn keim af þróun atvinnuleysis innan VR og því áhugavert að athuga fylgni milli þessara tveggja stærða. Í ljós kemur að marktæk fylgni er milli fjölda örorkubótaþega og atvinnuleysisstigs meðal félagsmanna í VR, eins og fram kemur á mynd 4.4.<sup>25</sup> Af jöfnu aðhvarfslínu, sem gefin er upp á myndinni, má ráða að fyrir hvert prósentustig

<sup>25</sup> T-gildi fyrir áhrif atvinnuleysisstigs á fjölda bótaþega var 4,69 sem er marktækt frá 0 við 99% marktæknistig. T-gildi fyrir fasta var hins vegar ekki marktækt frá 0, enda má gefa sér að fjöldi bótaþega verði aldrei neikvæður, eins og formerki við fasta gefur til kynna.



sem atvinnuleysi innan VR hækkar megi búast við að örorkubótaþega fjölgi að meðaltali um ríflega tvo á ári, að öðru óbreyttu. Aftur á móti virðist meðalupphæð greiðslna sveiflast í öfugum takti við fjölda þeirra, sem gæti bent til þess að lágar bótaupphæðir séu fastar sóttar þegar atvinnuleysi er mikið en ella.

**Mynd 4.4 Samband atvinnuleysisstigs og fjölda örorkubótaþega 1990–2003.**




Hluttur kynjanna í greiðslum úr Sjúkrasjóði VR hefur verið í samræmi við fjöldahlutfall þeirra innan félagsins og hefur tiltölulega lítið breyst á tímabilinu. Þannig runnu um 30% heildargreiðslna úr honum til karla árið 1987, en konur þáðu hér um bil 70% af greiðslum það ár. Árið 2003 nam hluttur karla í heildargreiðslum úr sjúkrasjóði hins vegar tæpum 35% og rúmlega 65% heildargreiðslna úr sjóðnum fóru til kvenna. Hins vegar hefur hlutfall karla sem þiggja dagpeninga eða styrk af heildarfjölda karla í VR jafnan verið mun lægra en raunin er meðal kvenna. Til að mynda voru karlar rúmur fjórðungur þeirra sem þáðu dagpeninga og tæp 29% af styrkþegum úr Sjúkrasjóði VR árið 2003 þótt hlutfall þeirra af félagsmönnum hafi verið 38,5% það ár. Á móti kemur að hver og einn karl fékk að jafnaði mun hærri fjárhæð úr sjúkrasjóðnum en konur fengu að meðaltali. Þannig var meðalupphæð úr Sjúkrasjóði VR til karla að meðaltali um það bil 50% hærri en samsvarandi meðalgreiðsla til kvenna á tímabilinu 1999–2003, hvort sem um var að ræða dagpeninga eða styrk. Munurinn á meðalupphæð dagpeningagreiðslu skýrist væntanlega að miklu leyti af launamun milli kynja, en erfiðara er að ráða í hvað veldur mun á meðalupphæð styrkja eftir kyni.

Skipting á greiðslum bóta milli kynja er ólík eftir því hvort um er að ræða örorkubætur eða dánarbætur. Hinar fyrrnefndu skiptast milli kynjanna á svipaðan hátt og dagpeningar og styrkir hvað fjölda varðar. Konur voru þannig um 70%


örorkubótaþega á árunum 1987–2003, en í 30% tilfella var um greiðslur til karla að ræða. Skipting dánarbóta milli kynja var hins vegar á allt annan veg á tímabilinu: Í 54% tilfella voru þær greiddar vegna andláts karlkyns VR-félaga en 46% útborgana voru vegna kvenna. Skýringar á þessu gætu legið í ólíkum hlutföllum mismunandi hjúskaparstöðu milli kynjanna, eins og fram kemur síðar í kaflanum.

Greining á fjölda þeirra sem þiggja dagpeninga eftir aldri leiðir í ljós að elstu félagsmenn VR fá hlutfallslega oftast greidda dagpeninga úr Sjúkrasjóði VR en þeir sem yngri eru. Það á þó ekki við um árabilið 1999–2001 hjá konum en þá voru dagpeningagreiðslur til yngri kvenna mjög tíðar. Það kom til af því að VR greiddi á þeim tíma dagpeninga í fæðingarorlofi. Í öllum aldurshópum karla og kvenna hefur tilhneigingin verið sú að þeim sem þiggja sjúkradagpeninga hefur fjölgað hlutfallslega með tímanum þótt sveiflur séu innan einstakra aldurshópa frá einu ári til annars.

**Mynd 4.5 Hlutfall þeirra sem þáðu dagpeninga úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri.**




**Mynd 4.6 Hlutfall þeirra sem þáðu styrki úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri.**



Þegar hlutfall þeirra sem þiggja styrk úr Sjúkrasjóði VR af heildarfjölda er greint eftir aldri kemur á daginn að um svipað hlutfall styrkþega er að ræða í öllum aldurshópum, nema hvað þeir yngstu skera sig úr. Styrkþegum á aldursbilinu 16–25 ára hefur þannig fjölgað mun hægar sem hlutfalli af heildarfjölda VR-félaga á þessum aldri en raunin er meðal þeirra sem eldri eru, hvort sem um er að ræða karla eða konur. Raunar var hlutfall styrkþega meðal elstu karlanna töluvert herra en hjá öðrum körlum á árunum 1993–2000, en sá munur virðist hafa horfið eftir síðustu aldamót. Mikið stökk varð í hlutfalli karlkyns styrkþega af heildarfjölda karla milli árána 2000 og 2001 í öllum aldurshópum nema þeim yngstu, en að yngsta hópnum slepptum tvöfaldaðist hlutfall styrkþega af heildarfjölda VR-karla milli þessara ára. Þessa miklu aukningu má rekja til breytinga á úthlutunarreglum úr sjúkrasjóði á þessum tíma, en með þeim voru reglur um styrki mjög rýmkaðar. Konur virðast þó ekki hafa fært sér þær breytingar í nyt í sama mæli og karlar innan VR.


**Mynd 4.7 Skipting bótagreiðslna úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 eftir aldri.**



Skiptingu á fjölda greiðslna örorku- og dánarbóta eftir aldri þess VR-félaga sem bæturnar tilheyrðu má sjá á mynd 4.7. Ekki ætti að koma á óvart að meirihluti dánarbóta var greiddur út vegna elstu félagsmanna VR. Athyglisverðari er sú staðreynd að hlutfallslega mikill fjöldi kvenna á miðjum aldri fékk greiddar örorkubætur á tímabilinu, en 34 konur á aldrinum 41–55 ára fengu slíkar bætur á móti 10 körlum, þ.e. rúmlega þrefalt fleiri konur en karlar.

Ekki reyndist unnt að greina dagpeningagreiðslur eftir atvinnugreinum vegna fyrirkomulags á skráningu greiðslnanna. Hins vegar var hægt að flokka greiðslur styrkja niður eftir atvinnugreinum og er hlutfall styrkþega úr Sjúkrasjóði VR af heildarfjölda í sex flokkum atvinnugreina sett fram á mynd 4.8. Af myndinni má ráða að starfsfólk í fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í sérhæfðri þjónustu fær hlutfallslega oftar styrki en VR-fólk sem starfar í öðrum geirum atvinnulífsins. Þó hefur orðið hröð hækkun á hlutfalli styrkþega meðal þeirra sem skráðir eru í flokkinn „aðrir“ en nánari athugun leiddi í ljós að trúlega má skrifa stóran hluta þeirrar hækkunar á skráningarfyrirkomulag upplýsinga.


**Mynd 4.8 Hlutfall styrkþega úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir atvinnugreinum.**



Greining á þeim sem þiggja greiðslur úr Sjúkrasjóði VR eftir hjúskaparstöðu gefur ólíka niðurstöðu eftir því hvort um dagpeninga eða styrki er að ræða, eins og sést af mynd 4.9. Tiltölulega lítill munur var þannig allt tímabilið á hlutfallslegum fjölda þeirra sem þáðu dagpeninga úr sjóðnum, hvort sem þeir voru í sambúð eða ekki. Þó var hlutfallið framan af hærra hjá þeim sem ekki voru í sambúð, hvort sem um konur


eða karla var að ræða. Árið 1999 snerist þetta við og næstu árin þar á eftir fékk sambúðarfólk hlutfallslega oftar greidda dagpeninga úr sjúkrasjóði, en það má væntanlega rekja til greiðslu fæðingarorlofs úr sjóðnum.

**Mynd 4.9 Hlutfall þeirra sem þáðu dagpeninga og styrki úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 af heildarfjölda skipti eftir kyni og hjúskaparstöðu.**



Staðan er allt önnur þegar hlutfallslegur fjöldi styrkþega er borinn saman eftir því hvort um fólk í sambúð er að ræða eða ekki. Kemur þá á daginn að konur og karlar sem skráð voru í sambúð í gagnagrunni VR fengu hlutfallslega mun oftar styrki úr sjúkrasjóði en hinir sem ekki voru í sambúð og hefur þessi munur aukist með tímanum. Þannig var rúmlega 80% munur á hlutfallslegum fjölda karlkyns styrkþega eftir hjúskaparstöðu árið 2003 og meðal kvenna var þessi munur rúm 50%. Um ástæður þessa er ekki gott að segja, utan það að vert er að minna á að hér eru allir greiðendur félagsgjalda til VR lagðir til grundvallar en ekki stýft úrtak. Hér eru því einnig taldir til þeir sem unnu hlutastörf og höfðu heildarlaun undir lágmarkstöxtum VR í hverjum mánuði. Innan þess hóps er hlutfallslega fleira ungt og ólofað fólk en gengur og gerist meðal félagsmanna í VR og ef til vill leggur slíkt fólk síður fé í kaup á tryggingum og aðra slíka kostnaðarþætti sem veita rétt til styrks úr Sjúkrasjóði VR. Vert væri þó að kanna þennan mun nánar.

**Mynd 4.10 Skipting fjölda bótagreiðslna úr Sjúkrasjóði VR 1987–2003 eftir hjúskaparstöðu.**



Ef tekinn er saman heildarfjöldi greiðslna á örorku- og dánarbótum úr Sjúkrasjóði VR á tímabilinu 1987–2003 og greiðslunum skipt niður eftir hjúskaparstöðu viðkomandi VR-félaga kemur á daginn að mun oftast eru bætur greiddar vegna fólks í sambúð en hlutfallslegur fjöldi þeirra gefur tilefni til, að undanskildum dánarbótum vegna kvenna þar sem hlutfallslega hallar á sambúðarkonur. Eins og fyrr kom fram hefur hlutfall milli sambúðarfólks og annarra breyst töluvert í tímans rás, en sé tekið meðaltal hlutfallslegs fjölda á tímabilinu skiptast félagsmenn nokkuð jafnt milli þeirra sem skráðir voru í sambúð og hinna sem ekki voru í skráðri sambúð. Hins vegar voru um það bil 70% bótagreiðslna vegna karlkyns félaga skráðar á karla í sambúð, hvort sem um var að ræða örorku- eða dánarbætur, og 60% af fjölda örorkubótagreiðslna runnu til kvenna í sambúð, meðan 40% af dánarbótagreiðslum úr sjóðnum voru tilkomnar vegna kvenna í hjónabandi eða sambúð. Ekki er ólíklegt að skýringin á háu hlutfalli karla í sambúð af heildarfjölda bótagreiðslna vegna karlkyns VR-félaga sé sú að þar er gjarnan um aðalfyrirvinnu heimilis að ræða, einkum meðal eldri félagsmanna, og því eru bætur fastar sóttar en ella vegna hins mikla fjárhagslega áfalls sem örorka eða dauði viðkomandi veldur fjölskyldu hans. Sú staðreynd að dánarbótagreiðslur vegna karla eru fleiri en greiðslur vegna kvenna, þótt karlar hafi allt tímabilið verið færri en konur innan VR, styður þá skýringu.

#### 4.2 Starfsmenntasjóðir

VR sér um rekstur tveggja sjóða sem ætlað er styðja við menntun og þjálfun félagsmanna. eru það Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, en í hann greiða iðgjöld þeir vinnuveitendur VR-félaga sem eru félagar í Samtökum atvinnulífsins, og Starfsmenntasjóður verslunarinnar, sem fær iðgjöld vegna

félagsmanna sem starfa hjá aðilum að Félagi íslenskra stórkaupmanna. Þrenns konar styrkir eru greiddir úr þessum sjóðum:


*Starfsmenntastyrkir* eru veittir til að standa straum af námskeiðsgjöldum VR-félaga og endurgreiðir sjóðurinn allt að helming námskeiðsgjalda, þó að hámarki 60.000 kr. árið 2004.

*Tómstundastyrkir* eru greiddir þeim félagsmönnum VR sem sækja tómstundanámskeið. Greiddur er helmingur námskeiðsgjalds upp að hámarki, sem árið 2004 var 8.000 kr.

*Ferðastyrkir* eru veittir til að mæta ferðakostnaði vegna náms VR-félaga og eru reglur um þá í stórum dráttum þær sömu og gilda um starfsmenntastyrki.


Sjóðirnir í núverandi mynd voru stofnaðir í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2000 en áður voru styrkir vegna menntunar greiddir beint úr sjóðum VR.

Mynd 4.11 Greiðslur úr starfsmenntasjóðum 1989–2003 á föstu verðlagi.



Sjá má af mynd 4.11 að heildargreiðslur úr starfsmenntasjóðum VR hafa sveiflast mikið milli einstakra mánaða síðan núverandi kerfi var tekið upp árið 2000. Hæstu greiðslurnar eiga sér annars vegar stað síðla vors og hins vegar undir árslok, en lægstar eru heildargreiðslur seinni part vetrar og á haustmánuðum. Hafa ber í huga að styrkir eru ekki greiddir út fyrr en við framvísun staðfestingar á greiðslu námskeiðsgjalda að þeim loknum, svo verið getur að ekki sé samræmi milli námskeiðspáttöku félagsmanna og mánaðarlegra greiðslna úr starfsmenntasjóðum. Yfirgnæfandi meirihluti heildargreiðslna úr starfsmenntasjóðum á tímabilinu var í formi starfsmenntastyrkja og ferðastyrkja tengdum þeim, um það bil 92% árið 2003, en 8% af heildargreiðslum úr sjóðunum það ár voru vegna tómstundastyrkja.


Mynd 4.12 Greiðslur úr starfsmenntasjóðum VR 1989–2003 á föstu verðlagi.



Konur í öllum aldurshópum eru mun duglegri en karlar á líkum aldri við að sækja starfsmenntun ef marka má mynd 4.12, en á henni má sjá heildarfjölda veittra starfsmenntastyrkja á ári hverju sem hlutfall af meðalfjölda á hverju aldursbili. Yfir heildina voru konur þannig um það bil tvöfalt líklegri til að þiggja starfsmenntastyrk í tilteknum mánuði en raunin var meðal karla. Vert er að hafa í huga að sami VR-félagi getur sótt um styrk oftari en einu sinni sama árið svo að prósentutölurnar á myndinni kunna að ofmeta hið eiginlega hlutfall félagsmanna VR sem sækir námskeið. Af mynd 4.13 má einnig sjá að karlar á aldrinum 26–40 ára hafa sótt í sig veðrið seinustu ár hvað starfsmenntastyrki varðar, en karlar í öðrum aldursflokkum virðast vera á nokkuð líku róli innbyrðis þótt yngstu karlarnir hafi reyndar bætt sinn hlut nokkuð gagnvart hinum á tímabilinu. Meðal kvenna skáru yngstu konurnar sig nokkuð úr lengst af tímabilinu hvað varðar lágt hlutfall þeirra sem þiggja starfsmenntastyrk af heildarfjölda. Konur á aldrinum 16–25 ára hafa þannig nær allt tímabilið verið hlutfallslega ólíklegri til að sækja starfstengt nám en þær sem eldri eru, en yngstu karlarnir hafa staðið nokkuð nærri öðrum körlum hvað varðar hlutfall starfsmenntastyrkþega.




**Mynd 4.13 Hlutfall þeirra sem þáðu starfsmenntastyrki 1987–2003 af heildarfjölda skipt eftir aldri.**




Nokkur munur er á hlutfallslegri tíðni á greiðslum starfsmenntastyrks til VR-fólks eftir atvinnugreinum. Lægst er hún meðal þeirra félagsmanna sem starfa við samgöngur og ferðaþjónustu eða í smásöluverslun. VR-félagar sem starfa við heilidsölu, bílasölu eða í framleiðslu eru nokkuð ötulli við endurmenntun en aðrir félagsmenn ef marka má styrkjagreiðslur til þeirra. Þeir félagsmenn sem fást við fjármál eða sérhæfða þjónustu eru þó enn líklegri til þess að fá starfsmenntastyrki og voru greiðslur til þeirra lengst af tímabilinu hér um bil tvöfalt tíðari hlutfallslega en raunin var með fólk í samgöngum, ferðaþjónustu og smásöluverslun. Síðustu ár hafa svo þeir sem ekki falla undir neinn ofangreindra flokka tekið forystu hvað varðar hlutfallslega tíðni starfsmenntunarstyrkja, en rétt er taka tölum um þennan hóp með fyrirvara því skráningarfyrirkomulag upplýsinga skeykir samtölur um þá sem falla undir hann.

**Mynd 4.14 Meðalfjöldi þeirra sem þáðu starfsmenntastyrk í hverjum mánuði 1989–2003 sem hlutfall af heildarfjölda skipt eftir atvinnugrein.**



**Mynd 4.15 Meðalfjöldi þeirra sem þáðu starfsmenntastyrk í hverjum mánuði 1989–2003 sem hlutfall af heildarfjölda skipt eftir kyni og hjúskaparstöðu.**



Milli kynjanna hefur hjúskaparstaða ólík áhrif á hlutfallslega tíðni styrkþega meðal VR-félaga, eins og glögglega sést á mynd 4.15. Lítil munur virðist vera á körlum í sambúð og öðrum körlum hvað varðar tíðni greiðslna starfsmenntastyrks, en hjá konum kemur í ljós afgerandi munur á þann veg að konur í sambúð voru mun líklegri til þess að þiggja starfsmenntastyrk en þær sem ekki voru í sambúð.

## 5 Tekjudreifing

Alkunna er að margar stærðir í félags- og raunvísindum lúta svokallaðri normaldreifingu. Í því felst að dreifing þessara stærða er bjöllulaga. Hápunktur dreifingarinnar og meðaltal er þar sem bjallan rís hæst, en síðan þynnist dreifingin jafnt út til beggja átta. Þannig má gera ráð fyrir að hæð fólks og líkamsþyngd séu normaldreifðar stærðir; ef valinn er hópur fólks af handahófi úr þjóðskrá er trúlegt að dágóður fjöldi sé bæði fyrir ofan og neðan meðalhæð og þyngd. Meðal annarra stærða sem taldar eru normaldreifðar má nefna andlegt atgervi fólks eða hæfileika. Sumir eru afburðavel gefnir, aðrir miður en flestir hafa meðalgreind.

Tekjur dreifast aftur á móti ekki á þennan hátt. Almennt gildir að tekjudreifing hefur einn topp eins og normaldreifing en gera má ráð fyrir að hægri hluti dreifingarinnar, sem sýnir tekjuhæstu einstaklingana, teygi sig lengra út frá meðaltalinu en vinstri hluti hennar, sem táknar þá tekjulægstu. Þessi löggun endurspeglar þá staðreynd að í flestum löndum heims eru tiltölulega fáir, stórríkir einstaklingar, en aftur á móti mjög margir sem hafa tekjur undir meðaltali. Fyrir vikið verður sá hali dreifingarinnar sem teygir sig til vinstri, fyrir neðan meðaltalið, þykkari en sá sem teygir sig til hægri.

Af því sem hér hefur verið sagt gæti virst sem um þversögn væri að ræða því ef hæfileikar fólks eru normaldreifðir mætti ætla að tekjur þess væru það einnig. En hér verður að hafa í huga að fjölmörg önnur atriði geta bjagað þetta „sjálfsgöða“ samband á milli gáfna og tekna. Þar má til dæmis nefna menntun, heppni, áræðni og veraldlegar vöggugjafir. Byrjum á menntuninni. Yfirleitt er gengið út frá því sem vísu að menntun skili sér í hærri launum og að menntað fólk hafi hærri tekjur en þeir sem styttra hafa gengið í skóla. Hér er ekki eingöngu átt við þann lærdóm sem hafa má af skólanámi í upphafi ævinnar, heldur einnig símenntun og ýmiss konar endurmenntun sem nútímafólki stendur til boða. Heppni getur einnig ráðið miklu. Sumir verða fyrir því láni að vera á réttum stað á réttum tíma, fyrir aðra er tíminn ævinlega vitlaus og staðurinn rangur. Einstaklingar eru einnig misgefnið fyrir áhættu. Einn er tilbúinn að láta slag standa og taka sénsinn, annar situr með hendur í skauti og bíður eftir öruggu tækifæri. Stundum borgar áræðnin sig og skilar miklum auði, í önnur skipti er verr af stað farið en heima setið. Aðstæður fólks eru einnig misjafnar frá fæðingu. Einn fæðist með silfurskeið í munnunni en annar þekkir vart nokkuð annað en örbirgð og fátækt frá blautu barnsbeini. Launastefna á vinnumarkaði getur og skipt máli. Háttsettir starfsmenn sem hafa mikil mannaforráð og ábyrgð eru þannig yfirleitt mun betur launaðir en þeir sem lægra eru settir. Þessi atriði og ýmis önnur ótalin hér geta oft skýrt þann mun sem er á tekjum fólks og af hverju tekjur þess hafa öðruvísi dreifingu en náttúrulegir hæfileikar þessara sömu einstaklinga.

Í haustskýrslu Hagfræðistofnunar árið 2001 kom fram að breytingar á dreifingu atvinnutekna réðust fyrst og fremst af þróun efnahagsmála. Ójöfnuður minnkar þegar uppsveifla gengur yfir hagkerfið en eykst aftur á móti á samdráttarskeiðum. Ójöfnuður hafi þannig verið meiri en nú er á kreppuárunum undir lok tíma viðreisnarstjórnar Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks, á kreppuárunum 1982–1983 og á fyrri hluta tíunda áratugarins þegar samdráttur var. Þó virðist sem ákveðin kerfisbreyting hafi átt sér stað á íslensku efnahagslífi á tímabilinu 1990–1995 og að ójöfnuður í þjóðfélaginu hafi þá aukist varanlega og launabilið á milli menntaðra og ómenntaðra ekki minnkað aftur þegar betur tók að ára í þjóðfélaginu. Ástæður þess að ójöfnuður eykst á erfiðleikaárum eru einkum tvíþættar. Önnur ástæðan er sú að á kreppuárum eykst atvinnuleysi samfara því að raunlaun lækka og jaðarskattar hækka. Margir þeirra sem missa vinnuna hafa því minni áhuga á að leita sér að nýju starfi. Þetta á einkum við um lítt menntað fólk og konur með ung börn á sínu framfæri. Hin ástæðan er sú að hjá einstaklingum í neðri hluta tekjudreifingarinnar eru

yfirvinnugreiðslur oft verulegur hluti launanna og á samdráttarskeiðum minnkar oft sú yfirvinna sem greitt er fyrir. Á Íslandi er hins vegar ekki að sjá sterk merki þess að nýja hagkerfið svonefnda, þ.e. nýlegar framfarir í tölvum og fjarskiptum, hafi haft mikil áhrif á tekjuskiptinguna, líkt og gerst hefur í mörgum iðnríkjum heims. Þó má leiða líkur að því að vaxandi tekjumun á milli ómenntaðra og menntaðra einstaklinga á síðustu árum aldarinnar megi að hluta rekja til þeirra framfara.

**Tafla 5.1 Meðalmánaðartekjur fólks sem vann alla mánuði ársins 1987–2003. Hlutfall af lágmarkslaunum í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.**


	Alls	Karlar	Konur
<b>1987</b>	1,6	2,0	1,4
<b>1988</b>	1,7	2,2	1,5
<b>1989</b>	1,9	2,4	1,6
<b>1990</b>	2,0	2,6	1,7
<b>1991</b>	2,1	2,7	1,7
<b>1992</b>	2,0	2,6	1,7
<b>1993</b>	2,0	2,6	1,7
<b>1994</b>	2,0	2,7	1,7
<b>1995</b>	2,0	2,6	1,7
<b>1996</b>	2,1	2,8	1,8
<b>1997</b>	2,3	3,0	1,9
<b>1998</b>	2,1	2,7	1,7
<b>1999</b>	2,2	2,8	1,8
<b>2000</b>	2,3	3,0	1,9
<b>2001</b>	2,3	2,9	1,9
<b>2002</b>	2,3	2,8	2,0
<b>2003</b>	2,2	2,7	1,9

Árið 1987 voru meðalmánaðartekjur þeirra félaga í VR sem unnu alla mánuði ársins 1,6 sinnum lágmarkslaun þess tíma. Tekjur karla voru að meðaltali tvöföld lágmarkslaun en tekjur kvenna 1,4 sinnum lágmarkslaun. Á næstu árum fór ójöfnuður mældur á þennan mælikvarða mjög vaxandi hjá félagsmönnum í VR. Fjórum árum síðar höfðu karlar að meðaltali 2,6 föld lágmarkslaunin en hjá konum var þetta hlutfall 1,7. Félagar í VR höfðu þá ríflega tvöföld lágmarkslaun að meðaltali í tekjur. Næstu ár breyttist tekjudreifing hjá VR-félögum nær ekkert, en í uppsveiflunni á árunum 1995–1998 fór ójöfnuður vaxandi á ný. Síðustu ár þess tímabils sem hér er til athugunar hafa aftur á móti tiltölulega litlar breytingar orðið á dreifingu tekna VR-félaga, en þó virðist sem jöfnuður hafi aftur farið vaxandi.

Til að glöggva sig enn frekar á þeirri þróun er átt hefur sér stað á tímabilinu 1987–2003 getur verið gagnlegt að skoða myndir af tekjudreifingunni í upphafi og við lok


Þess. Lítum fyrst á tekjudreifingu allra félagsmanna í VR. Þegar tekjudreifing allra árin 1987 og 2003 er borin saman kemur í ljós að ferillinn rís hægar við neðri enda tekjurófsins fyrra árið. Seinna árið er ferillinn álíka hár á nokkuð breiðu bili í lægri enda dreifingarinnar. Skýringin er ekki augljós, en hugsanlegt er að mikil hækkun lágmarkslauna undanfarin ár hafi þjappað tekjudreifingunni saman nálægt neðri endanum (þó ber að hafa í huga að lágmarkslaun hafa ekki hækkað meira en meðaltekjur í Verslunarmannafélaginu eins og skýrt kemur fram í töflu 5.1). Greinilegt er að fleiri höfðu hærri tekjur árið 2003 en árið 1987, hægri hali dreifingarinnar nemur við nálega 5 (fimmföld lágmarkslaun) fyrra árið en við 8 hið síðara.

**Mynd 5.1 Tekjudreifing allra þeirra félagsmanna í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðréttu ásnum.**




Með sama hætti má skoða tekjudreifingu karla og kvenna á þessum tveimur árum. Hjá báðum kynjum er tekjudreifingin nokkuð áþekk árið 1987, en árið 2003 virðist hún orðin mun samþjappaðri hjá konum en körlum. Það er einnig eftirtektarvert að svipaður fjöldi kvenna virðist hafa laun sem eru frá því að vera um helmingur lágmarkslauna og upp í að vera ríflega tvöföld lágmarkslaun. Þessu er á annan veg farið hjá körlum. Mun færri þeirra hafa laun sem eru rétt í kringum lágmarkslaun en laun sem eru á milli tvisvar og fjórum sinnum lágmarkslaun. Þá er ekki síður athyglisvert að mun fleiri karlar en konur eru í hæstu tekjuþrepunum. Hægri hali tekjudreifingar karla teygir sig mun lengra til hægri árið 2003 en hægri hali dreifingar kvenna þetta sama ár.

**Mynd 5.2 Tekjudreifing karla í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðrétta ásnum.**



**Mynd 5.3 Tekjudreifing kvenna í VR sem unnu alla mánuðina árin 1987 (til vinstri) og 2003. Dreifingin miðast við lágmarkslaunataxta verslunarfólks sem taka gildið 1. Fjöldi félagsmanna á lóðrétta ásnum.**



Innan hagfræðinnar hafa verið þróaðar aðferðir til að meta tekjudreifingu með einum stika. Sú aðferð sem mest er notuð er án efa sú sem kennd er við Gini og felst í því að reikna meðaltal tekjumismunar á milli allra mögulegra tekjupara í þeim gögnum er fyrir liggja (sjá nánar viðauka B). Stuðullinn getur hæst tekið gildið einn en þá hefur einn einstaklingur (eða heimili) allar tekjurnar. Lægst getur gildið orðið núll en þá dreifast tekjur fullkomlega jafnt á milli allra.

Á töflu 5.2 má sjá þróun Gini-stuðla fyrir alla félagsmenn í VR og karla og konur á tímabilinu 1987–2003. Stuðullinn er reiknaður fyrir hvert ár og eru þeir félagar í VR aðeins taldir með sem greiða í félagið alla mánuði ársins. Gini-stuðull fyrir allan hópinn hækkar úr 0,25 í upphafi tímabilsins í 0,30 í lokin. Þetta eru nokkuð lægri stuðlar en fyrir alla framteljendur á landinu sem voru á bilinu 0,35–0,4 á þessum

árum.<sup>26</sup> Ójöfnuður mælist með öðrum orðum minni í VR en í samfélaginu í heild. Munurinn stafar bæði af því að þeim verslunarmönnum er sleppt sem aðeins vinna hluta úr ári og því að hér er aðeins skoðuð ein stétt manna í einu byggðarlagi. Tekjumunur er nokkur milli stétta og landshorna, eins og kunnugt er (seinni árin munar meira en áður á tekjum á höfuðborgarsvæðinu og utan þess).<sup>27</sup> Búast má við því að Gini-stuðlar fyrir einstakar stéttir og byggðir séu lægri en fyrir alla landsmenn. Á hinn bóginn sýna launakannanir að verslunarmenn eru miklu fjölbreyttari hópur en margar aðrar stéttir og tekjur þeirra dreifast miklu meira en til dæmis tekjur verkafólks og iðnaðarmanna. Má því gera ráð fyrir að Gini-stuðull fyrir verkafólk eða iðnaðarmenn sé lægri en hjá verslunarfólki.<sup>28</sup>

**Tafla 5.2 Gini-stuðlar fyrir VR-félagsmenn sem unnu alla mánuði hvers árs 1987–2003.**

	Alls	Karlar	Konur
<b>1987</b>	0,25	0,22	0,23
<b>1988</b>	0,26	0,23	0,23
<b>1989</b>	0,27	0,23	0,25
<b>1990</b>	0,27	0,23	0,25
<b>1991</b>	0,28	0,23	0,26
<b>1992</b>	0,28	0,24	0,26
<b>1993</b>	0,30	0,26	0,27
<b>1994</b>	0,30	0,26	0,27
<b>1995</b>	0,30	0,26	0,27
<b>1996</b>	0,29	0,26	0,27
<b>1997</b>	0,29	0,25	0,27
<b>1998</b>	0,29	0,26	0,27
<b>1999</b>	0,30	0,26	0,28
<b>2000</b>	0,30	0,25	0,28
<b>2001</b>	0,30	0,26	0,29
<b>2002</b>	0,30	0,27	0,29
<b>2003</b>	0,30	0,28	0,29

Þegar allur hópurinn er skoðaður vex tekjudreifing verslunarmanna á árunum 1987 til 1993 en ekki eftir það. Þegar litið er á karla og konur út af fyrir sig má greina minni aukningu í tekjudreifingunni á fyrri hluta tímabilsins hjá öllum hópunum, en vaxandi dreifingu eftir 1993 þegar Gini-stuðull fyrir bæði kynin saman helst óbreyttur. Skýringin á þessu er sú að munur á tekjum verslunarkarla og -kvenna í samfelldri vinnu jókst heldur framan af þeim tíma sem skoðaður er, en minnkaði svo aftur.

<sup>26</sup> Sjá Hagfræðistofnun (2003), 86 og áfram. Fyrsti dálkur sýnir tekjudreifingu hjá einstaklingum.

<sup>27</sup> Hagfræðistofnun (2003), 93.

<sup>28</sup> Sjá Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar.

Tekjumunur karla og kvenna hefur áhrif á Gini-stuðul fyrir allan hópinn en ekki hvort kyn fyrir sig. Árið 1987 voru konur sem vinna hvern mánuð með 70% af tekjum karla að meðaltali, árið 1993 var hlutfallið komið í 65%, en 2003 var það aftur 70%.

Til samanburðar mætti skoða að Gini-tala fyrir alla framteljendur á landinu hækkar úr 0,37 árið 1988 í 0,39 árið 1994, en lækkar svo í 0,37 árið 2000.<sup>29</sup> Skýringin á því að tekjuójöfnuður virðist aukast meira hjá verslunarmönnum en öðrum gæti að nokkru legið í því að á níunda og tíunda áratug 20. aldar bættust í hóp verslunarmanna einstaklingar með fremur háar tekjur. Þar munar líklega mest um þá sem leggja fyrir sig forritun og viðhald tölvukerfa og þá sem starfa á fjármálamarkaði

Þróun ójafnaðar hjá VR, eins og hún kemur fram í þeim tölum sem hér hafa verið lagðar fram, er að nokkru leyti í takt við þá þróun sem átti sér stað á landinu öllu á sama tíma og lýst er í áður nefndri haustskýrslu Hagfræðistofnunar. Ójöfnuðurinn vex á árunum 1987–1993, en þá var stöðnunartími í íslensku hagkerfi og jafnvel samdráttur sum árin. Síðan þá hefur ójöfnuðurinn lítið breyst. Gini-stuðullinn fyrir alla félagsmenn í VR mælist 0,3 árið 1993 og hefur haldist nær óbreyttur síðan. Ójöfnuður hefur heldur aukist allra síðustu árin meðal karla og farið heldur vaxandi meðal kvenna árin 1998–2003. Samkvæmt kenningum hagfræðinnar hefði aftur á móti mátt gera ráð fyrir því að jöfnuður ykist aftur þegar betur færi að ára, líkt og gerðist seinni hluta tíunda áratugarins. Því virðist sem gögn VR styðji þá skoðun að kerfisbreyting hafi átt sér stað um miðjan tíunda áratuginn og að sá ójöfnuður sem þá hafði myndast í þjóðfélaginu sé orðinn mun varanlegri en gera hefði mátt ráð fyrir.

Það er einnig fróðlegt að skoða hvernig fólk færir milli tekjuþrepa — eða hvort það gerir það — á því tímabili sem hér um ræðir, þ.e. hvort mikill efnahagslegur hreyfanleiki sé til staðar. Í töflum 5.3–5.8 er sýnt hvaða tilfærslur á milli tekjutíunda hafa átt sér stað hjá báðum kynjum á tímabilinu 1987–1995 annars vegar og 1995–2003 hins vegar. Skoðuð er tekjudreifing þeirra sem greiddu til VR alla mánuði beggja árána sem skoðuð eru hverju sinni. Línurnar sýna hvar menn voru í dreifingunni fyrra árið og dálkurinn hvar þeir voru seinna árið. Summa hvernar línu er 100%. Töflurnar eru þannig upp byggðar að hlutfallstölurnar í meginhornalínu hvernar töflu, sem lituð er með ljósbláum lit, sýna hversu stór hluti þeirra sem var á viðkomandi stað í tekjudreifingu, þ.e. í þeirri tíund, var á sama stað í dreifingunni í lok tímans. Svo dæmi sé tekið þá sýnir talan 41%, efst í vinstra horni töflu 5.3, að

---

<sup>29</sup> Hagfræðistofnun (2003), bls. 86, fremsti dálkur.



41% þeirra sem tilheyrðu þeim tíunda hluta félagsmanna í VR sem hæstar höfðu tekjur árið 1987 voru enn í hæstu tekjutíundinni átta árum síðar. Tölurnar beggja megin við meginhornalínuna sýna aftur á móti hversu margir höfðu hreyfst úr stað. Í efstu línu í töflu 5.3 má til að mynda sjá að 15% höfðu dottið niður í næstefstu tíundina og 1% voru komin alla leið á botn dreifingarinnar og tilheyrðu þeim 10% sem lægstar höfðu tekjur. Lengst til hægri í töflunni er hægt að sjá hvaða líkur eru á að einstaklingur sem er á tilteknum stað í tekjudreifingunni færist úr stað og annaðhvort hækki eða lækki. Í annarri línu töflu 5.3 kemur þannig fram að 18% líkur voru á því að þeir sem voru í næstefstu tíund árið 1987 hefðu þokað sér tíund ofar, en að 60% líkur væru á að þeir hefðu fallið niður dreifinguna.

**Tafla 5.3 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Bæði kyn.**

Tíund											Líkur á	Líkur á	
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	á að hækka	á að lækka
1	41%	15%	12%	9%	6%	5%	6%	4%	1%	1%	1	0%	59%
2	18%	22%	17%	14%	9%	3%	7%	3%	3%	2%	2	18%	60%
3	14%	18%	13%	12%	9%	8%	12%	7%	5%	2%	3	32%	54%
4	7%	16%	15%	14%	13%	8%	11%	9%	7%	2%	4	38%	49%
5	4%	10%	15%	11%	13%	14%	10%	12%	8%	3%	5	42%	47%
6	5%	3%	10%	13%	17%	15%	15%	9%	9%	4%	6	42%	38%
7	4%	4%	7%	12%	15%	14%	11%	14%	12%	7%	7	59%	32%
8	1%	5%	3%	6%	10%	15%	11%	15%	17%	17%	8	63%	33%
9	3%	5%	3%	5%	5%	9%	12%	16%	20%	21%	9	69%	21%
10	3%	2%	4%	4%	4%	9%	5%	10%	18%	42%	10	75%	0%

Lítum þá nánar á þróunina frá árinu 1987 til ársins 1995. Á töflu 5.3 má sjá skiptingu tekna þeirra sem eru í samfelldri vinnu bæði árin 1987 og 1995 á tíundir (1=efstu 10% o.s.frv.). Töluverð hreyfing er um tekjustigann, en staður í tekjudreifingunni árið 1987 hefur þó nokkurt forsagnargildi um staðinn átta árum síðar. Það má sjá á háum tölum umhverfis línuna frá efra horni töflunnar vinstra megin til neðra hornsins hægra megin. Rétt er að gæta að því að í töflum 5.3 til 5.8 er aðeins sýnd hlutfallsleg dreifing þeirra sem eru í úrtakinu, en ekki hvernig þeir standa miðað við þá sem ekki eru með í úrtakinu. Úr efstu línu töflu 5.3 má lesa að af þeim sem voru í efstu tekjutíund árið 1987 (90% eða fleiri voru með lægri tekjur) voru 41% enn í efstu tekjutíund átta árum síðar. Um tveir þriðju voru í þremur efstu tíundunum. Álíka mikil festa virðist vera í dreifingunni í neðsta hluta töflunnar. Af þeim sem voru með hæstu tekjutíund árið 1987 voru 60% í hæstu þremur tíundum árið 1995.

Ýmislegt getur valdið því að fólk lækkar í tekjum. Starfsþrek minnkar oft með aldrinum, en það hefur líka sitt að segja að þörfin fyrir tekjur minnkar. Útgjöld vegna

fasteignakaupa og barnaupveldis eru að jafnaði ekki jafnþungbær og áður. Á sama hátt hækkar fólk af ýmsum ástæðum í launum. Meðal þeirra sem voru í lægstu tekjutíund árið 1987 voru vafalaust einhverjir enn í námi þótt þeir stunduðu vinnu allt árið, eða þá nýkomnir úr skóla og með litla reynslu af vinnu. Tekjur hækka yfirleitt hratt framan af ævinni og fram undir fertugt, en síðan dregur úr hækkun þeirra og síðustu starfsárin fara þær oftast lækkandi.

**Tafla 5.4 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Karlar.**

Tíund	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	Líkur á að hækka	Líkur á að lækka
1	37%	18%	11%	6%	10%	5%	4%	6%	4%	0%	1	0%	63%
2	19%	18%	10%	7%	10%	7%	5%	6%	8%	10%	2	19%	63%
3	15%	6%	17%	9%	18%	10%	9%	5%	7%	5%	3	21%	62%
4	5%	11%	16%	14%	12%	11%	16%	6%	2%	7%	4	31%	54%
5	5%	18%	12%	11%	11%	9%	6%	10%	7%	11%	5	50%	43%
6	5%	10%	11%	9%	6%	17%	13%	9%	11%	10%	6	48%	43%
7	2%	4%	13%	20%	8%	8%	10%	10%	14%	10%	7	51%	34%
8	4%	7%	4%	9%	12%	9%	9%	16%	18%	13%	8	62%	32%
9	5%	6%	2%	8%	8%	14%	17%	13%	13%	12%	9	67%	12%
10	4%	2%	4%	7%	4%	10%	13%	20%	15%	22%	10	84%	0%

Rétt er að hafa í huga, þegar töflur 5.4 og 5.5 eru skoðaðar, að þær sýna aðeins dreifingu tekna karla og kvenna, sem lentu í úrtakinu, en ekki hvar kynin standa í dreifingu tekna alls þýðisins. Þegar töflurnar eru skoðaðar kemur í ljós að karlar í neðri enda tekjudreifingarinnar árið 1987 dreifast á fleiri tíundir átta árum síðar en konurnar. Ef til vill má lesa úr þessu að meiri sveiflur séu í vinnutíma karla en kvenna.

**Tafla 5.5 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–1995. Konur.**

Tíund	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	Líkur á að hækka	Líkur á að lækka
1	33%	18%	14%	6%	5%	12%	6%	5%	0%	1%	1	0%	67%
2	22%	19%	12%	8%	9%	10%	5%	10%	3%	1%	2	22%	59%
3	14%	19%	10%	16%	9%	8%	8%	4%	9%	1%	3	33%	56%
4	7%	9%	14%	16%	12%	14%	10%	10%	4%	4%	4	30%	54%
5	4%	14%	16%	15%	12%	11%	10%	10%	6%	1%	5	50%	39%
6	3%	5%	14%	15%	13%	11%	11%	9%	13%	5%	6	50%	38%
7	6%	5%	5%	7%	13%	13%	14%	10%	14%	13%	7	56%	37%
8	5%	4%	5%	6%	12%	7%	18%	15%	12%	17%	8	60%	29%
9	5%	4%	5%	7%	10%	10%	8%	16%	19%	16%	9	71%	16%
10	3%	3%	3%	4%	4%	3%	10%	11%	20%	40%	10	78%	0%

Ekki er sláandi munur á því hvernig tekjudreifing varpast frá árinu 1995 til ársins 2003, eins og sjá má á mynd 5.6 og því sem skoðað var hér á undan. Þeir sem voru í efstu tekjuflokkunum árið 1995 haldast þó enn betur þar seinna árið en í fyrri

vörpuninni. Af þeim sem voru í hæstu tekjutíund árið 1995 eru um 80% í þremur efstu tíundum átta árum síðar. Heldur meiri dreifing virðist á hinn bóginn vera á tekjuflokki þeirra seinna árið sem lentu neðst í töflunni upphafsárið. Tveir þriðju þeirra sem voru í neðstu tíund 1995 eru þó í neðstu þremur tíundunum árið 2003 (hlutfallið er 70% í töflu 5.3).

**Tafla 5.6 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Bæði kyn.**

Tíund											Tíund	Líkur á	Líkur á
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		hækka	lækka
1	45%	21%	14%	8%	4%	2%	2%	1%	1%	0%	1	0%	55%
2	19%	23%	19%	11%	9%	7%	4%	3%	2%	1%	2	19%	58%
3	11%	13%	14%	16%	16%	12%	6%	5%	3%	3%	3	25%	61%
4	8%	12%	12%	19%	15%	12%	11%	5%	4%	3%	4	32%	49%
5	4%	8%	11%	13%	15%	15%	13%	10%	6%	5%	5	42%	49%
6	2%	8%	9%	10%	14%	14%	14%	15%	7%	6%	6	47%	43%
7	3%	7%	8%	6%	9%	12%	16%	18%	12%	10%	7	57%	39%
8	3%	3%	6%	6%	7%	11%	12%	15%	20%	16%	8	55%	36%
9	2%	3%	4%	5%	5%	9%	11%	14%	22%	24%	9	62%	24%
10	1%	1%	3%	5%	6%	6%	10%	13%	22%	32%	10	72%	0%

Ekki verður séð að afgerandi munur sé á hreyfingu kynjanna milli tekjubila á árunum 1995 til 2003.

**Tafla 5.7 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Karlar.**

Tíund											Tíund	Líkur á	Líkur á
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		hækka	lækka
1	39%	19%	14%	10%	5%	4%	4%	1%	3%	2%	1	0%	61%
2	21%	20%	12%	14%	12%	7%	9%	3%	1%	1%	2	21%	59%
3	9%	12%	17%	15%	17%	6%	9%	6%	6%	3%	3	20%	63%
4	10%	9%	18%	10%	16%	9%	11%	6%	8%	4%	4	36%	54%
5	6%	8%	9%	10%	9%	13%	16%	14%	9%	6%	5	32%	59%
6	4%	11%	6%	11%	10%	19%	11%	14%	9%	5%	6	40%	39%
7	4%	7%	5%	11%	9%	13%	11%	15%	16%	7%	7	56%	39%
8	1%	8%	5%	5%	9%	9%	14%	17%	16%	16%	8	59%	33%
9	3%	2%	6%	9%	10%	7%	8%	13%	19%	22%	9	65%	22%
10	4%	5%	7%	4%	4%	13%	7%	10%	12%	34%	10	83%	0%

**Tafla 5.8 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1995–2003. Konur.**

Tíund											Tíund	Líkur á	Líkur á
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		hækka	lækka
1	41%	16%	14%	9%	6%	5%	3%	3%	1%	2%	1	0%	59%
2	15%	20%	18%	16%	9%	7%	5%	4%	3%	3%	2	15%	65%
3	11%	16%	16%	14%	13%	13%	5%	6%	3%	4%	3	27%	58%
4	9%	14%	16%	15%	13%	11%	9%	6%	5%	3%	4	39%	46%
5	8%	9%	8%	11%	16%	12%	14%	9%	6%	8%	5	39%	48%
6	5%	7%	6%	10%	12%	15%	19%	12%	6%	9%	6	44%	46%
7	4%	8%	8%	6%	10%	11%	12%	18%	16%	8%	7	56%	42%
8	4%	4%	5%	8%	8%	9%	14%	14%	19%	15%	8	52%	33%
9	2%	5%	4%	5%	8%	11%	10%	14%	24%	19%	9	63%	19%
10	2%	2%	5%	7%	6%	7%	10%	13%	18%	29%	10	81%	0%

Að síðustu er athyglisvert að líta til alls tímabilsins sem rannsóknin nær til, þ.e. árána 1987-2003, og kanna efnahagslegan hreyfanleika VR-félaga á þeim árum (sjá töflur 5.9–5.11). Líkt og gera má ráð fyrir er mun minni festa og meiri hreyfanleiki til staðar þegar litið er til lengri tíma. Um þriðjungur þeirra sem hæstar höfðu tekjurnar árið 1987 voru enn í tekjuhæsta hópnum árið 2003, en 30% höfðu sigið niður í næstu tvær tíundirnar. Hreyfanleiki þeirra lægst launuðu er svipaður, 29% voru enn á botni tekjudreifingarinnar árið 2003 en aðrir höfðu færst ofar. Nálega helmingur þeirra sem var með lægst laun árið 1987 var þannig í næstu þremur tekjutíundum fyrir ofan þá lægstu, en aðrir höfðu hækkað enn meira. Hins vegar er hreyfanleiki annarra tekjuhópa mun meiri og að jafnaði voru 10-15% annarra launþega á sama stað í tekjudreifingunni árið 2003 og þeir höfðu verið 16 árum áður.

**Tafla 5.9 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987-2003. Bæði kyn.**

Tíund	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	Líkur á að hækka	Líkur á að lækka
1	32%	15%	15%	9%	9%	8%	3%	4%	2%	3%	1	68%	0%
2	22%	13%	15%	13%	10%	10%	6%	5%	4%	2%	2	65%	22%
3	12%	15%	13%	15%	12%	7%	8%	8%	4%	5%	3	60%	27%
4	6%	13%	11%	9%	10%	13%	11%	13%	9%	6%	4	61%	30%
5	7%	6%	11%	12%	14%	12%	11%	11%	10%	4%	5	49%	37%
6	8%	9%	5%	15%	9%	11%	13%	11%	13%	6%	6	43%	46%
7	6%	12%	10%	8%	15%	10%	10%	10%	9%	12%	7	30%	60%
8	4%	6%	10%	8%	10%	7%	10%	11%	17%	17%	8	34%	55%
9	3%	7%	4%	9%	6%	16%	12%	12%	15%	16%	9	16%	69%
10	2%	3%	4%	3%	5%	6%	15%	15%	19%	29%	10	0%	71%

Þegar kynin er skoðuð hvert fyrir sig kemur þrennt í ljós. Í fyrsta lagi hafa heldur fleiri tekjuhæstu karlanna haldið sínum sessi en konur í efstu tíund dreifingarinnar. Þannig voru 27% karlanna enn í hæstu tíund árið 2003 en 24% kvenna. Í annan stað vekur það athygli að mun fleiri konur héldust í hópi þeirra lægst launuðu en karlar, 25% á móti 16%. Loks er hreyfanleiki karla í tíundum 2-9 nokkru meiri en kvenna í sömu tekjuhópum. Í heildina verður því ekki séð annað en mun meiri líkur séu á að karlar en konur hækki eða lækki í launum.

**Tafla 5.10 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–2003. Karlar.**

Tíund	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	Líkur á að hækka	Líkur á að lækka
1	27%	24%	5%	13%	5%	4%	5%	5%	4%	7%	1	73%	0%
2	13%	9%	16%	7%	13%	9%	15%	5%	9%	4%	2	78%	13%
3	20%	11%	6%	17%	9%	9%	9%	9%	7%	2%	3	63%	31%
4	13%	15%	11%	7%	9%	5%	11%	13%	7%	9%	4	55%	38%
5	5%	7%	7%	13%	11%	15%	15%	7%	13%	7%	5	56%	33%
6	2%	5%	16%	9%	13%	9%	9%	16%	11%	9%	6	45%	45%
7	5%	11%	7%	7%	11%	15%	9%	11%	11%	13%	7	35%	56%
8	7%	6%	13%	4%	9%	13%	9%	13%	11%	15%	8	26%	61%
9	5%	4%	11%	13%	7%	15%	11%	5%	11%	18%	9	18%	71%
10	2%	9%	5%	11%	13%	7%	7%	13%	16%	16%	10	0%	84%

**Tafla 5.11 Efnahagslegur hreyfanleiki félaga í VR 1987–2003. Konur**

Tíund	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Tíund	Líkur á að hækka	Líkur á að lækka
1	41%	16%	14%	9%	6%	5%	3%	3%	1%	2%	1	0%	59%
2	15%	20%	18%	16%	9%	7%	5%	4%	3%	3%	2	15%	65%
3	11%	16%	16%	14%	13%	13%	5%	6%	3%	4%	3	27%	58%
4	9%	14%	16%	15%	13%	11%	9%	6%	5%	3%	4	39%	46%
5	8%	9%	8%	11%	16%	12%	14%	9%	6%	8%	5	39%	48%
6	5%	7%	6%	10%	12%	15%	19%	12%	6%	9%	6	44%	46%
7	4%	8%	8%	6%	10%	11%	12%	18%	16%	8%	7	56%	42%
8	4%	4%	5%	8%	8%	9%	14%	14%	19%	15%	8	52%	33%
9	2%	5%	4%	5%	8%	11%	10%	14%	24%	19%	9	63%	19%
10	2%	2%	5%	7%	6%	7%	10%	13%	18%	29%	10	81%	0%

Þessar niðurstöður eru allólíkar því sem fram kom í áðurnefndri rannsókn Hagfræðistofnunar sem náði til tímabilsins 1988–2000. Þar reyndust um helmingur allra með hæstar tekjur árið 1988 vera enn í þeim hópi árið 2000, en sem fyrr getur var þetta hlutfall 32% hjá VR. Ríflega 23% þeirra tekjulægstu reyndust í haustskýrslu Hagfræðistofnunar hafa staðið í stað, en hlutfallið var 29% hjá VR. Festan var einnig meiri í öðrum tíundum í haustskýrslunni, eða 15-20% en 10-15% hjá VR. Niðurstöður eru svipaðar ef kynin eru athuguð hvort fyrir sig, í báðum tilvikum virðist hreyfanleiki meiri hjá VR-félagsmönnum en öðrum. Hér ber þó að hafa í huga að tímabilið sem rannsókn Hagfræðistofnunar náði til var fjórum styttra og því eðlilegt að fleiri færast hlutfallslega til í tekjudreifingunni í þeirri rannsókn en hjá VR. Þrátt fyrir það virðist sem fullyrða megi að efnahagslegur hreyfanleiki á síðustu árum 20. aldar hafi mælst meiri hjá VR-félögum en launþegum í heild.

## Viðauki A: Árstíðaleiðrétting

Sú aðferð sem hér er notuð til að leiðrétta gögn fyrir árstíðasveiflu byggist á því að finna frávik frá hlaupandi meðaltali og búa til vísitölur sem endurspeglar þessi frávik.<sup>30</sup>

Þar sem hér er um mánaðarleg gögn að ræða byggist hlaupandi meðaltalið á röð tólf mánaða meðaltala. Þar sem segja má að miðja hvers tólf mánaða meðaltals falli „milli mánaða“ er meðaltalstala hvers mánaðar skilgreind sem meðaltal þeirra tveggja talna sem standa hvor sínum megin mánaðarins.

Þetta má skýra með dæmi: Til að finna hlaupandi meðaltalsatvinnuleysi fyrir júlí 1990, fyrsta mánuðinn þar sem hægt er að reikna slíkt meðaltal út frá tímabili gagna, er annars vegar tekið meðaltal atvinnuleysis í janúar – desember 1990 og hins vegar meðaltal fyrir febrúar 1990 – janúar 1991. Meðaltal þessara tveggja talna er síðan skilgreint sem hlaupandi tólf mánaða meðaltal fyrir júlí 1990. Hlaupandi meðaltal ágúst mánaðar 1990 er á sama hátt fundið með því að taka meðaltal febrúar 1990 – janúar 1991 annars vegar og mars 1990 – febrúar 1991 hins vegar og taka síðan meðaltal þeirra tveggja talna, og svo koll af kolli.

Þegar tólf mánaða hlaupandi meðaltal hefur þannig verið fundið fyrir hvern mánuð er næsta skref að skilgreina hið upprunalega, óleiðrétta atvinnuleysisstig hvers mánaðar sem hlutfall af hlaupandi meðaltali sama mánaðar. Þannig fæst tímaröð prósentutalna sem samsvarar hinni upprunalegu tímaröð. Þær prósentutölur sem eiga við hvern mánuð eru síðan teknar saman og miðgildi þeirra fundið. Á þann hátt má setja upp röð hlutfallsstuðla fyrir mánuði ársins, þar sem hver stuðull er miðgildi þeirra hlutfallstalna sem fengust fyrir viðkomandi mánuð. Að lokum eru stuðlarnir leiðréttilir á þann veg að meðaltal þeirra jafngildi 100% svo að notkun þeirra bjagi ekki mat á viðkomandi tímaröð. Þegar stuðlarnir hafa þannig verið leiðréttilir má segja að þar séu komnar mánaðarlegar vísitölur sem endurspeglar frávik frá hlaupandi meðaltali og aðskilji þannig árstíðasveifluna frá annars vegar óreglulegum breytingum og hins vegar langtímaleitni. Þessar árstíðavísitölur má einnig nota til að skoða árstíðaeiginleika viðkomandi tímaröðar, en þó ber að hafa í huga að þegar ofangreind aðferð er notuð er gert ráð fyrir að árstíðabundnir eiginleikar gagna breytist ekki á því tímabili sem er til skoðunar.

---

<sup>30</sup> Sjá Newbold (1995), 17. kafli.

## Viðauki B: Um aðferðir til að lýsa tekjudreifingu

Ýmsar aðferðir eru notaðar til að lýsa dreifingu tekna með nægilega einföldum hætti svo að hægt sé að bera saman mismun á milli svæða eða landa og ólíkra tímabila. Yfirleitt er um tvenns konar framsetningu að ræða. Annars vegar er myndræn framsetning notuð til þess að veita yfirsýn yfir tekjudreifinguna. Hins vegar er reynt að koma breytileikanum fyrir í einum stika sem er auðveldlega samanburðarhæfur. Vitanlega er engin þessara aðferða gallalaus, þar sem einstakir tekjuhópar fá misjafnt vægi eftir því hvaða stiki er reiknaður. Hér verður sérstaklega fjallað um tvær slíkar aðferðir.

### *Lorenz-kúrfan*

Algengasta dæmið um myndræna framsetningu er svokölluð Lorenz-kúrfa sem sýnir hvernig heildartekjur dreifast á milli tekjuhópa. Þannig er mælt hversu hátt hlutfall heildartekna rennur til þeirra 10% (eða 20% o.s.frv.) sem lægst hafa tekjurnar. Þetta er sýnt með myndrænum hætti með því að hlutfall fólksfjöldans er sett á lárétta ásinn og hlutfall tekna á þann lóðrétta. Ef samband þessara tveggja stærða er línulegt þá er tekjudreifingin fullkomlega jöfn, þ.e.a.s. allir hafa sömu tekjurnar, en því ólínulegri sem dreifingin er þeim mun ójafnari er tekjudreifingin.


Á mynd B.1 má sjá tvær Lorenz-kúrfur. Hver punktur á ferlunum sýnir samsetningu hlutfalls heildartekna í þjóðfélagi og hlutfalls launþega. Þannig sýnir beina línan fullkominn tekjujöfnuð, helmingur launþeganna fær helming launanna. Kúpta línan sýnir hins vegar þjóðfélag þar sem ójöfnuður er í tekjum, þrír fjórðu hlutar launþeganna fá helming launanna. Því kúptari sem línan er þeim mun meiri er ójöfnuðurinn. Ef tiltekin Lorenz-kúrfa liggur fyrir innan aðra Lorenz-kúrfu er ójöfnuðurinn meiri í síðara tilvikinu. Ef hins vegar tvær Lorenz-kúrfur skerast þá er ekki hægt að segja til um í hvoru tilfellinu ójöfnuðurinn er meiri. Lorenz-kúrfan getur því ekki alltaf gefið óyggjandi niðurstöður.<sup>31</sup> Sú kúrfa sem er flatari nær upptökum, þ.e.a.s. í neðra horni myndarinnar, gefur til kynna meiri ójöfnuð á botni tekjudreifingarinnar. Ef hún svo sker aðra kúrfu sem er brattari í upphafi þá mun hún

---

<sup>31</sup> Reynt hefur verið að leysa þetta vandamál með því að skala kúrfuna með meðaldreifingu tekna.

sýna minni ójöfnuð við hærri tekjur. Niðurstaðan er því sú að það hvora kúrfuna maður velur sem sanngjarnari eða jafnari tekjudreifingu veltur á því hvort maður metur meira jöfnuð á toppi dreifingarinnar eða jöfnuð á botni hennar. Unnt er að mæla Lorenz-kúrfuna með svokölluðum Gini-stuðli.

**Mynd B.1 Lorenz-kúrfa.**



### *Gini-stuðullinn*

Gini-stuðullinn byggist á Lorenz-kúrfunni. Myndrænt er stuðullinn hlutfall svæðisins milli beinu og kúptu línunnar og þríhyrningslaga svæðisins sem liggur suðaustan beinu línunnar á mynd B.1. Ef tekjur dreifast jafnt á milli einstaklinga (heimila) hefur stuðullinn gildið núll og ef einn einstaklingur (heimili) hefur allar tekjurnar tekur stuðullinn gildið einn. Gini-stuðullinn er skilgreindur sem meðaltal tekjumismunar á milli allra mögulegra tekjupara í samfélaginu. Útkoman er svo vegin með meðaltekjum til þess að fá algildan mælikvarða er lýsir breytileika á milli tekna en ekki hve tekjurnar eru háar í sjálfu sér:

$$G = \frac{1}{2n^2 \mu} \sum_{i=1}^n \sum_{j=1}^n |y^i - y^j|$$

eða:



$$G = 1 + \frac{1}{n} - \frac{2}{n^2 \mu} (y^1 + 2y^2 + \dots + ny^n) \text{ fyrir } y^1 \geq y^2 \geq \dots \geq y^n$$

Gini-stuðullinn hefur ýmsa kosti:

- Hann er óháður raungildi tekna (e. absolute level of income).
- Hann notast ekki við fastan mælikvarða eins og breytileika (e. variance).
- Hann ber ekki tekjur hvers og eins saman við meðaltalið heldur eru tekjur allra einstaklinga bornar saman, tekjur eins við tekjur annars.

Meginókostur Gini-stuðulsins er sá að hann nær ekki að mæla mismunandi lögun Lorenz-kúrfunnar. Þannig er flatarmálmæling Gini-stuðulsins ekki einhlítur mælikvarði þegar jöfnuður er borinn saman, sérstaklega ef kúrfurnar skerast. Það er þó ekki hið eina. Ímyndum okkur tvær Lorenz-kúrfur þar sem önnur kúrfan er ávallt fyrir innan hina, sem gefur til kynna minni ójöfnuð. Ef hins vegar sú kúrfa sem almennt séð ætti að gefa minni jöfnuð hefur meiri halla nær upptökum þá gefur slíkt til kynna að jöfnuður sé meiri á botni tekjudreifingarinnar.

Niðurstaðan er þá sú að jafnaðarmaður gæti hugsanlega fremur þjóðfélag þar sem Gini-stuðullinn hefur hærra gildi vegna þess að sá ójöfnuður sem hann mælir kemur mest fram á toppi dreifingarinnar. Jöfnuður gæti þá verið meiri á botni dreifingarinnar sem er það sem jafnaðarmaðurinn telur mikilvægast.

### *Tíundir*

Önnur einfaldari leið til þess að gera sér grein fyrir tekjuskiptingu er að reikna hlutfallið á milli tíundarinnar sem er í efsta sæti tekjudreifingarinnar og tíundarinnar í neðsta þrepi. Þannig fæst mælikvarði á alla dreifinguna að því leyti að hátt hlutfall upplýsir að mjög mikill munur sé á launum þeirra hæst og lægst launuðu. Einnig er unnt að líta á dreifingu tekna á meðal þeirra sem lægri tekjur hafa með því að reikna hlutfall þeirra sem eru í fimmtugasta og nítugasta sæti dreifingarinnar. Sömuleiðis er hlutfall tekna þeirra sem eru í tíunda og fimmtugasta sæti mælikvarði á tekjudreifingu þeirra sem hærra eru launaðir.

## Viðauki C: Tölfræðilegar athuganir

Hér á eftir er nánari grein gerð fyrir þeirri tölfræðilegu greiningu (aðhvarfsgreiningu) sem fjallað var um í 3. kafla. Jafnframt er skýrt frá athugunum sem gerðar voru á því hvað ræður tekjum og vinnustaðatryggyndi.

### Atvinnuleysi

Í þeirri aðhvarfsgreiningu sem greint er frá í 3. kafla var háða breytan meðaltal atvinnuleysis fyrir hvert ár á árabílinu 1991–2003. Skýribreytur voru meðalatvinnuleysi síðasta árs, hagvöxtur á árinu, hagvöxtur síðasta árs og raunlaunabreytingar síðasta árs á landinu öllu, þar sem raunlaunabreytingar voru skilgreindar sem breytingar á hlutfalli launavísitölu og vísitölu neysliverðs. Hin metna jafna leit þannig út:

$$U_t = \alpha_0 + \alpha_1 U_{t-1} + \alpha_2 G_t + \alpha_3 G_{t-1} + \alpha_4 \Delta(W_t/P_t) + \varepsilon_t \quad (1)$$

Atvinnuleysi er hér táknað með  $U$ , hagvöxtur með  $G$ , launavísitala með  $W$  og neysliverðsvísitala með  $P$ . Jafnan var bæði metin með atvinnuleysisgögnum frá VR og með gögnum fyrir landið allt. Gögn fyrir atvinnuleysi á landinu, hagvöxt, launavísitölu og vísitölu neysliverðs voru fengin af vef Hagstofu Íslands. Fyrst var gert ráð fyrir jafndreifðum leifarliðum, en próf leiddu í ljós misdreifni í leifarliðum og voru því jöfnur metnar með misdreifnileiðréttingu.

Tafla C.1 Aðhvarfsgreining með aðferð minnstu kvaðrata.

Breyta	VR		Landið allt	
	stuðlamat	t-gildi	stuðlamat	t-gildi
Fasti	2,633	7,370 ***	1,657	7,277 ***
Atvinnuleysi síðasta árs	0,830	14,601 ***	0,778	9,486 ***
Hagvöxtur	-0,239	-3,029 **	-0,223	-5,907 ***
Hagvöxtur síðasta árs	-0,234	-4,710 ***	-0,054	-1,218
Breytingar raunlauna á síðasta ári	-0,163	-1,381	-0,154	-2,631 **
	R <sup>2</sup> =0,98 leiðrétt R <sup>2</sup> =0,97		R <sup>2</sup> =0,97 leiðrétt R <sup>2</sup> =0,95	

Marktæknistig: stuðull marktækur frá 0 við (\*=90%, \*\*=95%, \*\*\*=99%) marktæknistig

Niðurstaða matsins á jöfnu (1) er sýnt í töflu C.1. Atvinnuleysi síðasta árs hefur augljóslega mikil áhrif á atvinnuleysi tiltekið ár, eins og sjá má á stuðlinum 0,83 fyrir

Þá breytu sem gróflega má túlka þannig að atvinnuleysi hvers árs endurspeglar að fjórum fimmtu hlutum í atvinnuleysi næsta árs á eftir. Einnig hefur hagvöxtur, bæði á viðkomandi ári og árinu á undan, marktæk áhrif á atvinnuleysisstig meðal félaga í VR. Stuðlamat beggja þeirra breytna er hér um bil -0,2 sem túlka má á þann veg að fyrir hvert prósentustig hagvaxtar, hvort sem er á viðkomandi ári eða árinu á undan, má búast við að atvinnuleysi innan VR lækki um ríflega 0,2 prósentustig. Síðasta breytan, breytingar raunlauna á síðasta ári, hafði ekki marktæk áhrif á atvinnuleysi meðal VR-félaga, en jók hins vegar skýringargildi jöfnunnar þannig að sú breyta hefur væntanlega fangað eitthvað af þeim breytileika sem ekki varð skýrður með hinum breytunum.

Stærðin  $R^2$ , sem notuð er til að ákvarða skýringargildi hinnar metnu jöfnu, nefnist á ensku coefficient of multiple determination og er hún skilgreind sem það hlutfall breytileika í gildum háðu breytunnar  $Y$  sem hægt er að skýra með samverkandi breytileika allra skýribreytanna.<sup>32</sup> Þessi stærð tók gildið 0,98 í hinni metnu jöfnu fyrir VR, en þegar hún hafði verið leiðrétt fyrir fjölda breytna var gildið 0,97. Því má segja að skýribreytur jöfnunnar útskýri 97% af þeim breytileika sem til staðar er í atvinnuleysi VR-félaga.

Gerð voru nokkur próf til að leggja mat á áreiðanleika jöfnunnar. F-próf, þar sem prófuð er sú kenning að allar skýribreytur hafi í raun engin áhrif á háðu breytuna, gaf gildið 97,25 sem þýðir að kenningunni er hafnað af miklu öryggi. Próf fyrir normaldreifingu leifarliða gaf aftur á móti þá niðurstöðu að normaldreifing væri að öllum líkindum ekki fyrir hendi. Þannig lítur út fyrir að hegðun leifarliða megi skýra með breytu sem ekki er hluti af jöfnu (1), en ekki tókst að finna breytu sem breytti þessari niðurstöðu.

Jafna fyrir atvinnuleysi á landinu öllu var sömuleiðis metin með leiðréttingu fyrir misdreifni. Við samanburð á niðurstöðum þeirrar jöfnu, sem sjá má í dálkum 3 og 4 á mynd 5.1, við jöfnu fyrir atvinnuleysi hjá VR kemur í ljós að áhrif atvinnuleysis fyrra árs eru heldur minni þegar allt landið er skoðað en raunin er hjá VR. Hagvöxtur virðist einnig hafa töluvert minni áhrif á atvinnuleysi á landsvísu en innan VR og felst munurinn einkum í því að hagvöxtur fyrra árs hefur ekki marktæk áhrif í jöfnu fyrir landið allt. Aftur á móti hafa breytingar á raunlaunum fyrra árs marktæk áhrif á atvinnuleysi á landinu, öfugt við VR. F-próf gaf gildið 49,53 sem þýðir að kenningu

---

<sup>32</sup> Sjá t.d. Thomas (1997), 179.

um að allir stuðlar séu jafnir núlli er hafnað af miklu öryggi. Próf fyrir normaldreifingu leifarliða leiddi í ljós að ekki var hægt að hafna kenningu um að leifarliðir væru normaldreifðir, öfugt við VR.

### *Tekjur*

Til að skýra þann tekjumun sem í ljós kemur í gögnum VR var farin sú leið að gera aðhvarfsgreiningu þar sem kannað var samhengi launa og eftirfarandi upplýsinga um félagsmenn VR: tekjur í fyrra mánuði, lágmarkslaun, árstími, kyn, aldur, hjúskaparstaða, atvinnuleysi á markaði, starfsreynsla á vinnumarkaði, starfsreynsla á núverandi vinnustað, fjöldi fólks á vinnustað og atvinnugrein.

Einnig hefði verið æskilegt að hafa upplýsingar um starf, menntun, vinnutíma og fjölda barna hvers launþega, en þær voru því miður ekki handbærar.

Lágmarkslaun veita vísbendingu um launastig í landinu sem ræður miklu um tekjur hvers og eins. Þá eru laun verslunarmanna mismikil eftir árstíma, til dæmis er mikil vinnulota í búðum fyrir jólin. Áhrif kyns á tekjur eru margumrædd og þekkt. Samkvæmt fyrri könnunum á því hefur mismikið álag kynjanna vegna heimilishalds hér mikið að segja. Bæði íslenskar kannanir og erlendar benda til þess að tekjur karla í sambúð séu hærri en þeirra sem ekki eru í sambúð. Nýleg íslensk rannsókn bendir hins vegar til þess að tekjur kvenna í sambúð séu svipaðar tekjum þeirra sem ekki eru í sambúð.<sup>33</sup> Erfitt er að segja til um orsakatengsl. Verið getur að aukin þörf fyrir peninga reki kvænta karla til vinnu. Einnig mætti hugsa sér að einhleypir karlar þyki ekki jafntraust vinnuafli og fjölskyldumenn. Konur bera oft fremur ábyrgð á heimilishaldi en karlar. Þá virðast barneignir hafa önnur áhrif á tekjur karla en kvenna. Tekjur fólks hækka oftast hratt fram til fertugs eða tæplega það, en hægar eftir það. Samkvæmt fyrri rannsóknum hefur aldur meiri áhrif á tekjur karla en kvenna og má þar líklega að einhverju leyti enn greina áhrif fjölskylduábyrgðar sem leggst á annan hátt á konur en karla. Starfsreynsla eykur færni í starfi og ætti því að þoka launum upp á við, að minnsta kosti að nokkru marki. Fyrir fram er óljóst hvort kynferði hefur áhrif á vægi starfsreynslu hvað laun varðar. Hins vegar benda fyrri kannanir til þess að algengara sé að konur taki sér hlé frá vinnumarkaði en karlar.<sup>34</sup>

---

<sup>33</sup> Sjá um þetta til dæmis [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is), smellið á Jafnréttisráð, og síðan á Launamun karla og kvenna á Íslandi.

<sup>34</sup> Stefán Ólafsson (1990).

Nokkuð hefur til dæmis verið um það að konur hverfi af vinnumarkaði um sinn meðan börn þeirra eru ung. Því mætti fyrir fram búast við að starfsreynsla kvenna sé minni en karla. Reynsla af öðrum vinnustöðum kemur sér að vísu oft vel, en vinnan er þó oft sérhæfð. Því má gera ráð fyrir að starfsreynsla á sama vinnustað hafi áhrif á tekjur. Samband mannfjölda á vinnustað og tekna er óljóst og má færa rök að því að tekjur ættu að vera óvenjumiklar á litlum vinnustöðum og stórum. Atvinnuleysisbætur eru ein tala hér á landi, en ekki tengdar fyrri launum eins og víða gerist annars staðar. Þess vegna má gera ráð fyrir að íslenskir hálaunamenn þoli fremur hrap í launum en atvinnuleysi. Freistandi er að skoða það hvort þeir sem einhvern tíma eru atvinnulausir mega að jafnaði gera ráð fyrir lægri atvinnutekjum en aðrir.

Fyrri athuganir sýna að hjúskaparstaða, aldur og fleira hefur önnur áhrif á laun karla en kvenna. Þess vegna er fróðlegt að margfalda þessar breytur með kynferði og nota útkomuna sem skýringar á tekjum.

Gögn um starfsreynslu ná ekki aftur fyrir 1987 og tölur um stærð vinnustaðar ná eingöngu til félaga í Verslunarmannafélaginu. Í öllu úrtakinu voru 90% þeirra sem standa á bak við færslurnar með 5 ára starfsreynslu eða skemmri. Langflestir eru með innan við tíu mánaða starfsreynslu. Sennilega eru námsmenn fjölmennir í hópnum (hér er ekki skorið af hópnum). Stuðlamatið er afmarkað við tímabilið frá ársbyrjun 1993 til þess að fá þá þegar góða breidd í gildi starfsreynslunnar. Vart fer þó hjá því að starfsreynsla fer að meðaltali vaxandi eftir því sem lengra líður á tímabilið (þá er lengra frá upphafstímanum, 1987). Þess vegna var bætt við breytu sem hækkar eftir því sem líður á tímabilið frá 1987.

Margar fleiri skýringar koma til greina á tekjum. Nokkur tekjumunur er milli atvinnugreina, eins og komið hefur fram í skýrslunni, en ekki var litið á þá skýringu á tekjumun í aðfallsgreiningunni sem hér fer á eftir. Engar upplýsingar eru í gagnasafni Verslunarmannafélagsins um barnafjölda, menntun eða starf en líklegt er að allir þessir þættir hafi áhrif á tekjur.

Hið tölfræðilega líkan sem metið var er eftirfarandi:

$$Tekjur / lágmarkslaun = C * (Tekjur(-1) / lágmarkslaun)^a * e^{b*kona} * tölugildi(aldur - 38)^c * \dots$$

Deilt er með lágmarkslaunum í tekjur til þess að draga úr hættu á dellufylgni sem kemur upp þegar skýrð breyta hækkar með tímanum. Útkoman hækkar reyndar nokkuð á tímabilinu sem skoðað er, eins og fyrr er getið. Teknir voru lógariþmar

báðum megin við jafnaðarmerkið og stuðlarnir a, b, c ... metnir með aðfallsgreiningu, ásamt fastanum.

Oft er mælt með því, þar sem þverskurðargögn og tímaraðir blandast saman, að sérstakur fasti sé hafður fyrir hvern þann sem mældur er. Fastinn myndi þannig fanga þau einkenni hvers og eins manns sem skýribreyturnar ná ekki að lýsa. Það dregur úr hættu á því að stuðlamat sé bjagað. Sá galli er á aðferðinni að engin leið er að meta áhrif þess sem ekki breytist á lífsleiðinni, til dæmis kyns. Hér er því metið líkan með einum fasta fyrir alla (sjá töflu C.2).

Líkanið reynist skýra 67% af breytileika í stöðluðum tekjum á árunum 1993 til 2003. DW-gildi bendir til þess að sjálffylgni sé ekki vandamál og stuðlar eru metnir með aðferð Whites sem er ónæg fyrir algengustu gerð misdreifni. Ætti því að mega treysta mati á óvissu í töflunni.

Helstu niðurstöður eru þær að tekjur í fyrra mánuði marktæk áhrif á tekjur nú, ef tekjur í fyrra mánuði hækka um 1% hækka tekjur nú um 0,75% (sjá töflu C.1). Aðrir stuðlar lýsa aðeins skammtímaáhrifum af breytingum í skýribreytum. Ef ætlunin er að skoða langtímaáhrifin, eða áhrif af breytum sem eru eins allan tímann, þarf að margfalda stuðlana með  $\frac{1}{1-0,76} \approx 4,1$ . Gera má ráð fyrir að um 90% af

langtímaáhrifum komi yfirleitt fram á átta mánuðum.

Stuðull við kyn er ekki marktækur, en kyn hefur þó marktæk áhrif á tekjur þegar horft er á víxlverkun þess og aldurs, hjúskaparstöðu og starfsreynslu.

Þrjár skýribreytur sem tengjast aldri eru marktækar. Tekjur karla hækka með aldrinum. Þær hækka um 0,4% til langframa þegar þeir eldast um 1%. Laun kvenna hækka hálfu minna með aldrinum (þau áhrif teljast þó einnig marktæk á hefðbundnum mælikvörðum). Þannig staðfesta gögnin fyrri niðurstöður rannsókna, að tekjumunur kynjanna vaxi með aldrinum. Þá er kúfur á tekjum við tæplega 40 ára aldur. Þegar bilið milli 38 ára og aldurs vex um 1% lækka tekjur um tæp 0,2% til langframa, bæði hjá körlum og konum. Hafa verður hugfast að hér hefur verið rætt um bein áhrif aldurs og kyns á laun, en kynferði og aldur hafa áhrif á aðrar breytur.

Þá hafa tvær breytur sem lýsa starfsreynslu marktæk áhrif á tekjur. Fyrri breytan lýsir starfsreynslu frá 1987 innan marka Verslunarmannafélagsins. Hér hefur aðeins starfsreynsla kvenna marktæk áhrif. Þegar litið er á langtímaáhrifin hækka tekjur kvenna um 0,08% þegar starfsreynsla lengist um 1%. Við þetta bætast áhrifin af

starfsreynslu á sama stað. Þegar starfsreynsla á sama stað lengist um 1% hækka tekjur karla og kvenna um 0,07% til langframa.

Hjónaband eða sambúð lyftir tekjum karla strax um tæp 3% og um 11% þegar til lengdar lætur (eins og áður segir má gera ráð fyrir að 90% af langtímaáhrifunum séu komin fram á átta mánuðum). Sambúð og hjónaband hafa hins vegar ekki marktæk áhrif á tekjur kvenna.

Þá er fróðlegt að sjá að þegar verslunarmönnum í sama fyrirtæki fjölgar um 1% virðast laun lækka um 0,05% þegar til lengdar lætur.

Þeir sem fara einhvern tíma á árunum 1987 til 2003 á atvinnuleysisbætur eru að öðru óbreyttu með 7% lægri tekjur en áðrir.

Að lokum hefur árstíminn töluverð og marktæk áhrif á tekjur. Hér er rétt að líta á skammtímaáhrifin, enda stendur hver mánuður aðeins í mánuð. Tekjur hækka að öðru jöfnu um 8% í nóvember og heldur meira í desember. Þær lækka svo aftur um rúm 15% um áramót. Þá eru tekjur nokkrum prósentum hærri en vant er í júní og júlí.

**Tafla C.2 Niðurstöður á mati á tekjufalli. Háð breyta er hlutfall tekna og lágmarkslauna afgreiðslufólks.**

---

**Aðferð: aðferð minnstu kvaðrata, metið í EViews.**

**Úrtak: 1993, janúar: 2003 desember.**

**Fjöldi fólks í úrtaki: 830**

**Fjöldi athugana (menn\*mánuðir í úrtaki): 31.158**

**Metið með aðferð Whites (leiðrétt fyrir misdreifni innan þversniðs)**

Breyta	Stuðull	Staðalfrávik	P-gildi
LOG(staðlaðar tekjur (-1))	0,77	0,01	0,00
KONA	-1,22	0,09	0,00
LOG(tölugildi(ALDUR-38))	-0,05	0,01	0,00
LOG(tölugildi(ALDUR-38))*kona	0,01	0,01	0,03
LOG(ALDUR)	0,00	0,02	0,92
KONA*LOG(ALDUR)	0,04	0,02	0,03
GIFT-GIFT*KONA	0,02	0,01	0,01
GIFT*KONA	-0,01	0,01	0,34
atvinnuleysisbætur	-0,02	0,01	0,00
LOG(starfsreynsla)	0,02	0,01	0,02
LOG(starfsreynsla)*KONA	0,00	0,01	0,76
LOG(leitni)	-0,16	0,01	0,00
LOG(leitni)*KONA	0,20	0,02	0,00
LOG(starfsreynsla á sama vinnustað)	0,01	0,00	0,02
LOG(starfsreynsla á sama vinnustað)*kona	0,01	0,01	0,21
LOG(fjöldi starfsmanna í fyrirtæki)	-0,02	0,00	0,00
desember	0,08	0,02	0,00
nóvember	0,07	0,01	0,00
janúar	-0,17	0,02	0,00
febrúar	0,02	0,02	0,25
mars	0,00	0,01	0,78
apríl	0,01	0,01	0,68
maí	0,03	0,02	0,06
júní	0,04	0,02	0,03
júlí	0,01	0,01	0,68
ágúst	-0,01	0,01	0,55
september	-0,02	0,01	0,27
R <sup>2</sup>	0,67		
Leiðrétt R <sup>2</sup>	0,66		
Staðalfrávik	0,44		
Summa fervika	5982		
Durbin-Watson tala	1,99		

---

Fróðlegt er að skoða starfsreynslu hjá körlum og konum. Á árunum 1993 til 2003 höfðu konur að meðaltali greitt í tvö ár og þrjú mánuði til Verslunarmannafélagsins — en upplýsingar um greiðslur ná aftur til ársbyrjunar 1987. Starfsreynsla karla er fjórum mánuðum styttri, eða eitt ár og ellefu mánuðir. Starfsreynsla á sama vinnustað



er hins vegar mjög svipuð hjá körlum og konum á þessu tímabili, eða fimm til sex mánuðir að meðaltali. Virðist ljóst af þessu að erfitt er að skýra mun á tekjum karla og kvenna hjá Verslunarmannafélaginu með mismikilli starfsreynslu.

### *Hegðan á vinnumarkaði*

Hér á eftir er leitað að skýringum á hegðun verslunarfélagsfólks á vinnumarkaði: Hverjir skipta helst um vinnu? Hverjir eiga það mest á hættu að missa vinnuna? Hverjir draga sig helst út af vinnumarkaði? Hvað ræður möguleikum atvinnulausra á að fá vinnu á ný?

Svara við þessum spurningum er leitað með fjórum aðfallsgreiningum á gagnasafninu sem hér hefur verið lýst. Stuðst er við Probit-aðhvarfsgreiningu til að leita svara við þessum spurningum og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum C.3– C.6. Í greiningunni var aðeins stuðst við gögn frá árunum 1993–2003, eins og þegar tekjumyndun var skoðuð hér á undan. Notast er við sama úrtakið úr gagnasafni Verslunarmannafélagsins og áður, en það nær til um 2% félagsmanna eins og áður hefur komið fram. Athygli skal vakin á að hér á eftir er rætt um *bein* áhrif einstakra þátta á hegðun. En auk beinna áhrifa geta skýribreytur haft áhrif á aðrar skýribreytur sem ráða síðan nokkru um það hvernig fólk ber sig að á vinnumarkaði.

Hér á eftir eru áhrif nokkurra þátta á vinnumarkaðshegðun dregin saman. Rétt er að geta þess að erfitt er að túlka stuðlana í aðfallsgreiningunni þegar formerkið er undanskilið. Aðeins er fjallað um þær niðurstöður sem teljast tölfræðilega marktækar miðað við 95–99% öryggi.

### Kyn

Giftar konur draga sig síður út af félagssvæði Verslunarmannafélagsins en aðrir (t.d. út af vinnumarkaði). Að öðru leyti hefur kyn ekki marktæk áhrif á vinnumarkaðshegðun fólks í úrtakinu (t.d. það hvort fólk skiptir oft um vinnu).

Þessi niðurstaða kemur á óvart því að aðrar rannsóknir benda til þess að konur dragi sig fremur út af vinnumarkaði til þess að sinna börnum og heimili en karlar. Ekki er víst að fólk dragi sig alveg út af vinnumarkaði þótt það fari af skráum Verslunarmannafélagsins, heldur er vel mögulegt að menn færi sig um set, fari að vinna hjá hinu opinbera eða gerist verkamenn eða iðnaðarmenn.

### Aldur

Aldur hefur margvísleg áhrif. Í fyrsta lagi reynist fólk ófúsara til að skipta um vinnu þegar það eldist en ella. Í öðru lagi dregur það sig líka síður út af félagssvæði Verslunarmannafélagsins. Í þriðja lagi eykst hættan á að maður missi vinnuna með aldrinum. Í fjórða lagi minnkar von atvinnulausra um nýja vinnu eftir því sem þeir eldast.

Þetta staðfestir það sem komið hefur fram í umræðum í sumar að fólk sem er komið yfir miðjan aldur er oft traustara vinnuafli en þeir sem yngri eru. Jafnframt rennir athuginin stöðum undir þá skoðun að fólk getur átt undir högg að sækja á vinnumarkaði þegar aldurinn færir yfir.<sup>35</sup>

### Tekjur

Tekjur, eða fyrri tekjur, hafa einnig margs konar áhrif á vinnumarkaðshæðun. Fólk með góðar tekjur skiptir síður um vinnu en aðrir og minni líkur eru á að það dragi sig út af félagssvæði Verslunarmannafélagsins. Menn með góðar tekjur eiga síður á hættu að missa vinnuna en aðrir og ef þeir missa vinnuna virðast þeir sem voru með góðar tekjur áður en þeir misstu vinnuna fremur fá vinnu aftur.

Áhrif tekna á atvinnuleysi koma í sjálfu sér ekki á óvart. Atvinnuleysisbætur eru föst fjárhæð hér á landi og meira þarf til þess að fólk á góðum launum sætti sig við þær en þeir sem eru á lágmarkskjörum. Slæmt atvinnuástand getur orðið til þess að menn þurfi að taka að sér verr launað starf en þeir fengu áður. Þeir sem eru á lægstu launum fyrir geta ekki lækkað — og missa því vinnuna. Ekki kemur heldur á óvart að þeir sem fengu hæstar tekjur áður en þeir misstu vinnuna eigi mesta von um vinnu. Þeir komu að jafnaði mestu í verk að dómi markaðarins og mestur fengur þykir í að fá þá til vinnu.

### Starfsreynsla

Starfsreynsla skiptir líka máli, en sumar niðurstöðurnar virðast við fyrstu sýn þverstæðukenndar. Þannig virðist sem þeir er hafa verið lengi á sama vinnustað skipti síður um vinnu en aðrir. Á hinn bóginn skipta þeir óvenjuoft um vinnu sem hafa verið

---

<sup>35</sup> Sjá til dæmis: Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst: Eldra fólk í vinnu á undir högg að sækja, Mbl. 30. maí 2004.

lengi innan Verslunarmannafélagsins að öðru óbreyttu. Fólk með langa starfsreynslu innan Verslunarmannafélagsins virðist að öðru óbreyttu fremur eiga það á hættu að missa starfið en aðrir. Fólk sem starfað hefur lengi í sama fyrirtæki á síður á hættu að missa vinnuna. Ólíklegt er einnig að fólk með langa starfsreynslu, hvort sem er á sama stað eða innan Verslunarmannafélagsins, dragi sig út af vinnumarkaði.

Þegar litið er á fyrstu tvo punktana verður að hafa í huga hvernig starfsreynslubreyturnar tvær vinna saman. Í hópi þeirra sem eru með langa starfsreynslu innan Verslunarmannafélagsins en stutta á sama stað má gera ráð fyrir að þeir séu óvenjufjöldmennir sem hafa til þessa staldrað stutt við í vinnu. Ekki kemur á óvart að þeir skipti oft um starf hér eftir sem hingað til, eða jafnvel að þeir séu taldir ótraustur starfskraftur og missi því fremur vinnuna en aðrir.

### Stærð vinnustaðar

Fjöldi starfsmanna í fyrirtæki reynist einnig hafa áhrif á vinnumarkaðshegðun. Eftir því sem verslunarfólki á vinnustað fjölgar minnka líkur á að það dragi sig út af félagssvæði Verslunarmannafélagsins. Þá skipta þeir óvenjusjaldan um vinnu sem vinna með mörgum öðrum verslunarmönnum.

Hægt er að tína til rök fyrir því að tryggð við vinnustað aukist með fjölda fólks á vinnustað, eins og þessar mælingar benda til, en annað miðar að því að menn séu tryggari á litlum vinnustöðum. Á stórum vinnustöðum er oft að finna mikinn félagsskap. Sveiflur á markaði ógna sennilega síður atvinnu fólks á stórum vinnustöðum en smáum. Á hinn bóginn eru tengsl við vinnuveitanda oft betri á litlum vinnustöðum.

### Árstími

Árstími hefur marktæk áhrif á atvinnulífíð. Flestir hætta störfum á félagssvæði Verslunarmannafélagsins um áramót og yfir sumarið, í apríl, maí, júní ágúst og september. Flestir skipta um starf um áramót.

Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að menn hætti störfum eða skipti um starf um áramót. Fremur kemur á óvart að fólk skuli oft hætta störfum að sumarlagi.

### Ómarktækar breytur

Þá má einnig skoða hvaða breytur hafa ekki marktæk áhrif á vinnumarkaðshegðun. Áður var minnst á að kynferði hefur ekki mikil mælanleg áhrif á

vinnumarkaðshögðun, samkvæmt gagnasafni Verslunarmannafélagsins. Sem dæmi um breytu sem ekki hefur áhrif má einnig nefna að líkur á að sá sem er atvinnulaus fái vinnu breytast ekki marktækt með lengd atvinnuleysis, samkvæmt þessari könnun, að öðrum skýriþáttum óbreyttum. Þannig verður ekki séð að marktækur munur sé á líkum á því að fá aftur vinnu á fyrsta mánuði atvinnuleysis, þeim þriðja eða þeim tíunda. Hér verður að vísu að hafa í huga að stuðst er við mun færri athuganir en í rannsóknum á annarri vinnumarkaðshögðun.

Tafla C.3 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem fær vinnu.

<b>Háð breyta: (atvinnulaus) fær vinnu</b> <b>Tími:1993:1-2003:12</b> <b>Aðferð: ML - Probit</b> <b>Athuganir: 877</b>		
Breyta	Stuðull	p-gildi
Fasti	1,6	0,36
Kona	-1,6	0,21
LOG(tölugildi(aldur-38))	0,1	0,17
LOG(aldur)	-1,1	0,00
Kona*LOG(aldur)	0,5	0,19
gift	0,3	0,36
Gift*kona	-0,1	0,77
LOG((botalengd(-1)))	-0,1	0,24
LOG(fyrri tekjur)/ LOG(lágmarkslaun)	1,6	0,03
LOG(starfsreynsla)	-0,2	0,05
LOG(leitni)	0,2	0,47
desember	-0,4	0,27
nóvember	0,3	0,29
janúar	0,5	0,04
febrúar	-0,1	0,73
mars	-0,1	0,68
apríl	-0,1	0,79
maí	-0,1	0,65
júní	0,0	0,99
júlí	0,0	0,98
ágúst	-0,3	0,31
september	-0,3	0,29
Meðaltal háðrar breytu	0,1	
Staðalfrávik í aðfallsgreiningu	0,3	
Summa fervika	82,6	
log(líkindi)	-276,6	
Afmarkað log(líkindi)	-321,3	
LR-tala	89,5	
líkindi	0,0	
Staðalfrávik	0,32	

Tafla C.4 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem lætur af störfum.

<b>Háð breyta: Hættir störfum</b> <b>Tími:1993:1-2003:12</b> <b>Aðferð: ML - Probit</b> <b>Athuganir sem voru með: 32.030</b>		
Breyta	Stuðull	p-gildi
fasti	-0,8	0,02
LOG(fyrri tekjur)/ LOG(lágmarkslaun)	-2,3	0,00
Kona	-0,3	0,19
LOG(aldur)	-0,5	0,00
Kona*LOG(aldur)	0,1	0,21
gift	0,1	0,10
Gift*kona	-0,2	0,01
Bætur	-0,1	0,00
LOG(starfsreynsla(-1))	-0,1	0,00
LOG(starfsreynsla sama (-1))	-0,1	0,00
LOG(leitni)	0,5	0,00
LOG(fjöldi í fyrirtæki(-1))	0,0	0,00
desember	0,9	0,00
nóvember	0,0	0,92
janúar	0,2	0,01
febrúar	0,0	0,86
mars	0,0	0,65
apríl	0,2	0,00
maí	0,3	0,00
júní	0,2	0,00
júlí	0,2	0,02
ágúst	0,5	0,00
september	0,4	0,00
Meðaltal háðrar breytu	0,1	
Staðalfrávik í aðfallsgreiningu	0,2	
Summa fervika	1514,1	
log(líkindi)	-5884,3	
Afmarkað log(líkindi)	-6642,5	
LR-tala	1516,4	
líkindi	0,0	
Staðalfrávik í háðri breytu	0,2	

Tafla C.5 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem missir vinnuna.

<b>Háð breyta: Missir vinnu</b> <b>Tími:1993:1-2003:12</b> <b>Aðferð: ML - Probit</b> <b>Athuganir: 31.817</b>		
Breyta	Stuðull	p-gildi
LOG(fyrri tekjur)/ LOG(lágmarkslaun)	-2,6	0,00
fasti	-1,6	0,10
kona	1,0	0,12
LOG(tölugildi(aldur- 45))	0,0	0,72
LOG(aldur)	0,5	0,00
kona*LOG(aldur)	-0,4	0,06
gift	-0,5	0,00
gift*kona	0,3	0,05
LOG(starfsreynsla)	0,2	0,00
LOG(starfsreynsla á sama stað)	-0,2	0,00
LOG(leitni)	-0,3	0,01
LOG(fjöldi í fyrirtæki)	0,0	0,22
desember	-0,3	0,19
nóvember	0,2	0,18
janúar	0,1	0,40
febrúar	0,2	0,35
mars	0,1	0,39
apríl	0,1	0,42
maí	0,2	0,22
júní	0,0	0,94
júlí	0,0	0,96
ágúst	0,1	0,47
september	0,0	0,79
Meðaltal háðrar breytu	0,0	
Staðalfrávik í aðfallsgreiningu	0,1	
Summa fervika	116,1	
log(líkindi)	-690,9	
Afmarkað log(líkindi)	-789,4	
LR-tala	197,0	
líkindi	0,0	
Staðalfrávik í háðri breytu	0,1	

Tafla C.6 Mat á jöfnu fyrir einstakling sem skiptir um starf.

<b>Háð breyta: skiptir um starf</b> <b>Tími:1993:1-2003:12</b> <b>Aðferð: ML - Probit</b> <b>Athuganir: 30.461</b>		
Breyta	Stuðull	p-gildi
Fasti	-2,0	0,07
LOG(fyrri tekjur(-1)/ LOG(lágmarkslaun(- 1))	-2,3	0,00
kona	0,0	0,98
LOG(aldur)	-0,9	0,00
kona*LOG(aldur)	0,1	0,83
gift	-0,1	0,63
gift*kona	0,1	0,66
bætur	0,1	0,31
LOG(starfsreynsla(- 1))	0,2	0,00
LOG(starfsreynsla á sama stað(-1))	-0,4	0,00
LOG(leitni)	0,6	0,00
LOG(fjöldi í fyrirtæki(- 1))	-0,1	0,00
desember	-0,3	0,08
nóvember	-0,2	0,24
janúar	0,8	0,00
febrúar	-0,3	0,18
mars	-0,4	0,03
apríl	-0,3	0,13
maí	-0,3	0,14
júní	0,1	0,66
júlí	-0,1	0,54
ágúst	-0,2	0,26
september	0,0	0,88
Meðaltal háðrar breytu	0,0	
Staðalfrávik í aðfallsgreiningu	0,2	
Summa fervika	725,7	
log(líkindi)	-3312,9	
Afmarkað log(líkindi)	-3548,2	
LR-tala	470,6	
líkindi	0,0	
Staðalfrávik í háðri breytu	0,2	

## 6 Heimildir

Alda Sigurðardóttir (2004): *Spegillinn*. Ríkisútvarpið, Rás 1, 19. maí.

Árni Leósson, samtal 26. apríl 2004.

Ásgeir Jónsson, Ásta Herdís Hall, Gylfi Zoëga, Marta Skúladóttir og Tryggvi Þór Herbertsson (2001): *Tekjuskipting á Íslandi. Þróun og ákvörðunarvaldar*. Haustskýrsla 2001 B01:02. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Blinder, A.S. (1991): *The Challenge of High Unemployment*. Í Reynolds, Masters og Moser (ritstj.): *Labor Economics and Labor Relations*, 5. útgáfa. Englewood Cliffs: Prentice Hall.

Bosworth, D., P. Dawkins og T. Stromback (1996): *The Economics of the Labour Market*. Harlow: Addison Wesley Longman Ltd.

*Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar* ýmis ár. Reykjavík: Kjararannsóknarnefnd.

Hagstofa Íslands (1994): *Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95*, 2. útgáfa. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands (2004): Gögn sótt á vef Hagstofunnar: <http://www.hagstofan.is>.

Layard, R., S.Nickell og R. Jackman (1991): *Unemployment: Macroeconomic Performance and the Labour Market*. Oxford: Oxford University Press.

Light, A. (2002): *Gender Differences in the Marriage and Cohabitation Income Premium*. Working Paper no. 03-04. Columbus: The Ohio State University Department of Economics.

Machin, S. og A. Manning (1999): „The Causes and Consequences of Longterm Unemployment in Europe.“ Í Ashenfelter og Card (ritstj.): *Handbook of Labor Economics, Volume 3C*. Amsterdam: Elsevier.

*Morgunblaðið* (2004). Reykjavík: Morgunblaðið

Newbold, P. (1995): *Statistics for Business and Economics*, 4. útgáfa. Upper Saddle River: Prentice Hall.

Richardson, K. (2000). *The evolution of the marriage premium in the Swedish labor market 1968-1991*. IFAU Working Paper Series no. 2000.4. Uppsala: IFAU.

Stefán Ólafsson (1990): *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum*. Reykjavík: Iðunn.

Thomas, R.L. (1997). *Modern econometrics: an introduction*. Harlow: Pearson Education Ltd.



## Þjónustuskýrslur

---

- C90:01 Orkuverð á Íslandi
- C91:01 Gengisstefna í opnu smárki
- C91:02 Efnahagssamvinna Evrópuþjóða og hagstjórn á Íslandi
- C91:03 Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–1989
- C91:04 Fjármagnsmarkaður og hagstjórn
- C91:05 Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla
- C91:06 Ákvæðisvinna og hlutaskipti í opinberum rekstri
- C91:07 Verðmyndun og þróun matvöruverðs á Íslandi
- C92:01 Áætlun um sparnað á árinu 1992
- C92:02 Framkvæmdir og verktakar
- C92:03 Starfsmenntun og atvinnulífið
- C92:04 Samanburður á heilbrigðisútgjöldum: Fyrri hluti
- C92:05 Neytendur, GATT og verðlag landbúnaðarafurða
- C92:06 Hagkvæmni sameiningar stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- C92:07 Fiskveiðar: Verðmæti og afkoma
- C92:08 Þjóðhagsleg arðsemi menntunar
- C92:09 Þjóðhagslegur ávinningur Hvalfjarðarganga
- C92:10 Mat á þjóðhagslegum ábata almenningsvagna, framhaldskönnun
- C92:11 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja
- C92:12 Tjónabifreiðar
- C93:01 Rekstur innlánsstofnana á Íslandi
- C93:02 Tannlæknadeild og arðsemi tannlæknamenntunar
- C93:03 Stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað
- C93:04 Bókaútgáfa á Íslandi árin 1987–1992
- C93:05 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja (II)
- C93:06 Fiskvinnsla: Vinnlustöðvar, framleiðsla og útflutningur
- C93:07 Er hagkvæmt að taka upp þrípróf fyrir þungaðar konur?
- C93:08 Útgjöld íslenskra ferðamanna erlendis: Tímabilið október til desember árið 1992
- C93:09 Spálíkan fyrir nokkrar mikilvægar þjóðhagsstærðir, til skamms tíma
- C93:10 Verðnæmi eftirspurnar í innanlandsflugi: kostnaður, verðlagning og afkoma
- C94:01 Staða bílgreinarinnar í íslensku efnahagslífi
- C94:02 Sameining orkufyrirtækja í Borgarfirði
- C94:03 Keflavíkurflugvöllur: Tekjuöflunarleiðir og markaðssetning
- C94:04 Ísland og Evrópusambandið
- C95:01 Kostnaður vegna umferðarslysa 1993
- C95:02 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1993
- C95:03 Investment Opportunities in the Baltic States
- C95:04 Sex matarkörfur
- C95:05 Forathugun vegna könnunar á flutningum eftir vegkerfinu
- C95:06 Kostnaður við Lánasjóð íslenskra námsmanna og eiginfjárstaða sjóðsins um áramót 1994–1995
- C95:07 Samanburður á niðurstöðum OECD-skýrslu og skýrslu Hagfræðistofnunar H.Í.
- C95:08 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1994
- C95:09 Framreikningur heilbrigðisútgjalda
- C96:01 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 1
- C96:02 Greining arðsemi vetrarþjónustu Vegagerðarinnar
- C96:03 Kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi
- C96:04 Nýjar aðferðir við áhættustjórnun í bankakerfinu: Tillögur um undirbúning og framkvæmd
- C97:01 Staðsetning Reykjavíkflugvallar
- C97:02 Menntun, mannauður og framleiðni
- C97:03 Forathugun á skipulagi samgöngumála
- C97:04 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 2
- C97:05 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1995
- C97:06 veiðigjald og skattbyrði byggðarlaga
- C97:07 Kynslóðareikningar fyrir Ísland
- C97:08 Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar
- C97:09 Framleiðni innan atvinnugreina á Íslandi 1973–1994: Samanburður við Danmörku og Bandaríkin

C98:01 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 3  
C98:02 Atvinnuáhrif vegna Reykjavíkurlflugvallar  
C98:03 Eftirspurn eftir innanlandsflugi  
C98:04 Tölfræðilegar aðferðir við fasteignamat  
C98:05 Fjármögnun Sundabrautar  
C98:06 Framfærslukostnaður og lögheimilisflutningar íslenskra námsmanna  
C98:07 Kostnaður vegna sjóslysa á Íslandi  
C98:08 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Upplýsingar um samgöngur á Íslandi  
C98:09 Yfirlit yfir ritaðar heimildir um hagnýtingu náttúruauðlinda og gjaldtöku fyrir nýtingu þeirra  
C98:10 Tölfræðileg greining á alvarlegum umferðarslysum á Íslandi 1970–1997  
C98:11 Fjármögnunarleiðir heilbrigðisþjónustu  
C99:01 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Forgangsröðun hafnarframkvæmda  
C99:02 Áhrif kvótaeignar á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja  
C99:03 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 4  
C99:04 Kostnaður vegna slysa á börnum á Íslandi  
C99:05 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Áfangaskýrsla nr. 1  
C99:06 Implications of Responsible Post Harvesting Practices on Responsible Fishing  
C99:07 Discarding Catch at Sea  
C99:08 Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í Danmörku  
C99:09 Kjaravísitölur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, 1990–1999  
C99:10 Framleiðni íslenskra atvinnuvega  
C99:11 Þjónustugjöld í flugi  
C00:01 Vöruflutningar á íslenskum þjóðvegum  
C00:02 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 5  
C00:03 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Samgöngur á Íslandi í lok 20. aldar  
C00:04 Retirement in the Nordic Countries: Prospects and Proposals for Reform  
C01:01 Reykjavíkurbíll; Efnahagslegt vægi og umhverfi  
C01:02 Greinargerð um efnahagslega og samfélagslega þætti matskýrslu um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar  
C01:03 Greinargerð um efnahagslega og samfélagslega þætti matskýrslu um álver í Reyðarfirði  
C01:04 Auðlindagjald og skatttekjur ríkisins  
C01:05 Fjárstreymi í samgöngum  
C02:01 Stytting grunn- og framhaldsskóla  
C02:02 Auðlindagjald og skatttekjur ríkisins  
C02:03 Samkeppnisstaða land- og sjóflutninga  
C02:04 Kostnaður og ábati kerfisbundinnar skimunar eftir krabbameini í ristli og endaparmi  
C03:01 Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni  
C03:02 Aðstæður á sementsmarkaði á Íslandi  
C03:03 NA  
C03:04 Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000  
C03:05 Áhrif siglinga á Jökulsám á atvinnu í Skagafirði og þjóðarhag  
C03:06 Áhrif rýmri veðheimilda Íbúðalánasjóðs á húsnæðisverð og hagstjórn  
C03:07 Menntareikningar  
C03:08 Flug- og ferðþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurlflugvelli  
C04:01 Eftirlitsiðnaðurinn á Íslandi – kostnaður og ábati  
C04:02 Mat á þjóðhagslegri hagkvæmni Vestmannaeyjaganga  
C04:03 Samanburður á matvælavæði á Íslandi, Norðurlöndunum og ríkjum Evrópusambandsins  
C04:04 Hagræn stefnumótun fyrir Húnaþing vestra  
C04:05 Áhrif forvarnargjalds á sykur á vísitölu neysluverðs  
C04:06 Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif  
C04:07 Kostnaðargreining heilbrigðisþjónustu  
C04:08 Hvernig skal ákvarða hagræðingarkröfu fyrir dreifiveitur á Íslandi  
C04:09 Hagstærðir VR – Skýrsla um þróun félagafjölda, launa, atvinnuleysis og tekjudreifingar á árunum 1987-2003

## Rannsóknarskýrslur

---

- R93:01 Utvärdering av Vestnordefonden
- R93:02 Framleiðni fyrirtækja
- R94:01 Small National Markets in Transition: The Case of Iceland
- R94:02 The Icelandic and the Faroese Economies: A Comparison of the Fishing Sectors
- R94:03 Energy Demand in Iceland
- R94:04 Input-Output Model for the Electricity Supply Industry in Iceland
- R95:01 Trade Between Iceland and the Soviet Union 1953-1996: Rise and Fall of Barter Exchange
- R96:01 Savings, Risk Diversification, and Economic Growth in Iceland
- R97:01 Infrequent Trading and the Stock Index: A Kalman Filter Approach to Estimation
- R97:02 Stúdentar af hugsjón?
- R98:01 Vinnumarkaðurinn og EMU
- R98:02 Um ávöxtun og núvirðingu
- R98:03 Þjóðhagslíkan Hagfræðistofnunar: Áfangaskýrsla nr. 1
- R99:01 Reassessing Iceland's Public Sector Pension Liabilities
- R00:01 Retirement in the Nordic Countries
- R00:02 Þróun kynslóðareikninga fyrir Ísland milli árána 1994 og 1998
- R00:03 Stjórnun fiskveiða á Íslandi
- R01:01 Demographic change in Iceland and its impact on the social security system and health care expenditure
- R01:02 Íslendingar og ófarirnar í raforkumálum í Kaliforníu
- R01:03 The electricity supply industry in Iceland
- R03:01 Mat á þjóðhagslegum kostnaði vegna líkamstjóns í umferðarslysum
- R03:02 Efnahagslegar afleiðingar Kyoto – íslenskar atferlisjöfnur
- R03:03 Economic Performance of the North Atlantic Fisheries
- R03:04 Framleiðni og tæknibreytingar. Samanburður á þremur tegundum kostnaðarfalla
- R03:05 Uptaka Evru og vextir á Íslandi
- R03:06 Monetary Transmission and Monitoring of the Real Economy in Uganda
- R04:01 Wetlands in Iceland: An overview and future perspectives
- R04:02 Arðsemi menntunar á Íslandi

## Bækur

---

- B92:01 Peningar og gengi: Greinasafn um hagstjórn og peningamál á Íslandi, Guðmundur Magnússon
- B95:01 Ísland og Evrópusambandið: Skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands
- B97:01 Frjálsræði í efnahagsmálum: Ársskýrsla 1997
- B99:01 Sources of Economic Growth, Tryggvi Þór Herbertsson
- B99:02 Individual Transferable Quotas in Theory and Practice, Ragnar Árnason og Hannes Hólmsteinn Gissurarson (ritstj.)
- B00:01 Velferð og viðskipti: Um eðli og orsakir viðskiptahalla
- B00:02 Macroeconomic Policy. Iceland in an Era of Global Integration:, Már Gudmundsson, Tryggvi Thor Herbertsson, and Gylfi Zoega (eds.)
- B01:01 Tax competition. An Opportunity for Iceland? Hannes H. Gissurarson, Tryggvi Thor Herbertsson
- B01:02 Tekjuskípting á Íslandi. Þróun og ákvörðunarvaldar. Haustskýrsla 2001. Ásgeir Jónsson, Ásta Herdís Hall, Gylfi Zoega, Marta Skúladóttir, Tryggvi Þór Herbertsson
- B02:01 Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi. Haustskýrsla 2002. Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson
- B03:01 Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni
- B03:02 Fjármögnun og rekstur heilbrigðisþjónustu. Haustskýrsla 2003. Axel Hall, Sólveig F. Jóhannsdóttir